


ARI PÁLL KRISTINSSON

HANDBÓK  
UM MÁLFAR  
Í TALMIÐLUM



Málvísindastofnun Háskóla Íslands

# Handbók um málfar í talmiðlum



**Ari Páll Kristinsson**

**Handbók  
um málfar  
í talmiðlum**

**Málvísindastofnun Háskóla Íslands  
1998**

© Ari Páll Kristinsson 1998  
Hönnun bókarkápu: Ingibjörg Eypórsdóttir  
Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík  
2. prentun 2000

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands.

ISBN 9979-853-42-5

## EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	3
<b>I. hluti: Málnotkun í talmiðlum</b>	7
<i>Málið er mikilvægasta tæki fjölmiðlafólks</i>	7
<i>Málsamfélag og fjölmiðlar</i>	9
<i>Tal­miðlar og ritmiðlar</i>	15
<i>Tal­miðlar kalla á önnur málsnið en ritmiðlar</i>	16
<i>Að vera áheyrilegur</i>	20
<i>Vandað og óvandað málfar</i>	26
<i>Til minnis fyrir upplestur</i>	36
<i>Upphitunaræfingar</i>	38
<i>Framburður</i>	39
<i>Mál í talmiðlum</i>	43
<i>Talmál – Ritmál</i>	48
<i>Talmál – Ritmál – Mál í talmiðlum</i>	50
<i>Með eða án handrits</i>	52
<i>Fréttaskrif</i>	54
<i>Hjálpargögn íslenskra málnotenda</i>	63
<i>Heimildir</i>	68
<b>II. hluti: Vandað málfar</b>	73
<i>Skrá til leiðbeiningar um einstök málfarsatriði</i>	73

„Áður náði mannsróddin aldrei nema til þeirra, sem viðstaddir voru, í hæsta lagi til nokkurra þúsunda á mannfundum, þar sem hljóðbærast var. Nú nær hún til miljónanna, víðsvegar um heim. Hver, sem rafeyra (viðtæki) hefir, hann heyrir. Með þessum hætti getur einstaklingshugsun á svipstundu orðið almenningseign, og þó miklu innilegar en áður, því að í röddinni er persónuháttur þess, er talar.“

Guðmundur Finnbogason. 1934. Útvarpið.  
*Skírnir*, CVIII. ár, bls. 1.

## FORMÁLI

Með orðinu *talmiðlum* í bókartitli er átt við fjölmiðla sem (m.a.) senda út talað mál en það á við um flestar ef ekki allar útvarps- og sjónvarpsstöðvar hér á landi (en hlutfall talaðs máls er reyndar misjafnt í þeim).

Orðið *talmiðlar* er því hér í reynd notað í sömu merkingu og orðið *ljósvakamiðlar* sem oftast hefur verið notað sem sameiginlegt heiti um útvarp og sjónvarp (sbr. sænska orðið *etermedierna*). Höfundur kýs að sneiða hjá orðinu *ljósvakamiðlar* í þessu riti. Orðið *talmiðlar* er miklu styttra orð og liprara í allri notkun en *ljósvakamiðlar* og í því er lögð áhersla á talið en það er meginviðfangsefni þessarar bókar. Orðið *talmiðlar* lýsir þeirri hugsun að átt sé við fjölmiðla sem (m.a.) senda út talað mál. (Það gætu verið til ljósvakamiðlar þar sem alls ekkert talað mál er sent út en þeir koma ekki við sögu í þessu riti.)

Í því sem hér fer á eftir er yfirhugtakinu *fjölmiðlum* því skipt í *talmiðla* og *ritmiðla*.

Fjölmiðlar og aðrir upplýsingamiðlar þróast og kröfur markaðarins breytast. Núna virðist vera áhugi á því að geta pantað t.a.m. fréttir eða annað dagskrárefni með aðstoð tölvu og hlustað á það á þeim tíma sem hverjum neytanda hentar. Talgervlar geta breytt rittáknum í hljóðbylgjur sem eyrað nemur í líki talaðs máls. Vonandi nýtist efni þessarar bókar fleirum en þeim sem starfa að útvarps- og sjónvarpssendingum í hefðbundnum skilningi enda er hér á eftir talsverð almenn umfjöllun um talað mál án nálægs viðmælanda sem sérstakt fyrirbæri í málsamfélaginu. Margt af því sem hér stendur getur átt við um fleiri upplýsingamiðla sem byggjast á þessari tegund málnotkunar, svo sem geisladiska, hljóðbönd, Netið eða aðra hljóðmiðla.

Talmiðlar geta haft áhrif á málþróun enda er málið aðalverkfæri þeirra. Stundum er reyndar fjallað sérstaklega um íslenskt mál (sögu þess, notkun, breytileika í máli, orðatiltæki og ýmislegt fleira) í íslenskum tal- og ritmiðlum enda virðist vera markaður fyrir slíkt



efni til fræðslu og skemmtunar meðal Íslendinga. En það skiptir miklu meira máli fyrir framtíð íslenskunnar hvort og hvernig hún er notuð í fjölmiðlunum en hvað þar er sagt um hana.

Framtíð íslenskunnar getur meðal annars ráðist af því að íslenskir fjölmiðlar leitist við að fylgja íslenskri málstefnu. Sú stefna byggist á tveimur höfuðþáttum eins og kunnugt er. Annar þeirra er að varðveita málið, þ.e. málkerfið, orð og orðasambönd, eins og hægt er í þeirri mynd sem það er nú, einkum í því skyni að viðhalda samhenginu í íslensku ritmáli. Hinn þátturinn er efling málsins til að það nýtist sem best í nútímanum, þ.e. að búa til ný orð og orðasambönd sem núna eiga við, þó þannig að það brjóti ekki í bága við hefðina; enn fremur að styrkja hvers kyns menningarstarfsemi á íslensku og styrkja trú uppvaxandi kynslóðar á að móðurmálið sé besta málið sem hún á vól á. Opinber stefna í þessum efnum er vitaskuld lítils virði nema hún eigi sér hljómgrunn meðal þjóðarinnar en það er í höfuðatriðum samstaða um þetta stefnumið í þjóðfélaginu enda þótt menn kunni stundum að greina á um leiðir. Íslenskir fjölmiðlar geta sem sé haft til hliðsjónar tiltölulega skýrt takmark og alls konar hjálpargögn hafa verið gefin út sem vísa starfsmönnum þeirra leiðina að markinu og auðvelda þá för.

Á hverjum degi má sjá og heyra í fjölmiðlum margt í málfari sem betur mætti fara en ósanngjarnt væri að halda því fram að það stafaði ávallt af því að góðan ásetning vantaði. Því er stundum haldið fram að fjölmiðlar kenni þjóðinni vont mál án þess að slíkum staðhæfingum fylgi sérstakur rökstuðningur. Sumir íslenskir fjölmiðlar leggja sig raunar fram um að bæta málfarið á efni sem til þeirra berst og stærstu fjölmiðlarnir vinna trúlega meira málræktarstarf en flestum er ljóst. Ég get aðeins talað af eigin reynslu um Ríkisútvarpið 1993-1996 en þar var töluverð umræða um málnotkun og málfar. Fleira má benda á, t.d. er oft hvatt til dáða í málfarsefnum í ritstjórnargreinum í Morgunblaðinu auk þess sem í blaðinu birtast oft fréttir og önnur skrif og umfjöllun um hvað eina sem snertir mál og málrækt. Mér er auk þess kunnugt um að fleiri blöð og talmiðlar kosta til yfirlestrar á efni fyrir birtingu, a.m.k. að hluta til, og sums staðar eru gerðar sérstakar málfarskröfur til nýrra starfsmanna.

Íslenskir fjölmiðlar sinna málrækt þó líklega einkum með því að vera til og vera farvegur á hverjum degi fyrir mjög mikla og nútímalega íslenska málnotkun. Haldi einhver að íslensk tunga sé gamaldags og dugi ekki í nútímanum ætti hann að hlusta á eins og einn fréttatíma eða lesa eins og eina síðu í dagblaði og veita eftirtekt nýlegum orðum og nýlegu orðalagi. Það er einfaldlega staðreynd að á hverjum einasta degi eru Íslendingar að tjá sig á íslensku um hvað sem er milli himins og jarðar. Jafnframt því að vera trúir íslenskri málhefð verða fjölmiðlar að hyggja að því að efni og frásagnir séu á lipurri og auðskiljanlegri íslensku. Öðruvísi getur íslenska framtíðarinnar ekki orðið þjóðareign.

Þessari bók er einkum ætlað að hjálpa starfsmönnum talmiðla að glöggva sig á megineinkennum máls í talmiðlum og benda þeim á leiðir til að nýta sem best þetta aðalverkfæri hvers fjölmiðlamanns. Í fyrri hluta bókarinnar er fjallað almennt um efnið í fjórtán stuttum köflum auk tveggja ritaskráa. Síðari hluti ritsins er stafrófsröðuð skrá með leiðbeiningum um vandað málfar, þ.e. málfar sem telja má við hæfi í málsniðum vandaðs talaðs máls í talmiðli.

Bókin var að mestu leyti sett saman sumarið 1998. Að hluta til er stuðst við eldri skrif mín um efnið og reynslu mína sem málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins 1993-1996. Ýmsar hugmyndir um talmiðlamál sem sérstaka tegund málnotkunar eru sóttar í rit eftir Wenche Vagle (1990 og 1991). Kaflinn um fréttaskrif sækir dálítið til greinar eftir Jaakko Heino í bæklingnum *Röst och språk* (1994). Að öðru leyti skal vísað til heimildaskráar í lok I. hluta.

Lýðveldissjóður styrkti gerð þessarar handbókar (ásamt athugun sem ég hef gert á málfari í íslenskum talmiðlum). Framlög Lýðveldissjóðs eru hér þökkuð. Eiríkur Rögnvaldsson prófessor las handrit að I. hluta ritsins og kom með ýmsar gagnlegar ábendingar. Jón G. Friðjónsson prófessor las handrit að II. hluta og gerði góðar athugasemdir (ég vil sérstaklega þakka honum fyrir að láta mér í té dæmi um beygingarsamræmi með samsettu frumlagi og ábendingu um sagnasambandið *vera að gera eitthvað*). Sigríður Árnadóttir fréttamaður las yfir kaflann um fréttaskrif og var mjög ráðholl. Öllum framantöldum færi ég bestu þakkir um leið og ég minni á að höfundur ber einn ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Ég þakka



ARI PÁLL KRISTINSSON

Hallgrími Helgasyni rithöfundu og Margréti E. Jónsdóttur fréttamanni fyrir að fá að birta efni eftir þau. Einnig þakka ég Málvísindastofnun Háskóla Íslands, ekki síst Áslaugu Marinósdóttur, og Ingibjörgu Eypórsdóttur, sem gerði bókarkápu, fyrir gott samstarf við útgáfuna. Síðast en ekki síst vil ég þakka eiginkonu minni, Sigrúnu Þorgeirsdóttur málfræðingi, fyrir margvísleg ráð og hvatningu á ýmsum stigum verksins.

Í október 1998  
Ari Páll Kristinsson

## I. hluti

# Málnotkun í talmiðlum

### MÁLIÐ ER MIKILVÆGASTA TÆKI FJÖLMÍÐLAFÓLKS

Málið er langmikilvægasta tæki fjölmiðlamannsins. Aukin kunnátta í meðferð málsins skilar sér beinlínis í betra efni. Rækt við málið sýnir í senn fagmennsku starfsmanns, eðlilega kurteisi við hlustendur og virðingu fyrir venjum og óskum málsamfélagsins.

Þarna fara hagsmunir talmiðlanna saman við „hagsmuni tungunnar“: ef málfar í talmiðlum er til fyrirmyndar geta útvarp og sjónvarp í raun verið málræktartæki enda er málfar talmiðla sífellt stærri hluti af málheimi fólks.

Í venjulegu samtali tveggja manna er gagnvirkni, miðlun í báðar áttir. Þeir sem talast við fylgjast með viðbrögðum hvor annars í orðum og fasi og eru sífellt að meta og endurmeta framhald samtalsins. Viðbrögð geta bent til þess að viðmælandi sé þreyttur á umræðuefninu, skilji ekki það sem sagt er eða þá að hann vilji endilega fá meira að heyra. Fas og allar aðstæður eru sem sé hluti af venjulegum samtölum. En þegar tal er flutt milli fólks með hjálp t.d. síma, útvarps og sjónvarps fylgja þeirri tækni aðrar og auknar kröfur til sjálfs málsins.

Þeir sem ræðast við í síma eru í svipaðri stöðu og blindir eru í venjulegu samtali: þeir sjá ekki framan í viðmælandann en geta t.d. gripið fram í og metið og endurmetið samtalið jafnóðum, m.a. eftir raddblæ og öðrum viðbrögðum, og stjórnað því fyrir sitt leyti í hvaða átt samtalið stefnir.

Í útvarpi og sjónvarpi hefur þetta milliliðalaus samband við viðmælandann hins vegar alveg slitnað. Sá sem talar í talmiðli hefur annaðhvort alls ekki eða þá aðeins að mjög litlu leyti tök á að vita

hvort áheyrandi er með á nótunum og ekki getur hinn fjarstaddi hlustandi farið fram á skýringu samstundis á því sem hann kann að misskilja eða vera ósammála.

**Þetta veldur því að venjulegt talmál, eins og okkur er tamt að nota í samtölum við nærstaddan viðmælanda, er oft meira eða minna ónothæft í talmiðlum. Málfar í talmiðlum verður að bæta upp það sem skortir á málaðstæðurnar.**

Þetta er ekki alltaf auðvelt viðfangs. Mælandinn verður að ná athygli hlustandans – í útvarpinu gerist það með hljóðunum einum; í sjónvarpinu getur mælandi sjálfur beitt látbragði að einhverju leyti en eftir sem áður vantar mikið upp á þann tjáningarmáta sem við erum vön í venjulegum samtölum.

„Er eitthvað eftir?“ virðist vera ófullkomin spurning en er í raun fullnægjandi ef hún er sögð um leið og mælandi teygir sig eftir kaffikönnu. Aðstæðurnar bæta það þá upp að fyllri setning („Er eitthvað eftir af kaffi í könnunni?“) er ekki notuð.

**Mál í talmiðlum verður af þessum sökum dálítið líkara ritmáli enda verður ritmál einmitt til fjarri lesandanum líkt og mál í talmiðlum verður til fjarri hlustandanum.**

Í venjulegum samtölum einbeitum við okkur yfirleitt að umræðu-efninu og hyggjum ekki svo mikið að smáatriðum í málfari (þó að það komi nú fyrir líka). Sá sem er að hlusta á talmiðil er að því leyti óvirkur að hann þarf ekki sífellt að vera að velta því fyrir sér hvað hann skuli sjálfur segja næst og hefur því afgangs tíma og orku til að hlusta með meiri athygli eftir hvers konar smáatriðum í tali mælandans; m.a. til að veita eftirtekt ónákvæmni í máli hans, mál-villum, framburðarslappleika o.s.frv. Slíkar misfellar geta svo aftur orðið til þess að hlustandi tapar þræðinum ef hann fer að veita því meiri eftirtekt hvernig talað er en því hvað verið er að segja. Þessu er hins vegar einmitt öfugt farið í venjulegum samtölum.



„Útvarpsmaðurinn var kominn með fólk í viðtal sem var frá einhverjum samtökum sem áttu afmæli. Viðtalið hófst á því að útvarpsmaðurinn spurði hress:

„Svo ég byrji nú á að spyrja ykkur: Til hamingju með afmælið!“

Gestirnir áttu skiljanlega erfitt með svör svo okkar maður vatt sér bara beint í næstu spurningu:

„Og hvað hafið þið svo gert það sem eftir lifir dags?““

Hallgrímur Helgason. 1997. Íslenskar útvarpsraddir. *DV*, 19. ágúst 1997.

## MÁLSAMFÉLAG OG FJÖLMÍÐLAR

Starfsmenn talmiðla, sem flytja efni og semja efni til flutnings, ættu að hafa í huga að málfar þeirra við hljóðnemann þarf ekki að endurspeglar allt málfar sem hugsast getur í samfélaginu.

Íslendingar eru almennt ekki sinnulausir um málfar. Stór hluti þjóðarinnar gerir sér grein fyrir því í fyrsta lagi hve íslenskan er þjóðinni menningarlega dýrmæt og í öðru lagi að markviss notkun máls er einstaklingum og samfélaginu öllu til hagræðis á ýmsa lund. Auk þess að vera farvegur fyrir menningararfleifð milli kynslóða er málið samskiptatæki og það er því öflugra tæki sem málnotendur kunna betur með það að fara. Mikill orðaforði eykur möguleika manns til að tjá sig og skilja aðra. Sama máli gegnir um ótvíræða og skýra framsetningu í rituðu og töluðu máli.

Málnotkun í talmiðlum getur haft áhrif á málfar landsmanna utan talmiðla og ekki síst vegna hins mikla almenna áhuga landsmanna á málfari – sínu og náungans – þurfa talmiðlar að gera miklar kröfur í málfarsefnum. Slík viðleitni er reyndar hagkvæm fyrir þann talmiðil sem í hlut á því að hún styrkir ímynd hans og ætti að vera til þess

fallin að fjölga hlustendum. Það veldur því svo aftur á móti að fleiri auglýsendur geta talið viðkomandi talmiðil vænlegan kost.

Íslenskir fjölmiðlar geta verið veigamikil stoð í framkvæmd íslenskrar málstefnu. Það væri tómmt mál að tala um varðveislu og eflingu íslenskunnar ef ekki væri notuð íslenska í þeim talmiðlum sem mest er hlustað á og ef sú íslenska samræmdist ekki íslenskri málhefð að því er varðar beygingar, setningagerð, framburð o.s.frv.

Í hverju einasta málsamfélagi í heiminum ríkir einhvers konar málstefna, skráð eða óskráð. Það er í sjálfu sér liður í málstefnu þegar málnotendur á tilteknu landsvæði koma sér saman um að nota eitt tungumál en ekki annað. Einhvers konar samræmdar reglur og skráðar eða óskráðar venjur um meðferð máls (t.d. á opinberum vettvangi, við trúarathafnir eða í skólum) virðast fylgja öllum málsamfélögum. Ríkjandi málstefna er þá sú að slíkum reglum og venjum skuli fylgt. (Samræmdar stafsetningarreglur eru gott dæmi um skráðar reglur í mörgum málsamfélögum sem nota ritað mál.)

Á Íslandi er samband þjóðar, ríkis og tungu einkar einfalt. Langflestir íslenskir ríkisborgarar eiga íslensku að móðurmáli og mállýskumunur er hverfandi. Þjóðin getur því verið nokkurn veginn samtaka og Íslendingar virðast yfirleitt vera áhugasamir um að vernda og styrkja íslenskt mál. Mótun málstefnu er því að mörgu leyti einfaldara mál á Íslandi en víða annars staðar.

Íslensk málstefna ber engan árangur ef hún hlýtur ekki fylgi í málsamfélaginu. Ef almenningur, skólar, stjórnvöld, málfræðingar, fjölmiðlar og aðrir taka höndum saman má vænta árangurs við framkvæmd málstefnunnar.

Í ýmsum ríkjum getur verið mjög erfitt að skapa samstöðu um málstefnu og hún getur tengst sviptingum í stjórn-málum og togstreitu fólks af ólíku þjóðerni eða með mismunandi trú. Sums staðar eru fjölmargar og ólíkar mállýskur og ýmis dæmi eru um ríki þar sem talaðir eru tugir og jafnvel hundruð mismunandi tungumála. Þess eru dæmi að stjórnvöld hafi beinlínis stefnt að því að útrýma



máli eða málum í landi sínu – sem er ákveðin tegund af málstefnu.

**Íslensk málstefna byggist á tveimur höfuðþáttum, varðveislu málsins og eflingu þess.**

„Íslendingar hafa sett sér það mark að varðveita tungu sína og efla hana.

Með varðveislu íslenskrar tungu er átt við að halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar.

Með eflingu tungunnar er einkum átt við að auðga orðaforðann svo að ávallt verði unnt að tala og skrifa á íslensku um hvað sem er, enn fremur að treysta kunnáttu í meðferð tungunnar og styrkja trú á gildi hennar.

Varðveisla og efling eru ekki andstæður. Eðli málsins, formgerð þess og sérkenni eiga að haldast. En málið á að vaxa líkt og tré sem heldur áfram að vera sama tréð þótt það þroskist og dafni.“

Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. 1988.  
*Mál og samfélag*. Iðunn. Bls. 53.

**Varðveisla íslenskunnar:** Með varðveislu íslenskunnar er átt við alla viðleitni í þá átt að varðveita málið, þ.e. málkerfið, orð og orðasambönd, eins og hægt er í þeirri mynd sem það er nú. Megin-tilgangur varðveislunnar er að viðhalda því samhengi sem er í íslensku ritmáli frá upphafi. Íslendingar geta lesið sér til fróðleiks og skemmtunar það sem ritað hefur verið á íslensku frá því á 12. öld og hafa einsett sér að keppa að því að hin einstaka samfella í hinu rit-  
aða máli rofni ekki.

Ýmsar málbreytingar hafa raunar orðið frá upphafi til þessa dags en þar af eru hinar veigamestu í íslenska hljóðkerfinu; einkanlega hefur sérhljóðaframburður breyst mjög mikið frá upphafi byggðar á Íslandi.

Íslendingar eiga nú hljóðupptökur með töluðu máli frá því á fyrri hluta 20. aldar. Mjög mikið efni er því þegar varðveitt á því formi og á eftir að aukast. Ef Íslendingar leitast héðan í frá við að varðveita þann framburð sem nú tíðkast ættu komandi kynslóðir á næstu öldum að geta skilið það efni sem varðveitt er á hljóðböndum og diskum frá 20. öld.

**Efling íslenskunnar:** Með eflingu íslenskunnar er átt við allt sem miðar að því að íslenskt mál nýtist sem best í nútímanum, m.a. að búa til ný orð og orðasambönd sem núna eiga við, þó þannig að það brjóti ekki í bága við hefðir málsins í framburði, beygingum, orðmyndun og setningagerð, að styrkja hvers kyns menningarstarfsemi á íslensku, treysta kunnáttu Íslendinga í meðferð íslensks máls og styrkja trú á gildi móðurmálsins. Það sem hér var fyrst talið, að búa til ný orð, svonefnd nýyrði, er mjög áberandi og einkennandi þáttur í íslenskri málstefnu og er stundum talað beinlínis um nýyrðastefnu í því sambandi. Veigamikið atriði af sama toga er að þegar ekki eru notuð innlend orð heldur orð af erlendum uppruna, t.d. orðin *banani*, *keðja*, *planta*, *bíll* o.m.fl., séu þau aðlöguð eins og kostur er íslenskum framburði, stafsetningu og beygingum. Í því felst að þau mega ekki bera með sér erlend hljóð eða hljóðasambönd og þau verða að falla í einhvern þeirra beygingarflokka sem fyrir eru.

Flestir eiga auðveldast með að tjá skoðanir sínar og tilfinningar til fulls á móðurmáli sínu, „fyrsta máli“ sínu. Þau mál, sem við lærum síðar, í skóla eða annars staðar, verða yfirleitt ekki jafn samofin hugsunum okkar og tilfinningum og móðurmálið. Sagt er: „Á móðurmálinu get ég sagt það sem ég vil, á öðrum málum get ég sagt það sem ég kann.“ Móðurmál hvers og eins er því að jafnaði öflugasta tjáningartækið sem hann ræður yfir. Í síbreytilegum heimi er því dýrmætt að auðga það stöðugt og styrkja svo að móðurmálið nýtist okkur til fulls á öllum sviðum.

Þorri Íslendinga virðist vera í grundvallaratriðum sammála um helstu þætti íslenskrar málstefnu, þ.e.a.s. að Íslendingar haldi áfram



að tala íslensku og að þeir geti tjáð sig sem best á því máli. Menn kann að greina á um leiðir að þessu marki en samstaða má heita um grundvallaratriði. Opinber stefna í þessum málaflokki er í samræmi við þjóðarvilja eftir því sem næst verður komist. Nefna má líka að mörg íslensk fyrirtæki, þar á meðal fjölmiðlafyrirtæki, leggja á sig kostnað og fyrirhöfn til að vanda málfar og skapa ný orð af innlendum efniviði, þ.e. nýyrði. Það bendir til þess að fyrirtækin meti stöðuna þannig að almenningur á Íslandi telji málrækt gott, göfugt og mikilvægt stefnumál og því sé stuðningur við málvernd hluti af því að skapa fyrirtækjum góða ímynd meðal íslenskra neytenda.

„Mér verður alla æfi minnisstæð fyrsta kennslustund mín hjá honum [þ.e. Halldóri Kr. Friðrikssyni] í íslenzku. Við byrjuðum að lesa Njálu, 1. kapítula, og ég kom upp. ... Kennarinn lét mig útlista merkingu hvers orðs, eins og hann væri að kenna erlent tungumál. Komst ég klaklaust fram úr þessu, þar til ég átti að gera grein fyrir merkingu orðsins »vígr«. Hraustur, vopnfimur og eitthvað þvílíkt mun ég hafa látið uppi, en ekkert nægði. »Já, en hvað þýðir það *eiginlega*« eða »hver er *upprunalega* merkingin« sagði kennarinn í hvert sinn, sem ég hafði getið upp á einhverju, sem ekki var beinlínis rangt, en honum þótti ófullnægjandi. Þetta endaði með því að ég gafst upp. »Ja, það þýðir *eiginlega* »sá, sem *getur vegið*«, sérdu góí minn.« Þá »rann upp ljós fyrir mér«, svo sem okkur var títt að komast að orði. Þá vaknaði hjá mér meðvitundin um það, að latínan er ekki ein um það hefðarsæti að vera *rökmál*. Íslenzkan er skilgetin systir hennar. Ég vissi þá þegar full skil á því, að íþrótt latínunámsins er fremur öðru í því fólgin, að rekja eftir rökréttum reglum breytingar orðanna frá einni mynd til annarar og finna frændsemi þeirra hugsana, sem táknaðar eru með mismunandi myndum sama orðs og með skyldum orðum. En á þessu augnabliki vaknaði hjá mér meðvitundin um það, að íslenzkan býður iðkendum sínum upp á þessa sömu íþrótt. Þetta hefir mér orðið ljósara síðan, þótt lífið hafi fremur boðið mér önnur viðfangsefni, og ég því ekki tamið mér þessa íþrótt sem skyldi.“

Jón Þorláksson. 1932. Kennslan í lærða skólanum.  
*Skírnir*, CVI. ár, bls. 128.



**Áhrif fjölmiðla:** Fjölmiðlar og aðrir upplýsingamiðlar geta haft áhrif á málþróun í framtíðinni ekki síður en hingað til. Framtíð íslenskunnar getur meðal annars ráðist af því að íslenskir fjölmiðlar leitist við að fylgja þeirri málstefnu sem almennur stuðningur hefur hingað til verið við hér á landi.

**Málstefna í fjölmiðlum:** Margir fjölmiðlar virðast leitast við að vera trúir íslenskri málstefnu en í málnotkun fjölmiðla er að sjálf-sögðu breytileiki og eins er veigamikill munur á talmiðlum og ritmiðlum.

Ríkisútvarpið hefur markað sér nánar skilgreinda stefnu í málfarsefnum sem var samþykkt í útvarpsráði 13. september 1985. (Hana er m.a. að finna í Ársskýrslu Ríkisútvarpsins 1985 og í *Íslensku málfari* eftir Árna Böðvarsson, bls. 178-180.) Sú stefna byggist á höfuðmarkmiðum íslenskrar málstefnu en er nánari útfærsla á henni að því er snertir þarfir talmiðilsins. Meðal þess sem þar segir er að allt málfar í Ríkisútvarpinu eigi að vera til fyrirmyndar og allt sem frá stofnuninni kemur á vandaðri íslensku, flutt með góðum framburði.

**Breytileiki í málfari í fjölmiðlum:** Lesendur, hlustendur og áhorfendur láta alloft í sér heyra um málfar í fjölmiðlum. Kvartanir lúta raunar mjög oft að því að notað hafi verið annað orð eða orðalag eða beyging en þeim sem gerir athugasemdina er tamt. Eins og kunnugt er eru feikimörg dæmi um tilbrigði í málnotkun sem geta átt fullan rétt á sér, hvort heldur er í orðavali eða framburði, beygingum, orðaröð og setningagerð eða merkingu; það sem einhver kallar „rangt mál“ er oft einfaldlega tilbrigði í máli sem hann þekkir ekki sjálfur en á sér eigi að síður viðurkennda hefð í einhverjum landshluta, til dæmis, eða á einhverju notkunarsviði.

Þótt hér hafi verið rætt um íslenska málstefnu sem allir eða flestir aðhyllist þá er hún vitaskuld almennur rammi sem rúmar oft mörg tilbrigði í málnotkun. Á hverjum fjölmiðli verður síðan til í einhverjum atriðum nánari útfærsla á meginstefnunni og koma þar til ýmsar hefðir á hverri ritstjórn.

Margs kyns tilbrigði í málfari er þó ekki hægt að kalla vandað mál ef þar er brotið gegn hefðbundinni málnotkun með málvillum eða óþarfa slettum eða málið og framsetningin er of tyrfin.

„Þessir voru þulir bernsku minnar og aldrei vissi maður hvernig þeir litu út. Þá fékk dulúðin að sveipa útvarpsfólkið, ekki til síðs að auglýsa það í sjónvarpi. Maður eyddi að meðaltali í það tveimur tímum á dag að ímynda sér andlit þeirra. Þetta gekk svo langt að ég stóð í þeirri trú á tímabili að Jóhannes Arason æki leið 3 Nes-Háaleiti á milli þularvakta, blekking sem afhjúpaðist illilega einn daginn þegar þeir voru báðir á vakt, við stýrið og í litlu viðtæki ofan á mælaborðinu.

Af þessum þjóðsagnapulum er Ragnheiður Ásta Pétursdóttir ein eftir. Rödd hennar er annað og meira en rödd. Hún er stofnun. Eitt sinn í útvarpshúsi tók ég fyrir augun þegar ég heyrði hana koma fyrir horn. Annað hefðu talist helgispjöll í mínum huga.“

Hallgrímur Helgason. 1997. Íslenskar útvarpsraddir. *DV*, 19. ágúst 1997.

## TALMIÐLAR OG RITMIÐLAR

Nauðsynlegt er að hafa m.a. í huga að talmiðlar og ritmiðlar gera mismunandi kröfur til málsins.

**Ritmiðlar** gefa lesendum tækifæri til að melta flóknari setningar og framsetningu en talmiðlar því að hver og einn getur litið aftur á prentaðan texta og velt samhenginu fyrir sér á sínum hraða – en þetta þýðir auðvitað ekki að enginn þurfi að hugsa um að stíllinn skuli vera lipur og ljós í ritmiðli. Að vissu leyti má segja að ritmiðill leyfi í eðli sínu flóknari umfjöllun en talmiðill.



Talmiðil verður að umgangast svolítið öðruvísi en ritmiðil. Hlustendur eiga ávallt að geta haldið þræðinum án þess þó að farið sé út í öfgar í einföldun á framsetningu efnis. Þetta er oft býsna vandratað einstigi. En sannast sagna gera sér ekki allir nógu ljósa grein fyrir eðlismun talmiðla og ritmiðla og framsetning í útvarpi á það til að líkjast um of upplestri úr skýrslu eða grein sem skrifuð er með lesanda í huga fremur en hlustanda. Að vísu hjálpar til að þótt talað mál í útvarpi geti stundum verið bæði býsna formlegt og allt of „ritmálslegt“ er það jafnframt gjarna vandlega flutt svo að hlustandanum veitist auðveldara en ella að skilja samhengið.

Starfsmenn talmiðla verða að temja sér vandað talað mál í stað þess að beita dæmigerðu ritmáli; þeir eiga að *tala* við fólk – en ekki óskýrt, ekki hratt og ekki með flókinni setningagerð. Þeir þurfa ávallt að hafa í huga að hlustandinn getur ekki skoðað texta þeirra á blaði!

## TALMIÐLAR KALLA Á ÖNNUR MÁLSNIÐ EN RITMIÐLAR

Málnotendur þurfa að geta skipt um málsnið eftir því hvert tilefnið er, við hvaða aðstæður þeir tala og við hvern eða hverja þeir tala.

Ekki má heldur gleyma því að sjálft umræðuefnið kann að hafa áhrif á það hvers konar málsnið verður fyrir valinu. Samband mælanda og viðmælanda ræður miklu um val málsniðs, stundum þekkjast þeir náíð, stundum þekkjast þeir ekki neitt fyrir og eru stundum ekki einu sinni staddir á sama stað.

Hugtakið *málsnið* er best að útskýra með því að taka dæmi.

Við tökum öðruvísi til orða í óformlegu spjalli en við myndum gera t.d. í blaðagrein. Þegar sagt er: „Bölvuð bílastybban er að kæfa mann hérna í bænum“ birtist

annað málsnið en í setningu á borð við þessa: „Mengun vegna útblásturs bifreiða á höfuðborgarsvæðinu veldur óþægindum í öndunarfærum margra.“

Efniskjarni þessara setninga er í stórum dráttum hinn sami en málsniðið er mismunandi. Orðaval og orðalag gerir seinni setninguna mun formlegri og ópersónulegri en hina fyrri. Fyrri setninguna gætum við hugsanlega rekist á í viðtali t.d. í dægurmálaþætti en þá seinni t.a.m. í ritaðri skýrslu – og reyndar í vissum dagskrárliðum í talmiðlum, t.d. í fréttatímum.

Mál í útvarpi má ekki vera of líkt dæmigerðum ritmálsstíl og er á hinn bóginn ekki sama eðlis og hversdagslegt talmál í venjulegum samtölum. Um þetta var áður rætt fremst í þessum bókarhluta. Aðstæður kalla á sérstaka tegund máls. Segja má að sú tegund, **talað mál án nálægs viðmælanda**, sé þriðja höfuðtegund máls í samfélaginu, auk „venjulegs“ talmáls og „venjulegs“ ritmáls (sjá m.a. næsta kafla og kaflann Mál í talmiðlum). Það er oft betur undirbúið og nákvæmara en hversdagslegt talmál en er á hinn bóginn liprara í munnri en dæmigert ritmál vill verða. Æskilegt mál í útvarpi og sjónvarpi er vandað talað mál sem hvorki er með hreinum talmáls- né ritmálsstíl í venjulegum skilningi.

Gerðar hafa verið svolitlar athuganir í Svíþjóð á því hvernig hlustendum gengur að skilja mál í útvarpi og niðurstöðurnar benda til þess að hlustendur skilji ekki alltaf hvað sumir útvarpsmenn eru að fara. Stundum getur það stafað af því að notaðar eru flóknar og langar setningar eða handriti er hagað eins og það sé ætlað til birtingar á prenti en alls ekki til flutnings í útvarpi.

Mikilvægur þáttur í samskiptahæfni okkar er að kunna að skipta um málsnið. Sjónvarpsfréttapulur notar væntanlega allt annað málsnið í eldhúsinu heima hjá sér en þegar hann les fréttir í myndverinu. Þá hefur hann skipt um málsnið rétt eins og fót. Í eldhúsinu getur hann sagt heimilisfólki sínu frá sömu atburðum og hann greinir áhorfendum frá í sjónvarpinu en hann notar líklega oft annað orðalag og orðaval. Dæmigert samband mælanda og viðmælanda er einmitt að jafnaði annað á heimilum (þeir þekkjast yfirleitt fyrir, stundum náíð,



og eru báðir á sama stað) en í fjölmiðlum (vegna aðstæðna kemur aðeins einstefnumiðlun til greina og mælandi þekkir ekki nema lítinn hluta af viðmælendunum).

**Verulegur munur er oft á málsniði talmáls og ritmáls. Talmál virðist oft brotkennt en það getur m.a. stafað af því að oft er vísað til aðstæðna sem mælandi og viðmælandi þekkja.**

Ritmál er oft heilsteyptara í sniði en talmál enda er slík „fjarlægð“ milli þess sem skrifar og lesandans að þörf getur verið á því að sjálf orðin flytji meiri upplýsingar en oft gerist í talmáli. (Að þessu var áður vikið.) Samt sem áður getur ritaður texti borið ýmis einkenni talmáls (t.d. kunningjabréf, handrit að leikritum og skjátextar með bíómyndum) og talað mál getur einnig verið býsna ritmálslegt (t.d. undirbúnar ræður, sumir dagskrárliðir í talmiðlum o.fl.).

Munur talmáls og ritmáls verður einkar sýnilegur þegar talað mál hefur verið skrifað upp frá orði til orðs og gerð grein fyrir öllu hiki, endurtekningum o.s.frv.

Lítum til fróðleiks á tvö dæmi um samtöl úr útvarpi. Hér skulum við veita eftirtekt ýmsum talmálslegum atriðum sem koma í ljós og alls ekki væri að vænta í venjulegu ritmáli.

(Fyrra dæmið er úr samtali í dægurmálþætti. Síðara dæmið er úr viðtali í fréttatíma. S merkir að málhafi er starfsmaður fjölmiðils. V táknar viðmælanda. A merkir karl. Ú merkir kona. 1, 5, 26 og 27 eru einstaklingsnúmer. = táknar örstutt hlé í tali. e táknar hik(sér)hljóð, mismunandi að hljóðgildi.)

#### Dæmi 1:

SA27 e minnti hann helst á á svona = e klass =

SÚ26 sumardag =

SA27 sumardag = við skulum vona að þeim = sækist

ferðin = vel og örugglega til til höfuðborgarinnar = nú e =

við nefndum hér afmælisbarn = Benjamin nokkurn

Franklin sem fann upp ruggustólinn = þökk sé honum

fyrir það = og = það má nefna = fleiri menn sem koma við

sögu á tuttugustu öldinni eins og = eins og mis-

indismanninn = gangsterinn = Alphonse Capone = öðru



nafni Al Capone = fæddur átján hundruð níutíu og níu =  
 ég veit ekki hverjir minnst þess = í dag en =  
 SÚ26 kannski ekki fæðingarárs allavega =  
 SA27 hann var nefndur scarfaceda = já vegna þeirra öra  
 í andliti andlitinu á honum sem voru svona samræmt = í  
 samræmi við = framferði hans e = á götunni eða í götunni  
 = hér og þar = vestur í Bandaríkjunum = örgrani = getum  
 við líklega nefnt hann =  
 SÚ26 örgrani =  
 SA27 er það ekki ágætt = eru þeir ekki nefndir rauðgrani  
 sem eru rauðir í framan =

Dæmi 2:

VA1 já það já það hefur orðið til þess skráfan hefur  
 stoppað og og = gír = e = gírinn = brotnað illa =  
 SÚ5 er skipið algjörlega vélarvana =  
 VA1 hann er algjörlega = vélarvana þarna =  
 SÚ5 hvernig er veðrið þarna úti =  
 VA1 mér er sagt að þarna sé núna = e = s =  
 austnorðaustan = sjö sjö vindstig = e =  
 SÚ5 er varðskipið þarna nálægt =  
 VA1 varðskipið var komið þarna strax í gærkvöld og er  
 búinn að vera þarna í nándinni = síðan að þetta gerðist =  
 SÚ5 hvernig = hvað verður gert = verður farið inn til  
 Noregs eða = e = hvaða hvaða kosti eigið þið

**Íslensk málstefna og mismunandi málsnið:** Mismunandi málsnið eru eðlilegur þáttur í allri málnotkun fólks, í öllum málsamfélögum. Því er eðlilegt að töluverður munur geti stundum verið t.a.m. á rituðu máli eða formlegu töluðu máli annars vegar og hversdagslegu óformlegu talmáli hins vegar.

**Dæmi:**

„Þú þarft ekki að taka þetta nærri þér, ég var einungis að gera að gamni mínu.“ „Góði besti, ekki vera svona úldinn, ég var bara að djóka.“

Ef þessi munur verður mikill getur ritmálið, sem tengir nútíma-íslensku við fyrri aldir, orðið fjarlægð fólki og að sama skapi stirt til daglegra nota.

Mismunandi málsnið geta komið skýrt fram í orðavali. Mörgum er t.a.m. tamt að nota „hreint“ íslenskt orð í formlegum stíl (hvort heldur er í ræðu eða riti) en samsvarandi tökuorð í hversdaglegri notkun eða óformlegum stíl (reyndar einkum í talmáli en síður í ritmáli). Ef mjög mikill munur verður á þeim málsniðum sem tömust eru mismunandi hópum í málsamfélaginu gæti einsleitni íslensks málsamfélags heyrð fortíðinni til og veikt mikilvægan þátt í framkvæmd íslenskrar málstefnu, þ.e. samstöðu málsamfélagsins um varðveislu málsins.

„Lítill orðaforði stafar ekki einungis af andlegri fátækt, heldur oft og tíðum af andlegri leti, menn nenna ekki að leita eða afla sér orða, heldur láta sér nægja að slöngva orðum, sem þeir vita, að ekki ná hugsuninni, sem fyrir þeim vakir, með athugasemdinni »eða hvað það nú heitir«. Hins vegar geta menn verið »tölugir«, þó að þeir kunni fá orð, alltaf sami grautur í sömu skál, upp aftur og aftur. Hver maður ætti að heyja sér orðgnótt með því að lesa þá höfunda, sem skarpasta og auðugasta höfðu hugsunina, en forðast þunnmetið eins og heitan eldinn.“

Guðmundur Finnbogason. 1932. Hugsun.  
*Skírnir*, CVI. ár, bls. 22-23.

## AÐ VERA ÁHEYRILEGUR

Í talmiðlum á best við að nota vandað talað mál sem beinist að reynslu venjulegra hlustenda. Þar á að fylgja íslenskri málhefð í framburði, beygingum og setningagerð, gæta að meðferð orða og orðasambanda og forðast óþarfar slettur úr erlendum málum. Málið á að vera auðskilið og talhraði hóflegur.

Ekki má vanmeta hæfni hlustenda til að skilja samhengi hlutanna en ekki heldur ofmeta þekkingu þeirra á málefnum sem er til umræðu hverju sinni.

„Meðan skynsemin situr við stýrið, er talið skýrt og nákvæmt, en þegar kenndirnar taka við stjórn, raskast nákvæmnin, og talið getur kafnað í stjórnlausu öskri. Yfirleitt má segja, að tilfinningar leiki meira á nótur tónanna, og troði fastar belg áherzlunnar, heldur en skynsemin, sem vinnur mest með nákvæmni talhljóðanna.

En ef skýrt og nákvæmt tal er fagurt, er þá mál tilfinninganna ljótt, þótt þar sé minna um skýrleikann? Stundum mundu menn kalla það ljótt, en ekki mundu menn þó vilja leggja það fyrir óðal. Og þeir, sem vilja ná fullu valdi á hinu volduga hljóðfæri, sem mannsröddin er, verða ekki síður að nema rödd tilfinninganna en hið slétta mál skynseminnar.“

Stefán Einarsson. 1934. Fagurt mál. Nokkrar hugleiðingar. *Skírnir*, CVIII. ár, bls. 136-137.

Stundum er sagt að í svokölluðu „stofnanamálfari“ sé einföldum og áþreifanlegum staðreyndum breytt í fjarlægt og illskiljanlegt orða-  
hröngl.

*Pabbi er að taka til*

breytist í:

*Faðir minn framkvæmir nú innanhússhreinlætisaðgerð.*

Nafnorðastíll, hálfvísindaleg tískuorð og hvers kyns málalengingar einkenna stofnanastíllinn svonefnda. Það er eitt af hlutverkum fréttu- og dagskrárgerðarmanna að breyta slíku málfari þannig að einfaldlega sé sagt það sem máli skiptir og hlustendur skilja undir eins, t.d. þetta:

*Pabbi er að taka til.*

Dæmi úr fréttum í talmiðli: „Lenging tímabils sauðfjárslátrunar hefur ýmsa kosti í för með sér.“ Þrjú fyrstu orðin eru sannkallað nafnorðahröngl. (Átt var við að það væri til bóta að sláturtíð hefði hafist fyrir en venjulega.)



Fleiri dæmi úr fréttum í talmiðli:

„Niðurgreiðslurnar fara eftir því magni landbúnaðarhráefnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru. Engar greiðslur fást þó ef magn hveðrar hráefnistegundar fer yfir sextíu prósent af heildarþunga vöru.“

„Umhverfisráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu að nítján metra há bygging þarna brjóti í bága við staðfest deiliskipulag og úrskurðar því að ákvörðun byggingarnefndar Hafnarfjarðar frá því í vor um að leyfa byggingu á Strandgötu 55 og samþykkt bæjarstjórnar á þeirri ákvörðun séu úr gildi felldar.“

Hvernig henta þessir textar málaðstæðunum?

Hafa verður í huga grundvallareðli talmiðla: það verður að gefa hlustendum færi á að tileinka sér efnið með hóflegum hraða og í hæfilegum skömmtum; þeir geta ekki spurt flytjandann nánar út í það sem þeir skilja ekki eins og hægt er í venjulegu samtali. Starfsmenn talmiðla verða stöðugt að hafa þessar forsendur hlustenda í huga.

Málfar í talmiðlum verður sem sé að vera annað en dæmigert ritmál. Þar með er ekki sagt að það ætti að vera eins og talmál er hversdagslega í samtölum. Málfar talmiðla verður oft m.a. að vera mun skýrara á allan hátt en hversdagslegt talmál, bæði í framburði og allri framsetningu, einmitt vegna þess að hlustandinn er í annarri aðstöðu en viðmælandi í venjulegu samtali sem getur haft áhrif á mælanda með fasi sínu eða spurningum.

Hlutverk máls í talmiðlum, einkum í útvarpi, er ekki aðeins að miðla upplýsingum heldur einnig andrúmslofti eða stemmningu þannig að hlustendur fái tilfinningu fyrir aðstæðum eða atburðum.

Þegar Jón Múli Árnason var kynnrir í beinni útsendingu frá símfóniútónleikum sagði hann ekki margt, talaði hægt og fremur lágum rómi, nánast eins og hlustandi væri sessunautur hans í Háskólabíói. Tónlistin var í aðalhlutverki og málæði óþarft.

Þegar Bjarni Felixson lýsir í útvarpi úrslitaleik í bikarkeppni í knattspyrnu, þar sem úrslit ráðast á síðustu mínútu, talar hann miklu hraðara og hærra en hann er annars vanur; annað væri ekki í samræmi við stemmninguna á vellinum.

Málfar í talmiðlum getur verið breytilegt eftir aðstæðum og dagskrárefni og er þá misjafnlega formlegt, hlutlægt og ópersónulegt. Lítum á nokkrar tegundir:

- upplestur á ritmálstexta (t.d. bókmenntatexta eða öðrum texta sem saminn var með það í huga að hann birtist á prenti)
- lesið handrit sem samið var til flutnings í talmiðli (t.d. í fréttum, veðurfréttum og mörgu öðru undirbúnu dagskrárefni)
- tal án samfellds handrits en með annars konar undirbúningi (t.d. hjá umsjónarmönnum spjall- og dægurmálapátta, spyrnum í viðtölum, þulum í hljóðstofu, stjórnendum umræðna)
- tal án þess að hægt hafi verið að búa sig undir það í smáatriðum (t.d. í beinum íþróttalýsingum, öðrum beinum lýsingum af vettvangi einhverra atburða, hjá viðmælendum í sumum tegundum viðtala)

Þessar mismunandi tegundir gera mismunandi kröfur til málnotkunar. Síðasttalda tegundin getur t.d. verið miklu óformlegri og persónulegri en hinar tvær fyrstu.

Munurinn kemur í íslensku skýrast fram í mismunandi orðavali og orðalagi (í sumum öðrum tungumálum gæti verið mikill munur á framburði). Lítum á eftirfarandi tvær setningar:

*Óvenjulítið hefur verið um bókanir í sumarleyfisferðir í ár.  
Fólk er lítið farið að spá í sumarfrí.*

Fyrri setningin gæti verið úr fréttahandriti en sú seinni t.d. úr dægurmálþætti þar sem fjallað væri um sömu staðreyndir og í fréttahandritinu en á annan hátt.

Af þessum sökum er varhugavert að halda að unnt sé að lýsa æskilegu málfari í talmiðlum í eitt skipti fyrir öll á einfaldan hátt. Þeir sem starfa við talmiðla vita að myndin er flóknari en svo.

Talað mál í útvarpi og sjónvarpi er þó, eins og áður segir, að jafnaði ekki nákvæmlega eins og hversdagslegt talmál. Samt sem áður er það talað mál og byggist því yfirleitt fremur á talmálslegri orðskipan en ritmálslegri.

*Hann er ekki lengi að þessu hann Jón*

er t.d. talmálslegri stíll en

*Jón er ekki lengi að þessu.*

Sá sem sankar að sér efniviði úr greinum, bókum, tilkynningum og skýrslum verður að hafa hugfast að orðalag ritmálsins hentar ekki alltaf vel í talmiðli. Oft er þó lítil munur á þessu, t.d. er erfitt að ímynda sér að nokkur hlustandi eigi erfitt með að skilja setninguna *Jón er ekki lengi að þessu.*

Aldrei má gleyma eðli talmiðilsins; forsendur hlustandans eru aðrar en lesandans sem ávallt getur rýnt aftur og betur í það sem hann skilur ekki í fyrstu atrennu.

Liður í því að auðvelda skilning á talmiðlaefni er t.d. að brjóta stíð, löng fallorðasambönd upp með einhverjum liprari stíl. Það þarf að sjálfsögðu ekki að kalla á óvandað málfar þótt textinn sé liðkaður að þessu leyti og kemur því alls ekkert við hvort notaðar eru hefðbundnar beygingar og hrein íslenska.

Hér má benda á tvö atriði sem oft einkenna dæmigert talmál en koma síður fyrir í dæmigerðu ritmáli, þ.e. að setningar hefjist á orðinu *það* og að notað sé orðalag þar sem sagnorð eru áberandi:



Talmál <-----> Ritmál

*Það hefur veiðst mikið af laxi í sumar.*

*Það hefur verið mikil laxveiði í sumar.*

*Mikið hefur veiðst af laxi í sumar.*

*Laxveiði hefur verið mikil í sumar.*

Þegar mörg fallorð í röð standa í eignarfalli verður stíllinn oft stirðbusalegur. Þá verður að reyna að gera stíllinn léttari og áheyrilegri fyrir flutning í talmiðli. Þar má oft leysa upp úr fallorðahröngli í eignarfalli og skjóta inn forsetningum eða skipta út fallorði fyrir samsvarandi sagnorð.

Dæmi:

*Breytt fyrirkomulag innheimtu virðisaukaskatts er til umræðu*

yrði

*Rætt er um að breyta fyrirkomulagi við innheimtu á virðisaukaskatti.*

Einnig má umorða eða búa til nýja setningu.

Dæmi:

*Aukning tekna starfsmanna fyrirtækisins vakti athygli*

yrði

*Það vakti athygli að starfsmenn fyrirtækisins höfðu nú meiri tekjur.*

## VANDAÐ OG ÓVANDAÐ MÁLFAR

Tilbrigði í málfari og mat á þeim: Málnotendur hafa oft um ýmsar leiðir að velja til að orða hugsun sína. Margs kyns tilbrigði í málfari eru til en þau eru ekki öll jafngild við allar aðstæður. Sumt er talið við hæfi á einum stað og stund en annars ekki. Einn liður í málkunnáttu málnotenda er að hafa vald á því að fella orðaval, orðalag, beygingar, framburð o.s.frv. að því málsniði sem um ræðir hverju sinni. Athugasemdir eða aðfinnslur um málfar beinast raunar oft að því að einhver velur leið í málnotkun sem annar telur óviðeigandi. Málnotendur meta aðstæður misjafnlega að þessu leyti, hafa mismunandi málsmekk og eins er hæfni þeirra misjöfn í að bregða fyrir sig mismunandi málnotkun og að átta sig á mun þeirra málsniða sem notuð eru í málsamfélaginu. Hugtökin *rétt mál* og *rangt mál* eiga ekki vel við í þessu sambandi. Fremur er talað um *gott mál* eða *vandað mál* og *vont mál* eða *óvandað mál*.

Rétt mál er málnotkun sem samræmist (einhverri) íslenskri málvenju en rangt mál samrýmist engri íslenskri málvenju. Rangt mál, t.d. setningin „Páll eldaði fiskurinn“, getur hvergi talist æskilegt en ekki er þar með sagt að rétt mál (í þessum skilningi) eigi sjálfkrafa rétt á sér við allar aðstæður, t.d. ekki þessi „rétt“ setning: „Páll annaðist matreiðslu á sjávarskepnu þessari.“ Óviðeigandi orðaval eða kauðalegar setningar geta þannig til dæmis oft talist rétt mál án þess að vera í raun málnotkun við hæfi – og geta þá verið í senn rétt mál og vont!

**Gott mál** eða **vandað mál** er að jafnaði skýrt að því er varðar orðaval, orðalag og framburð. Reynt er að velja þau orð sem best eiga við hverju sinni, nota lipurt orðalag og tala skýrt og ekki of hratt. Þannig getur málið gegnt vel því hlutverki sínu að færa boð milli mælanda og viðmælanda.

Að vísu nota hæfir málnotendur stundum vísvitandi óskýrt orðalag o.s.frv. til að ná einhverju markmiði. Takist það hefur málnotkunin gegnt vel hlutverki sínu og telst í þeim skilningi gott mál enda hæfi

hún þeim aðstæðum sem um ræðir. Með *góðu máli* er einmitt átt við málnotkun sem er við hæfi í því málsniði sem notað er hverju sinni.

Skýrt mál (orðaval, orðalag, framburður) á yfirleitt við í öllum málsniðum. Samkvæmt íslenskri málstefnu telst það yfirleitt gott eða vandað mál í flestum málsniðum að velja íslensk orð fremur en erlendar slettur og að velja hefðbundnar beygingar fremur en beygingar sem eru eða hafa verið hugsanlegir vísar að breytingum á beygingakerfinu.

Viðleitni málnotenda til að vanda málfar sitt er nefnd málvöndun. Þegar viðleitni málnotenda til að vanda málfar sitt gengur út í öfgar eða er byggð á misskilningi og misheppnast er oft talað um ofvöndun.

**Alíslensk orð eða erlendar slettur:** Íslendingar þekkja fjölda hluta og hugtaka undir tveimur heitum, einhvers konar alþjóðlegu heiti (oft ensku) og íslensku heiti.

Stundum virðist sem erlenda orðið sé málnotendum ekki síður samt en hið íslenska en eigi að síður gera margir málnotendur sér sérstakt far um að velja innlenda orðið enda finna þeir að það hæfir betur en erlend sletta. Sum íslensk orð eru ný af nálinni eða hafa ekki unnið sér sess í málinu og getur þá þurft að grípa til erlends orðs jafnframt því innlenda til að fylgja merkingunni eftir. Í óformlegum málsniðum er heldur algengara en í hinum formlegri að erlend orð geti átt við.

Sem dæmi um tengsl slettna og málsniðs má nefna tökuorðið „stúdíó“ sem margir nota hversdagslega enda þótt til séu hreinni íslensk orð, t.d. *hljóðstofa* í útvarpi, *myndver* í sjónvarpi og *hljóðver* um húsnæði utan útvarps og sjónvarps sem ætlað er fyrir tónlistarupptökur. T.d. forðast margir útvarpsmenn orðið „stúdíó“ í útsendingu og nota þá oftast eða eingöngu orðið *hljóðstofa* eða eitthvert annað slíkt íslenskt orð. Þarna er samt nokkur munur á útvarpsrásum og fjölmiðlamönnum; eftir því sem útvarpsmenn nota óformlegri málsnið má fremur búast við að þeir noti orðið „stúdíó“ í útsendingu. Það er m.ö.o. oft



beint samband á milli þess hversu talmálslegt málsnið er valið og þess hversu „hreint orð“ er notað.

Í þeim tilvikum, þar sem ekki hefur reynst unnt að ná samstöðu um tiltekið nýyrði (eða það hefur ekki verið reynt), er venjulega leitast við að laga samsvarandi erlent orð að íslenskum framburði og beygingum. Benda má á fjöldamörg dæmi um aðlöguð erlend tökuorð í íslensku, t.d. nafnorðin *filma*, *keðja*, *tafla*, *jeppi*, *lampi*, *krókódill*, *planta*, *appelsína* o.m.fl.

Ýmis tökuorð og hráar slettur úr erlendum málum geta hins vegar farið mjög illa í formlegu málsniði og eiga oft alls ekki heima t.d. í útvarpi og sjónvarpi (svo sem slettur „dræver“, „kjúa“, „meika“, „bömmur“ o.s.frv.).

**Orðaval og orðalag við hæfi:** Þegar málnotendur velja hvernig tekið er til orða koma mörg sjónarmið til álita og málsmekkur manna er misjafn. Eins og áður kom fram er mikilvægt í vönduðu máli að orð hæfi efninu eins og kostur er og því málsniði sem valið er og að auki er sérstakt álitamál í íslensku hvort notuð eru hrein íslensk orð eða erlendar slettur (eða tökuorð) þar sem um slíkt gæti verið að ræða. Í vönduðu máli tjá orðin skýrt þá hugsun sem að baki býr. En vandað mál einkennist einnig af tilbreytni í orðavali eftir því sem við getur átt. Sá sem vandar orðaval forðast því að tyggja sömu orð og orðasambönd upp aftur og aftur. Málsnið setur málnotendum einnig annars konar skorður í vali á orðum og orðalagi. Sum orð um vissa líkamsparta og líkamsparfir eru t.a.m. ekki við hæfi í tilteknum málsniðum svo að dæmi sé tekið.

**Erlend máláhrif** geta komið fram með ýmsu móti í máli okkar. Augljósust eru þau e.t.v. þegar við notum framandi orð og orðstofna, t.d. „gæd“ en ekki *leiðsögumaður*, „vídeó“ en ekki *myndband* og þar fram eftir götunum. Dæmi af þessum toga eru venjulega þess eðlis að þau skera sig úr í máli manns og margir taka eftir þeim. Málnotendum vex sjaldnast í augum að læra íslenskt orð í stað einhverrar slettu enda þarf ekki annað en að líta yfir farinn veg í íslenskri málrækt á þessari öld og hinni síðustu til að sjá hve mjög erlendum orðum hefur verið ýtt til hliðar og hve nýyrðastefnan

Íslenska hefur átt miklu fylgi að fagna meðal almennings. Menn eru til að mynda flestir hættir að segja „kompás“ en nota þess í stað orðið *áttaviti*. Fáir tala nú orðið um „fortó“ heldur *gangstétt* og fjölmargt slíkt má telja upp. Ýmsar eldri slettur hafa þó orðið svo lífseigar að enginn ber á móti því að þær séu fortakslaust hluti íslenska orðaforðans nú á dögum, til dæmis orðin *bíó* og *píanó* o.fl. Ýmis tökuorð hafa þannig eignast „þegnrétt í málinu“ eins og stundum er sagt en það breytir ekki hinu að flestar slettur eru óþarfar í talmiðlum og margar tæpast boðlegar í ýmsum málsniðum þar. Einkum á það við þegar öllum er kunnugt um að til eru vel nothæfir íslenskir staðenglar erlendu orðanna.

Málhreinsunarbarátta á sviði sjálfs orðaforðans er að líkindum tiltölulega auðveld miðað við önnur svið málsins, svo sem setninga-gerð. Stundum má heyra orðalag sem kalla má beinlínis enduróm frá erlendu orðalagi. Tökum sem dæmi þegar sagt er t.d. „talandi um Jón; ég sá konuna hans í bænum um daginn“, í stað þess að segja t.d. *úr því að talið berst að Jóni; ég sá konuna hans í bænum um daginn*. Eða þegar sagt er „hafandi verið í erlendum háskóla átt-aði hún sig á þessu“ í stað t.d. *hún hafði verið í erlendum háskóla og gat því áttað sig á þessu*. Í þessum dæmum var notaður lýsingarháttur nútíðar, „talandi“ og „hafandi“, í stað heilla setninga sem betur hefði farið á samkvæmt íslenskri málhefð. Það mun á hinn bóginn vera góð og gild venja í ensku að nota lýsingarhátt nútíðar á samsvarandi hátt og hér var sýnt.

Svo virðist sem setningarleg atriði, á borð við (of)notkun lýsingarháttar nútíðar, séu nokkuð erfiðari viðfangs fyrir þá sem vilja vanda mál sitt en þegar fengist er við einstök orð, þ.e. hvað eigi að kalla þetta eða hitt. (Skýringin kann að vera sú að setningagerð stjórnist af annars konar reglum en t.d. orðaval okkar.)

**Íðorð:** Sérfræðingar nota oft um viðfangsefni sín sérhæfð orð, svonefnd íðorð. Þegar talað er til fólks utan fræðasviðsins þarf að gæta sérstaklega að því að velja orð sem telja má líklegt að viðmælendur skilji.

**Framburður:** Vandaður framburður er að jafnaði skýr, þannig að viðmælandi eigi hægt með að greina það sem sagt er, og talhraði



hóflegur í samræmi við aðstæður. Vandaður framburður er laus við framburðarnýjungar sem gætu spillt málkerfinu (svo sem „tsjald“ í stað *tjald*, „hast“ í stað *hæst*, „tvu“ í stað *tvö*).

Framburður hljóða, atkvæða og orða aðlagast að jafnaði á ýmsan hátt í eðlilegu, samfelldu tali (og fer að nokkru leyti eftir málsniðum) án þess að um sé að ræða óvandaðan framburð. Eðlilegur vandaður framburður getur ekki miðast eingöngu við rithátt orðanna.

Íslenskar framburðarmállýskur eru að miklu leyti staðbundnar málvenjur, t.d. harðmæli og linmæli, *hv*-framburður og *kv*-framburður, vestfirskur einhljóðaframburður o.fl. Staðbundnar framburðarmállýskur af þessu tagi geta allar átt við í vönduðum framburði.

Á því er þó sú undantekning að svokallað flámæli, sem reyndar virðist nærri horfið úr íslensku, nýtur ekki þeirrar viðurkenningar sem þarf til að vera við hæfi í vönduðum framburði.

**Beygingar:** Í vönduðu máli beitir málnotandinn beygingum sem samræmast íslenskum málvenjum. Þar að auki getur hann þurft að gera upp á milli beygingaratriða þannig að hann forðist beygingar sem eru nýjar af nálinni enda er það í samræmi við grundvallaratriði íslenskrar málstefnu að sporna við breytingum á beygingakerfinu. Það er því tæpast vandað mál í neinu málsniði að segja „vegna sýningu“ eða „ég vill“ því að hefðbundin beyging er *vegna sýningar* og *ég vil*. Sumar beygingar, sem menn forðast í vönduðu máli, eru reyndar ekki mjög ungar eða nýtilkomin tilhneiging. Sérstök ástæða er til að nefna í því sambandi að í vönduðu nútímamáli á við sú beyging á karlkynsnafnorðum, sem enda á *-ir*, sem notuð var í elstu íslensku (t.d. *læknir*, *um lækni*, *frá lækni*, *til læknis*) enda þótt önnur beyging slíkra orða (*læknir*, *um læknir*, *frá læknir*, *til læknirs*) eigi sér mörg hundruð ára hefð.

**Setningar:** Málið gegnir illa hlutverki sínu ef röð setningarliða eða umfang þeirra veldur viðmælanda erfiðleikum við skilning. Sá sem vill vanda mál sitt verður að hyggja að því að liprar setningar eru venjulega skýrari en flóknar setningar. Oft er til bóta að fjölga setningum í stað þess að reyna að koma of miklu að í hverri setningu.



Málgreinar á borð við þessa skjóta stundum upp kollinum í fjölmiðlum:

„Verktakinn sér eftir að hafa þurft að stríða við margháttða erfiðleika við framkvæmdirnar nú fyrir endann á verkefninu.“

Hér hefði getað farið betur á að segja t.d.:

*Verktakinn sér nú fyrir endann á verkefninu eftir að hafa þurft að stríða við margháttða erfiðleika við framkvæmdirnar.*

Önnur klaufaleg málgrein og nokkuð dæmigerð:

„Þrjár rækjuvinnsur í samvinnu við sveitarfélög á Norðurlandi vestra standa að rekstrinum.“

Þarna hefði verið skárra að koma sagnorðinu frammar í setninguna:

*Þrjár rækjuvinnsur standa að rekstrinum í samvinnu við sveitarfélög á Norðurlandi vestra.*

Í vönduðu máli er orðaröð og samband orða innan setningar að jafnaði í samræmi við hefð og málvenjur. Þó er skylt að nefna hér skýra undantekningu, svonefndar „méránir“ eða „þágufallssýki“ (óheppilegt orð), t.d. *mér langar* (í stað *mig langar* sem er eldra). Sú málvenja, þótt útbreidd sé, nýtur ekki þeirrar viðurkenningar í íslensku málsamfélagi að geta talist við hæfi t.d. í ritmáli eða töluðu máli á opinberum vettvangi.

„En ef ekki verður fundinn neinn algildur mælikvarði á fegurð hljóðanna, þá verður að lúta lægra, og vita hvort ekki megi komast fyrir, hvað menn séu yfirleitt að fara, þegar menn tala um fegurð máls og hljóða eða á hinn bóginn um ljótt mál og ljótan framburð. Ekki segja menn þetta alveg út í loftið.

Hvað mundu menn þá kalla ljótt mál með tilliti til framburðar í sínu eigin móðurmáli?

Fyrst og fremst mundi framburður þeirra manna vera álitinn *ljótur*, sem á einhvern hátt eru blestir í máli, stama,

eru hulgóma, gormæltir, smámæltir, drepa í skörð, eða hafa á einn eða annan hátt gallaðan framburð svo áberandi sé.

Ljótt þykir það og, að „draga seiminn“, sem kallað er, hvort sem er í lestri eða tali. Að vísu mun það hafa verið alsíða, að presturinn drægi seim á stólnum, og þótti slíkt mikil kurteisi við Drottinn; en þó átti klerkur það á hættu, að gárungarnir hermdu eftir honum í sinn hóp, og sýnir það, að svo gátu menn ekki almennt talað.

Yfirleitt má maður ekki vera „skríttinn í málinu“ á neinn hátt, ekki hafa neina málkæki, ekki vera of fastmæltur eða of línæltur, ekki of fljótmæltur, ekki þvoglumæltur, ekki má drafa í mönnum tungan, – já, svona mætti lengi halda áfram.

Og enn þá eitt: ljótt þykir flestum mál þess manns, er talar annarlega mállýzku. Þannig apa aðrir Vestfirðinga fyrir að segja *ganga*, Norðlendingar þola illa að heyra Sunnlendinga segja *taga* fyrir *taka*; og heyrt hefi eg merkan Þingeying bera sig illa undan því að hlusta á útvarpsþuluna segja *stúlka*, *hampur* o. s. frv. upp á sunnlensku. Hins vegar mundu flestir Sunnlendingar, eins og eg, segja, að norðlenski framburðurinn eins og *habbði*, *laggði* væri allt annað en fallegur.“

Stefán Einarsson. 1934. Fagurt mál. Nokkrar hugleiðingar. *Skírnir*, CVIII. ár, bls. 133.

**Mál og mállýskur:** Mörg tungumál hafa ýmiss konar afbrigði, svo nefndar mállýskur. Víða í grannlöndum okkar er býsna mikinn mállýskumun að finna. (Margir Íslendingar hafa kynnst honum af eigin raun t.a.m. í Noregi, Svíþjóð og Danmörku; einnig í Þýskalandi, á Bretlandseyjum og víðar um Evrópu.)

Í íslensku er mállýskumunur lítil og léttvægur ef borið er saman við mörg nágrannamálanna. Munurinn hérlendis er t.a.m. sýnu minni en í Færeyjum enda þótt málsamfélagið sé a.m.k. sex sinnum fjölmennara hér en þar. Mállýskumunur hér á landi er aðallega bundinn framburði, sbr. mismunandi framburð á orðum eins og *stúlka*, *láta*, *hvolpur*, *bogi*, *ganga*, *hafði* o.fl. Framburðarafbrigðin eru einkum staðbundin eða kennd við tiltekin svæði á landinu. Orðafar á sumum sviðum er (eða var) einnig svolítið mismunandi eftir lands-



hlutum (sbr. *bjúgu* – *sperðlar* – *grjúpán*). En þetta er þó, þegar allt kemur til alls, furðulega lítil mállyskumunur. Þegar þess er gætt hve landið er stórt og strjálbýlt hefði mátt vænta þess að einstök byggðarlög hefðu enn fleiri og sterkari sérkenni en raunin er.

Meðferð örnefna, áttatáknar og forsetningar með staðanöfnum geta verið mismunandi eftir landshlutum. Góð meginregla í talmiðlum er að fara með gamalgróin örnefni o.s.frv. að hætti heimanna ef staðbundnar málvenjur eru kunnar.

Nú á tímum er þess að vænta að heldur dragi úr þeim mállyskumun eftir landshlutum sem þó má greina í íslensku. Fjölmíðlun og góðar samgöngur færa okkur enn nær hvert öðru en við höfum nokkurn tíma verið áður. Hér á ég sem sé við jöfnun á málframsmun eftir búsetu.

Hugsast getur að aðrir þættir stefni í þveröfuga átt, þ.e. í átt að auknum mun. Þar má nefna mun á málfrá fólks í mismunandi starfsstéttum eða með ólíka menntun, mun á málfrá kynjanna að ógleymdum málframsmun eftir aldri.

**Ofvöndun:** Þegar viðleitni málnotenda við að vanda málfrá sitt gengur út í öfgar eða er byggð á misskilningi og misheppnast er oft talað um ofvöndun (sbr. áður). Þá er í raun um að ræða vissa tegund af vondu máli.

Það er viðtekin skoðun – ekki aðeins á Íslandi – að hér á landi hafi sama tungan verið töluð allar götur frá landnámsöld og að hún sé hin forna sameiginlega tunga norrænna manna. Að vísu verður að slá þann varnagla helst að framburður hefur breyst talsvert og orðaforði hefur vitaskuld að hluta verið endurnýjaður til að mæta þörfum nýrra tíma. En ef lítið er til munarins á því sem kallað er fornenska og þeirri ensku sem nú er töluð eða til munarins á fornorrænu og t.d. norsku bókmáli sést glögglega að þar er ólíku saman að jafna við muninn á „forníslensku“ og „nú tímaíslensku“. Þegar öllu er á botninn hvolfur er því engin goðgá að fullyrða að hér á landi hafi verið töluð sama tungan frá landnámi.



Ef til vill er það einmitt sannfæring manna um þetta sem framar öðru hefur verið aflvaki íslenskrar hreintungu- stefnu. Þetta viðhorf er raunar þekkt meðal íslenskra manna frá því um og fyrir 1600 (en íslensk tunga hefur að sjálfstöðu breyst síðan þá). Í ritum Odds Einarssonar (um 1589) og Arngríms lærða (1609) kemur fram sú skoðun að mál þess tíma sé (að mestu) sama tungumál og notað var um öll Norðurlönd að fornu. Arngrímur skýrði þessa sérstöðu íslenskunnar svo að hin fornu handrit hefðu varðveitt hreint mál og fagran stíl og að lítil samskipti við útlendinga hefðu haft sitt að segja. Arngrímur hvatti Íslendinga til að sneiða hjá þýsku- og dönskuskotnu málfari en leita þess í stað fyrirmynda í eldri íslenskum textum, þannig mætti draga úr hættunni á málbreytingum í framtíðinni. Fleiri 17. aldar menn gerðu sér grein fyrir þeirri hættu sem málinu gæti verið búin. Í formála að Landnámuútgáfu 1688 segir Þórður Þorláksson: „Óskandi væri þess að vér héldum við vort gamla móðurmál sem forfeður vorir brúkað hafa og brjáluðum því ekki því skjaldan fer betur þegar breytt er, segir gamall málsháttur. Mætti það oss heldur til hróðurs horfa að vér héldum óumbreyttu því gamla og víðfræga norrænu máli sem brúkað hefur verið að fornu í miklum parti Norðurhálfunnar, einkum Danmörk, Noregi, Svíaríki etc.“ Enda þótt 17. og 18. öld séu að ýmsu leyti niðurlægingatímabil í íslenskri sögu vakti sú hugsun alla tíð meðal margra íslenskra menntamanna að hreinleiki tungunnar væri eftirsóknarverður. Eggert Ólafsson reyndi meðal annars á ferðum sínum um landið (1752-1757) að meta hvar á landinu málfar væri hreint og hvar síður hreint.

Lærdómslistafélagið svokallaða var stofnað á ofanverðri 18. öld og gaf út viðamikil tímarit tvo síðustu áratugi aldarinnar. Í stefnuskrá félagsins (1780) er beinlínis mörkuð berum orðum nýyrðastefna Íslendinga. Þar segir: „Einnig skal félagið geyma og varðveita norræna tungu sem eitt fagurt aðalmál er langa ævi hefir talað verið á Norðurlöndum og viðleitast að hreinsa hina sömu frá útlendum orðum og talsháttum er nú taka henni að spilla. Skal því ei í félagsritum brúka útlend orð um íþróttir, verkfæri og annað, svo fremi menn finni önnur gömul eða miðaldra norræn heiti. Því má og í stað slíkra útlendra orða smíða ný orð, samansett af öðrum norrænum, er vel útskýri náttúru hlutar þess er þau þýða eigu; skulu þar við vel athugast reglur þær er tungu þessi fylgja og brúkaðar eru í smíði góðra, gamalla orða; skal og gefast ljós útskýring

og þýðing slíkra orða svo að þau verði almenningi auðskilin. Þó megu vel haldast slík orð sem brúkuð hafa verið í ritum á þrettándu eða fjórtándu öld þó ei hafi uppruna af norrænni tungu heldur séu í fyrstu frá útlendum þjóðum nær ei eru til önnur meir tíðkanleg eða betri og fegri að öðrum hætti.“ Í aðalatriðum má segja að þarna sé komið orðum að þeirri stefnu sem einkennt hefur íslenska málrækt til þessa dags.

Menntamenn voru þó ekki allir einhuga um þessa stefnu í lok 18. aldar. Skólameistarinn í Skálholti lagði til 1771 að Íslendingar legðu niður tungu sína og tækju upp dönsku enda væru þeir undir danskri stjórn og ættu samskipti við danska menn. En eins og dæmin sanna höfðu hreintungumenn betur.

Nýyrðastarfið nú á dögum er að mörgu leyti býsna skipulegt og leynt og ljóst er fylgt þeirri stefnu sem Lærdómslistafélagið skráði fyrir rúmum 200 árum. Hátt í 50 orðanefndir hafa verið myndaðar til að fást við afmörkuð svið orðaforðans: læknisfræði, flugmál, bifreiðar, tölvur, stærðfræði og þar fram eftir götunum. Ekki ná þó öll orð, sem orðanefndir tiltekinnna greina leggja til, fótfestu í almannamáli enda eru mörg þeirra hluti af afmörkuðu fagmáli og eiga sjaldan erindi í almennan orðaforða. Á fjölmíðlum og hjá þýðendum verður eflaust til drjúgur hluti þeirra nýju orða sem verða almenningseign, sömuleiðis hjá innflytjendum alls kyns vöru, auglýsingastofum og þeim sem selja hvers kyns þjónustu.

Íslendinga þarf ekki að skorta ný íslensk orð um viðfangsefni sín. Meiri áhyggjum veldur staða íslenskunnar gagnvart öðrum málum á ýmsum notkunarsviðum, t.d. í upplýsingatækni. Tungumálinu sjálfu er þar þó ekkert að vanbúnaði. Verði þróunin í samfélaginu íslenskunni hliðholl geta Íslendingar hér eftir sem hingað til hæglega notað móðurmál sitt með miklum ágætum á öllum sviðum þjóðlífsins. Fullyrðingar um annað eru úr lausu lofti gripnar.



## TIL MINNIS FYRIR UPPLESTUR

„Önnur aðalskylda útvarpsins er sú, að allt, sem það flytur, sé svo vandað að meðferð, sem kostur er á. Þar til heyrir góð framsetning, vandað mál og réttur og skýr framburður. Auðvitað verður í þeim efnum aldrei á allt kosið, því að mönnum er slíkt misvel gefið, og þegar efni og hugsun er hvorttveggja gott, verður við að hlíta, þó að eitthvað megi að flutningnum finna.“

Guðmundur Finnbogason. 1934. Útvarpið. *Skírnir*,  
CVIII. ár, bls. 4.

Finna þarf merkingarleg kjarnaorð í hverri málsgrein og láta þau njóta sín í stað þess að eyða áhersluþunga að ástæðulausu á smáorð og slíkt. Þannig kemst hugsunin best til skila til áheyrenda.

Athuga að láta tón raddarinnar ekki sveiflast óeðlilega upp og niður, þ.e. öðruvísi en röddin gerir í venjulegu tali. Slíkar tónsveiflur geta aldrei orðið annað en tilgerð. Best er að hugsa sér að hlustandinn sé nærstaddur og verið sé að segja honum frá í einföldum og eðlilegum tóni.

Þagnir geta skipt miklu máli í flutningi máls í talmiðli. Þær gefa hlustendum færi á að melta það sem sagt hefur verið áður en lengra er haldið enda næst oft miklu betri árangur í að koma hugsun sinni til skila með því móti. Þetta má sem best gera án þess að þagnir verði óþægilega langar eða vandræðalegar. Gott er að hafa í huga að þeim sem talar finnst þögnin lengri en þeim sem hlustar.

**Árétting á sjálfsögðum hlut:** Ástæða er til að brýna fyrir fólki að nota íslenskar orðabækur. Þær svara m.a. spurningum um merkingu og notkun orðanna. (Sjá skrá um hjálpargögn íslenskra málnotenda aftar í bókinni.) Þær bækur, sem út hafa komið, hafa mismunandi kosti. Hér tiltek ég sem dæmi þrjár bækur sem eru býsna hentugar en þjóna mismunandi hlutverkum: *Íslensk orðabók* (sýnir einkum merkingu orða), *Orðastaður* (sýnir einkum hvaða orð geta staðið saman), *Réttitunarorðabók handa grunnskólum* (þar eru, auk réttra ritmynda, m.a. sýndar réttar beygingar ýmissa orða, þar á meðal mannanafna).



Nokkur mikilvæg atriði:

- \* Það þarf að sjá til þess að textinn sé ekki snúið ritmál en geti hljómað sem vandað talað mál.
- \* Fella verður brott meiðandi eða særandi orðaval.
- \* Lagfæra verður málvillur og fella brott óþarfar slettur.
- \* Það getur verið til bóta (það fer eftir tegund texta) að þurrka út óþörf orð (t.d. hefði mátt sleppa orðunum „gömul“ og „síðan“ í þessari setningu: *tólf ára „gömul“ stúlka varð fyrir bíl fyrir mánuði „síðan“*; einnig má t.a.m. oft sleppa orðinu „staðsettur“, orðasambandinu „um er að ræða“ o.m.fl.).
- \* Það getur þurft að bæta fleiri upplýsingum inn í textann svo að hlustendur skilji betur samhengið í frásögninni.
- \* Það getur verið til mikilla bóta að skipta málsgrein upp í fleiri málsgreinar og búa til nýjar setningar.
- \* Það getur þurft að liðka fallorðarunur t.a.m. með nýjum forsetningarliðum (t.d. að gera orðalag á borð við „tekjur skipstjóra frystitogara“ líkara venjulegu talmáli, t.a.m. *tekjur skipstjóra á frystitogurum*).
- \* Það getur þurft að eyða setningarliðum eða færa þá til. Algengt er að of langt sé milli liða sem tengjast (t.d. „fyrri lest af tveimur með evrópskar konur á leið til Peking á kvennaráðstefnuna kom til Moskvu í dag“;

„búist er við að það ráðist á fimmtudag hvort af kaupum Samherja hf. á Akureyri á stórum hlut í þýska úthafsveiðifyrirtækinu Deutsche Fischfang Union verður“. Það hljómar stirðlega og getur boðið heim hættu á röngum beygingum (t.d. „um helmingur [í stað: helmingi] allra íbúa eyjunnar, sem er bresk nýlenda, var gert að flýja heimili sín“).

## UPPHITUNARÆFINGAR

**Raddbönd:** Fyrir upplestur er gott að undirbúa röddina með því að mynda *m*- og *n*-hljóð og láta þau hljóma vel, fyrst ein og síðan með sérhljóðum, t.d. *mí* – *ma* – *ní* – *na*. Hækka síðan tóninn og lækka; fara eins langt niður og hátt upp tónstigann og röddin kemst án áreynslu. Það getur farið illa með röddina að ræskja sig mjög mikið. Gott er að drekka nógan vökva og forðast þurrt eða rykmettað loft.

**Slökun og staða:** Best er að sitja með beint bak fyrir framan hljóðnemann og alls ekki hafa hökuna niður við bringu. Gott er að losa um spennu í líkamanum áður en sest er við hljóðnemann. Til eru ýmsar slökunaræfingar. Hér er t.d. ein sáraeinföld en árangursrík: Lyfta öxlum eins hátt upp og hægt er („spenna axlirnar“) og anda að sér um leið. Anda síðan mjög hægt frá sér og láta axlirnar síga um leið mjög hægt niður. Ekki tekur langan tíma að gera þetta nokkrum sinnum fyrir upplestur en það getur hjálpað lesaranum mjög mikið við að hafa vald yfir öndun sinni og framsögn.

**Kjálki:** Láta kjálkann „detta“ nokkrum sinnum slakan niður á við.

**Varir:** 1. Segja hljóðið *í* með ýktri og teygðri varastellingu eins og brosað sé út að eyrum. Segja svo hljóðið *ú* með ýktum stút á vörum. Endurtaka ýkt *í*- og *ú*-hljóð nokkrum sinnum. 2. „Puðra“ með slökum vörum.



**Tunga:** 1. Renna tungunni með fram tönnunum innanverðum og utanverðum, í efri og neðri gómi. Fara þannig tvo til þrjá hringi með tungunni kringum hvorn tanngarð. Vandasamt getur verið að ná aftur fyrir jaxlana en mikilvægt er að reyna það eins og tungan getur. 2. Renna tungubroddi hægt frá framtönnum innanverðum upp á við og aftur eftir miðjum efri gómi. Tungan brettist upp og aftur.

## FRAMBURÐUR

„Vér sjáum þannig, að *ljót* er talin hver sú framburðarvenja, sem stingur um of í stúf við hina almennu framburðarvenju, hvort sem orsökina er veiklun eða vankunnátta þess, er talar.

*Lýtalaus framburður* er því aðeins annað nafn fyrir *almennan framburð*.

...

En þótt vér höfum nú komið að þeirri niðurstöðu, að *lýtalaus* og *almennur* framburður sé eitt og hið sama, þá er ekki þar með sagt, hvað *fagur* framburður sé. Svo mikið má þó strax fullyrða, að hann verður að sjálfsgöðu að vera *lýtalaus*. En *almennur* verður *fagur* framburður sennilega aldrei. Því að hann verður einhverjum þeim kostum búinn, sem aðeins fáir útvaldir munu kunna.“

Stefán Einarsson. 1934. Fagurt mál. Nokkrar hugleiðingar. *Skírnir*, CVIII. ár, bls. 134-135.

### ð

Athuga að kveða skýrt að samhljóðinu sem ritað er með ð. *Þú verður að bíða á meðan verið er að gera við aðalbilunina.* – Ekki: „Þú verur a bía á mean veri er a gera vi aalbilunina.“

### g

Athuga að kveða skýrt að samhljóðinu sem ritað er með g í orðum á borð við *þegar*, *agalega* o.s.frv. *Hún var agalega falleg þegar hann sá hana.* – Ekki: „Hún var aalea falle þear hann sá hana.“



**f**

Athuga að kveða skýrt að samhljóðinu sem ritað er með *f* í orðum á borð við *hefur*, *sofið*, *æfing*.

*Hann hefur áður sofið yfir sig þegar hann átti að mæta á æfingu.* – Ekki „Hann heur áður soið yir sig þegar hann átti að mæta á æingu.“

**tj**  
**dj**

Athuga að segja *tjald* og *djákni* o.s.frv. með hreinum *t*- og *d*-hljóðum. – Ekki „tsjald“, „dsjákni“ o.s.frv.

**h**

Athuga að þegar orðin *hann* og *hún* bera ekki áherslu í setningum getur *h*-hljóðið fallið brott í eðlilegum framburði.

Spurningin *Kom hann með henni?* er þá borin fram: *Kom 'ann með 'enni?* – án þess að það teljist á nokkurn hátt óskýrt eða óvandað málfar.

**þ**

Athuga að þegar fornöfn, sem byrja á *þ*, bera ekki áherslu í setningum getur *þ*-hljóðið orðið að *ð*-hljóði í eðlilegum framburði. Átt er við orðin *þú*, *það*, *þeir*, *þær*, *þau*, *þann*, *þeim*, *þessi*, *þetta*, *þinn*, *þín*, *þitt* o.s.frv. Þetta á einnig við um fáein atviksorð, a.m.k. *þar*, *þarna*, *þangað*.

Málsgreinin *Hann fer þangað á morgun og getur komið þessu til þín í leiðinni* væri þá borin fram: *Hann fer ðangað á morgun og getur komið ðessu til ðín í leiðinni* – án þess að það teldist á nokkurn hátt óskýrt eða óvandað málfar.

**a**

**i**

**u**

Athuga að þegar sérhljóðin *a*, *i*, *u* eru áherslulaus aftast í orðum geta þau fallið brott í eðlilegum framburði ef næsta orð á eftir hefst á sérhljóði.

Setningarnar *Óla er sama um allt nema Ellu og Gummi er stærri en Einar* eru þá bornar fram: *Ól' er sam' um allt nem' Ellu og Gumm'*

*er stærr' en Einar* – án þess að það teljist á nokkurn hátt óskýrt eða óvandað málfar.

**i/y – e**  
**u – ö**

Athuga að gera skýran mun á sérhljóðunum sem táknuð eru með *i* eða *y* annars vegar og *e* hins vegar. Annars vegar er *sker*, hins vegar er *skyr*.

Athuga að gera skýran mun á sérhljóðunum sem táknuð eru með *u* annars vegar og *ö* hins vegar. Annars vegar er *mölin*, hins vegar er *mulin*.

Æfingarsetning gæti t.d. verið *Stöð tvö vekur gleði* (ekki „Stuð tvö vikur gliði“).

**í/ý – i/y**

Athuga að gera skýran mun á sérhljóðunum sem táknuð eru með *í* eða *ý* annars vegar og *i* eða *y* hins vegar. (*Hlýst, tínsla* en ekki „hlist“, „tinsla“.)

**ei/ey**  
**æ**  
**au**  
**ó**  
**á**

Sérhljóðin *ei* (*ey*), *æ*, *au*, *ó*, *á* eru kölluð tvíhljóð því að í hverju þeirra eru í raun tvö hljóð – og bæði verða að heyrast skýrt í hverju tilviki.

*Leiddu* (ekki „leddu“), *stærð* (ekki „starð“), *haust* (ekki „höst“), *stóll* (ekki „stoll“), *fálma* (ekki „falma“).

**ána ...**

Athuga að hafa löng sérhljóð í *ána*, *brúna*, *kvína*, *tána* o.s.frv. og tala um að fara yfir *ána* (ekki „fara yfir ána“), fara undir *brúna* (ekki „fara undir brúnna“), setja Keikó í *kvína* (ekki „setja Keikó í kvínna“), fá verk í *tána* (ekki „fá verk í tánna“) o.s.frv.

**ofnæmi ...**

Athuga að samsett orð á borð við *ofnæmi*, *samræmi*, *banvænn*, *Dalvík* o.fl. hafa stutt fyrsta sérhljóð (ekki „o...fnæmi“, „sa...mræmi“ o.s.frv.). Þessi orð eiga að fá að „renna“ eins og þau væru ósamsett, einföld orð. Í raun má orða þetta svo að t.a.m. orðið *samræmi* lúti sömu reglum og *hamragil* (enginn segir „ha...mragil“ með löngu *a*-hljóði). Meginregla í íslensku er að sérhljóð í fyrri (fyrsta) lið sé stutt. Til er skýr framburðarregla sem tilgreinir undantekningar frá þessari meginreglu og segir hvenær sérhljóðið í fyrri liðnum á að vera langt. Undantekningarreglan er í þremur liðum:

1. Sérhljóð í fyrri (fyrsta) lið er langt ef sá liður er annaðhvort eitt sérhljóð eða hann endar á sérhljóði. Dæmi: *áfall*, *bústaður* er borið fram: *á...fall*, *bú...staður*.

2. Sérhljóð í fyrri (fyrsta) lið er langt þegar síðari liður hefst á sérhljóði eða *h*+sérhljóði. Dæmi: *miðaldir*, *alheimur* er borið fram: *mi...ðaldir*, *a...lheimur*.

3. Sérhljóð í fyrri (fyrsta) lið er langt þegar sá liður endar á *p*, *t*, *k* eða *s*. Dæmi: *taprekstur*, *húsnæði* er borið fram: *ta...prekstur*, *hú...snæði*. Þessi hluti undantekningarreglunnar er reyndar ekki algildur, t.d. eru orðin *vitlaus* og *líklega* borin fram: „*vittlaus*, *líklega*“.

„Falleg skrift og fagurt mál hafa það sameiginlegt, að það á ekki að vera hægt að villast „um myrkan staf“ eða óskýrt hljóð, hvað þá heil orð. Skýr verður hinn fagri framburður að vera fyrst og fremst; sé hann óskýr, er hætt við misskilningi, og hin fyrsta krafa, sem gera verður til hins ótvíræða hugsanamiðils, er að engu höfð.“

Nú mættu menn spyrja, hvað er skýr framburður? Ef þekking skal hann af því, hve vel hann „dregur“ frá talanda til hlustanda, þá mætti kannske læra eitthvað af því, hvernig við tölum, þegar einhver hefir hváð eftir því, sem við höfum sagt. Að sjálfsgöðu endurtökum við setninguna, en til þess að hún heyrist betur, *brýnum* við kannske röddina, oft samfara *hækkun* rómsins, eða tölum miklu *hægar* og þar á ofan myndum við líklega reyna að tala miklu *nákvæmar* en í fyrsta sinn. Allt hjálpar þetta til að gera orðin langdrægari, en þó kannske ekkert eins og *nákvæmnin* í framburði, enda er það þessi nákvæmni, sem menn eiga við, þegar menn tala um skýran framburð. Mismunurinn á skýrum og óskýrum framburði er að sínu



leyti eins og mismunurinn á hreyfingum vel og illa æfðrar leikfimissveitar.“

Stefán Einarsson. 1934. Fagurt mál. Nokkrar hugleiðingar. *Skírnir*, CVIII. ár, bls. 135-136.

## MÁL Í TALMIÐLUM

Mál í talmiðlum er annað félagslegt fyrirbæri en **talmál** og **ritmál**. Talmiðlamál er mjög stór hluti af málheimi nútímamanna og hefur farið stækkandi. Ekkert bendir til þess núna að sú þróun stöðvist eða breytist.

Mál í talmiðlum hefur tvenns konar hlutverk í málsamfélaginu: það er samskiptatæki og það er fyrirmynd.

Málið er tjáningartæki og eftir því sem tjáningin er betri og skiljanlegri komast boðin betur til skila. Slæm málnotkun dregur athyglina til sín en frá efninu sem verið er að koma á framfæri. Ef hlustandinn man eftir því hvað var sagt fremur en hvernig það var sagt eru starfsmenn talmiðla á réttri leið. Að því leyti má segja að málfar sé gott ef hlustendur veita því sjálfu ekki sérstaka eftirtekt.

Talmiðlamál er líka fyrirmynd, auk þess að vera samskiptatæki. Hlustendur og áhorfendur hafa tilhneigingu til að vænta þess að mál í útvarpi og sjónvarpi sé til fyrirmyndar. Með slæmu málfari í talmiðli, t.d. slettum og málvillum, eru starfsmenn miðilsins að bregðast þessum væntingum. Hlustendur og áhorfendur eiga rétt á því að þeir sem nota sameign málsamfélagsins, íslenskuna, sem vinnutæki sitt fari vel með hana.

Starfsmenn talmiðla þurfa ekki aðeins að gæta sín á slettum og málvillum; hlustendur og áhorfendur eiga rétt á því að talað sé til þeirra á skiljanlegu máli sem hæfir í útvarpi eða sjónvarpi. Eitt af því sem verður að forðast er svokallað stofnanamál en það er oft að finna í tilkynningum, reglugerðum og skýrslum, m.a. frá hinu opin-

bera. Fréttamenn og aðrir dagskrárgerðarmenn fá oft fréttæmar upplýsingar úr þeim áttum og eiga því á hættu að fara að tala á slíku máli til hlustenda sinna. Þá er oft hætt við að hlustendur verði litlu nær. Þeir vænta þess að fjölmiðlamenn skýri út hvað er á seyði í stað þess að þylja eftir atvikum misjafnlega skiljanlega ritmáls-texta. Starfsmenn talmiðla eru oft nánast í sporum þýðenda þegar þeir þurfa að breyta alls kyns hugtökum og þunglamalegum stíl í skiljanlegra mál sem stendur nær venjulegum hlustendum.

Málaðstæðurnar, sem ríkja þegar talmiðlertexti verður til, eru sérstakar og geta verið mun flóknari en í fljótu bragði virðist eða ókunnugir ætla sem ekki þekkja vinnubrögð og aðferðir í talmiðlum. Málnotkun í talmiðlum getur af þessum ástæðum verið sérstök og frábrugðin því sem yfirleitt tíðkast annars staðar í samfélaginu.

Hlustandi og áhorfandi eru í annarri stöðu en lesandinn. Hlustandinn getur ekki bakkað ef hann skilur ekki; það verður að framreiða efnið þannig að það skiljist strax. Áhorfandinn er í svipaðri aðstöðu og hlustandinn en þar að auki getur myndin ýmist stutt við hið talaða mál eða truflað áhorfandann við að skilja það.

Mikill hluti efnis í talmiðlum er upphaflega ritað mál sem breytt er í talað mál. Þar kemur því bæði ritun og tal við sögu. Ekki má gleyma því að texti starfsmanna talmiðla getur oft að meira eða minna leyti þurft lúta hefð eða fyrirmælum um heildarsvip sem ákvarðast af ritstjórnarstefnu t.d. rásar eða deildar innan talmiðils; á fréttastofum gilda t.a.m. býsna föst lögmál um frágang og innihald fréttatexta.

Eins og fyrr segir verður mál í talmiðlum til við aðstæður sem geta verið í veigamiklum atriðum öðruvísi en aðstæður utan talmiðla. Þar vegur þungt ólíkt hlutverk mælanda og þess sem á hlýðir (útvarpshlustandi getur ekki haft áhrif á mælandann eins og viðmælandi á vettvangi gæti gert) og einnig að innbyrðis samband þátttakenda í samtölum í útvarpi (t.d. spyrils og viðmælanda í samtali) er oft annað en annars tíðkast í daglegu lífi. Ekki skiptir síður miklu máli að talmiðlertexti er oft mun betur undirbúinn en töluð orðræða utan talmiðla, ýmist með skrifuðu handriti frá orði til orðs, með minnispunktum eða með íhugun án ritaðra hjálpargagna. Meiri



undirbúningur leiðir oft til þess að orðræða verður nákvæmari og slípaðri.

„Öllum þorra manna mun þykja það fegurst, sem þeir eru vanastir við og skilja bezt innan síns móðurmáls. Erlendar tungur þykja því fegurri, því nær sem þær standa móðurmálinu að hljóðafari.

En auk þessa má alltaf finna einstaklinga, sem hafa sérstakar skoðanir á fegurð máls, og ef þeir á einhvern hátt geta látið til sín taka, er viðbúið, að þeir geti hverft svo skoðun og smekk almennings, að ný „stefna“ hefjist, og málbreyting verði af. Eitthvert merkilegasta dæmi um slíka smekkbreyting er það, þegar franskar hirðfrúr á 17. öld tóku upp á því, að láta sér þykja fínt að vera gormæltar, en síðan öpuðu aðrir það eftir þeim og korrið breiddist út – ekki aðeins um Frakkland, heldur einnig um Þýzkaland, Danmörku, Noreg og Suður-Svíþjóð. Og að Ísland hafi ekki alveg verið ósnortið má marka af því, að eg hefi þekkt konur, sem létu sér þykja það fallegast, að vera gormæltar.“

Stefán Einarsson. 1934. Fagurt mál. Nokkrar hugleiðingar. *Skírnir*, CVIII. ár, bls. 147-148.

Talaðstæður utan talmiðla eru almennt aðallega tvenns konar: talað er við einhvern eða talað er til einhvers, þ.e. annars vegar er samtal og hins vegar er t.d. ræða. Þriðja gerðin er reyndar til sem sambland af hinum, þ.e. þegar tveir eða fleiri tala saman til þriðja aðila sem hlýðir á. Fyrsta gerðin, þ.e. að tala við einhvern, kemur vitaskuld ekki til greina í útvarpi; það er ekki hægt að tala við hlustendur (í venjulegum skilningi). Þess í stað er önnur gerðin (dæmi: erindi, lesnar fréttir o.fl.) og þriðja gerðin notuð mikið í útvarpi; þriðja gerðin á þann hátt að talað er **við einhvern** (t.d. í hljóðstofu, í síma eða upptakan fer fram enn annars staðar) **en jafnframt** (og reyndar fyrst og fremst) **til hlustenda**. Við það verða málaðstæðurnar eiginlega tvöfaldar. Í málfarinu endurspeglast samtals-nálægðin milli mælanda og viðmælanda, þ.e. milli spyrils og þess sem er tekinn tali. Samt sem áður ríkir fjarlægð í raun milli talmiðilsins og hlustandans en sú fjarlægð er þó á vissan hátt dulin vegna þess að málfarið getur borið mörg einkenni þeirrar nálægðar sem einkennir



samtöl. Sú nálægð á rætur í sambandi spyrils og viðmælanda (viðmælanda) en hlustendur eða áhorfendur eru fjarlægir þeim.

Þrjár aðalþættir í málaðstæðum koma við sögu í talmiðlum: umræðuefnið, þátttakendurnir og mikilvægi tungumáls í dagskrárliðnum.

1. Umræðuefnið ræður vitaskuld miklu, t.d. úðkast að sumu leyti önnur málsnið þegar rætt er um efnahagsmál en þegar rætt er um rokktonlist.

2. Þátttakendur skipta miklu máli, hlutverk þeirra hvers og eins sem og samband þeirra innbyrðis. Stundum ríkja óbreytanleg hlutverk, t.d. þar sem starfsmaður útvarpsstöðvar er annars vegar (með vald til að stýra samtali og velja umræðuefni) og viðmælandi hins vegar. Hlutverk þátttakenda geta einnig mótast af stöðu þeirra í tilteknu samtali, t.d. þar sem annar er sérfræðingur en hinn leitar upplýsinga. Sami einstaklingur getur brugðið sér í mismunandi hlutverk frá einu samtali til annars. Einstaklingum, sem fram koma í talmiðlum, má skipta í fernt (sbr. Vagle 1991:120 og Dahlstedt 1970:7).

1. Fastir starfsmenn, t.d. fréttapulir, fremur formlegir og „hlutlausir“ (slíkir starfsmenn eru sennilega stór hluti af ímynd miðilsins).
2. Frétta- eða dagskrárgerðarmenn með óformlegri eða persónulegri stíl en starfsmenn sem falla undir lið 1. Dæmi: Ýmiss konar pistlahöfundar.
3. Þátttakendur í sérstökum viðtölum og umræðuþáttum (þ.e. ekki starfsmenn talmiðilsins).
4. Fólk sem heyrir tala í talmiðli án sérstaks undirbúnings og eins og af tilviljun, t.d. í heimildarmyndum (fólkið veit e.t.v. ekki einu sinni af því að rödd þess muni heyrast í upptökunni).

3. Mikilvægi tungumálsins í tilteknum dagskrárlið getur verið breytilegt. Það eru skörp skil að þessu leyti milli útvarps og sjónvarps þar sem útvarpið reiðir sig að mestu á hið talaða orð og eftir atvikum á áhrifahljóð eftir því sem við á. (Útvarp er þó ekki einlitt hvað þetta varðar því að t.a.m. tónlistarþættir í útvarpi geta gert annars konar kröfur um mál en hreinir talþættir.) Munur út-

varps og sjónvarps að þessu leyti kemur berlega í ljós ef við berum saman lýsingu á íþróttakappleik í útvarpi og sjónvarpi. Í sjónvarpi getur mælt mál, sem flutt er með áhrifaríku myndefni, verið í slíku aukahlutverki að áhorfendur taka naumast eftir því. Á hinn bóginn má nefna að í lesnum sjónvarpsfréttum (með þul á skjá) eða í umræðuþáttum geta mun færri áreiti dregið athyglina frá hinu talaða orði – jafnframt verður orðræðan að vera fyllri en þegar myndir fylgja til skýringar – og textinn verður gjarna líkur því sem annars tíðkast fremur í útvarpi. Reyndar kemur fyrir í sjónvarpi að ekki er fullkomið samræmi milli myndefnis og texta svo að hvorugt skýrir eða styður hitt.

„Tónleikar eru einn af hinum föstu þáttum hverrar útvarpsdagskrár. Og um leið og útvarpið að sjálfsögðu flytur svo góða tónlist, sem kostur er á, ætti að reyna að búa svo í haginn, að það, sem flutt er, geti orðið andleg eign hlustanda. ... Þá ættu og jafnan skýringar að fylgja tónverkum, að minnsta kosti í fyrsta sinn, sem þau eru flutt. Einföld lög þarf að vísu ekki mikið að skýra. En þegar fyrir sögn lags er á útlendu máli, ætti að þýða hana á íslenzku jafnframt. Fyrirsögnin getur oft hjálpað til að koma mönnum í rétt horf til lagsins. Ef tónskáld hefir t. d. skírt lag sitt „Skautiferð“, þá eru allar líkur til, að skautiferð hafi reikað í hug hans, er lagið varð til, og sú hugsun ráðið nokkru um gerð þess. Sá, sem heyrir nafnið, kemst í líkt skap og tónskáldið, snýr huganum í sömu átt, og það hjálpar honum til að skilja lagið og njóta þess.“

Guðmundur Finnbogason. 1934. Útvarpið. *Skírnir*,  
CVIII. ár, bls. 6.



## TALMÁL – RITMÁL

Ritmál er annað og meira en endurspeglun talmálsins. Það lýtur eigin lögmálum að meira eða minna leyti. Samband mælanda og viðmælanda er að jafnaði annað en í talmáli og oft er fjallað um annað efni í rituðu máli eða um sama efni á annan hátt en yfirleitt tíðkast í talmáli.

Þau meginatriði, sem gjarna eru sögð skýra helst muninn á talmáli og ritmáli (auk vitaskuld hins tæknilega mismunar við tjáninguna, þ.e. munarins á hljóðum og ritmáli), eru annars vegar hlutverk og samband mælanda og viðmælanda og hins vegar undirbúningurinn (bæði aðferðin sem valin er og tíminn sem fólk hefur til umráða).

Tíminn er grundvallaratriði við samanburð á ritmáli og talmáli. Tal og hlustun fer fram á sama hraða (og við dæmigerðar talaðstæður samtímis) en skrift og lestur á mjög ólíkum hraða (og að jafnaði við mismunandi aðstæður og á ólíkum tíma). Við hinn óhjákvæmilega „tæknilega“ tímamun á tal- og ritmáli bætist svo að ritunaraðstæður leyfa að jafnaði að tími til umhugsunar og bollalegginga getur verið (mun) lengri en í tali við venjulegar talaðstæður (þar sem nærvera viðmælandans rekur á eftir mælandanum).

Athugun á ensku talmáli leiddi í ljós að meðaltalhraði væri þar 180 orð á mínútu að meðtöldum hléum (Chafe 1982:36). Þar kom einnig fram að vélritunarhraði (og það þótt verið væri að skrifa eftir öðrum texta en ekki frumsemja efnið) næði ekki nema þriðjung af talhraða, þ.e. í allra hæsta lagi 60 orðum á mínútu. Ritun er sem sé mun seinlegra ferli en tal hvernig sem á er litið (og einkum og sér í lagi ef umhugsunartími er tekinn með í reikninginn). Öðru máli gegnir um viðtakanda ritmálsins. Lestur er að jafnaði talsvert hraðari en tal og margfalt hraðari en ritun getur nokkurn tíma orðið.

**Geysimikill munur er því á tímanum sem málnotandi hefur að jafnaði til að skipuleggja mál sitt í talmáli og í ritmáli.**



Lengri undirbúningstími í ritmáli en í talmáli leiðir til þess að í ritmáli er að jafnaði röklegri skipan á efnisatriðum og upplýsingar þéttari í texta en fólki er venjulega samt að hafa í talmáli. Menn eru m.ö.o. að jafnaði skýrari í framsetningu og gagnorðari í ritmáli en í talmáli. (Þetta getur fólk t.d. athugað á sjálfu sér og kunningjum sínum með því t.a.m. að bera saman tölvupóst og símtöl um sama umræðuefni.)

Tal tveggja eða fleiri við dæmigerðar talmálsaðstæður getur auðvitað verið ákaflega mismunandi eftir aðstæðunum; hversu vel viðmælendur þekkjast, hvort aðstæður krefjast þess að þeir séu formlegir í tali, hvert umræðuefnið er o.s.frv.

Ritmál er á sinn hátt einnig afar fjölbreytt eftir tilgangi skrifanna eins og menn vita, hvort þau eru ætluð einum eða mörgum, um hvað er skrifað, hvert markmiðið er meðskrifunum, hvort og þá hvar þau eiga að birtast o.s.frv.

Einstök málfarsatriði geta tæpast verið í eðli sínu eingöngu bundin rituðu máli né eingöngu töluðu máli (að undanskildum framburði, áherslu og slíku) því að allt orðafar ætti í sjálfu sér að geta komið fram bæði í rituðu og töluðu máli. Spurningin snýst fremur um tíðni tiltekinna atriða að jafnaði í dæmigerðu ritmáli og talmáli.

Samband hugtakanna *ritmáls* og *talmáls* við bókstafi annars vegar og máhljóð hins vegar er ekki alltaf einfalt. Þegar skrifað handrit er lesið upp af blaði breytist ritmál í talað mál (ath. að ég nota ekki orðið *talmál*) og þegar talmál er skráð og orðið að stöfum á blaði breytist það á sama hátt í ritað mál (ath. að ekki er hér notað orðið *ritmál*). Skáldsögur eða aðrar prentaðar frásagnir eru oft lesnar orðréttar í útvarp eins og höfundar gengu frá texanum til prentunar. Þá er ritmálstexti orðinn að töluðu máli en skilyrði hlustandans til að tileinka sér efni textans eru að sjálfsögðu önnur en lesandans. Margt fleira má nefna, t.d. þýðingartexta í sjónvarpi þar sem töluðu máli (sem getur eftir atvikum haft ýmis dæmigerð einkenni ritmáls) hefur verið breytt í ritað mál (sem getur samt í þeirri mynd borið mörg einkenni dæmigerðs talmáls ef svo ber undir). Upptalning á dæmum um sambland af þessu tagi gæti orðið býsna löng.

## TALMÁL – RITMÁL – MÁL Í TALMIÐLUM

Mikilvægt er bæði að reyna að gera sér ljósa höfuðþætti hverrar hinna þriggja tegunda, talmáls, ritmáls og máls í talmiðlum (hvað skilur þær að og hvað þær eiga sameiginlegt) og að varast þá einföldun að hugsa sér að talmál, ritmál og mál í talmiðlum séu þrjár einlitar tegundir.

Hyggjum fyrst að notendum þessara máltegunda. (Nánast) allt málsamfélagið eru virkir notendur talmáls. Flestir geta einnig notað ritmál til að tjá sig en flest fólk les þó miklu meira en það skrifar og er því miklu oftari og í meira mæli viðtakendur ritmáls en virkir notendur þess. Virkir notendur máls í talmiðlum eru tiltölulega lítil hluti málsamfélagsins en (nánast) allt málsamfélagið „neytir“ þess sem hlustendur (og áhorfendur). Mikilvægi talmiðlamáls í samfélaginu ræðst því ekki svo mjög af því að margir noti það sjálfir heldur fremur af fjölda viðtakenda.

„Hneigðir eiga upptök sín í ástandi manna, líkamlegu og andlegu, og því fer framburður málsins á hverri stundu mjög eftir ástandi talandans. Sá, sem er fullur af þrótti og fjöri og hugmyndaflugi, talar t. d. hraðar en hinn, sem lúinn er og daufur í dálkinn, og talhraðinn hefir áhrif á framburð hljóðanna. En fjörið og hugmyndaflugið fer mjög eftir því, hvernig lífið er umhverfis mann. Borgarbúar munu að jafnaði tala hraðar eigi síður en ganga hraðar en sveitamenn, af því að í borgum ber á hverri stundu fleira við og verður að gera fleiri hlutum skil en í sveit. Hugarástandið kemur og fram í ástandi vöðvanna kringum munninn, en það hefir áhrif á framburð hljóðanna.“

Guðmundur Finnbogason. 1931. Orsakir hljóðbreytinga í íslenzku. *Skárnir*, CV. ár, bls. 20.



Niðurstöður í athugun norska málfræðingsins Wenche Vagle (1990 og 1991) benda til þess að mál í útvarpi lúti öðrum lögmálum en annað talað mál. Athugun hennar sýnir að málfar í útvarpi er blanda talmáls og ritmáls og svo virðist sem sambandi annars vegar þess hve vel orðræða er undirbúin og hins vegar félagslegs samhengis sé öðruvísi háttað í útvarpsmáli en við venjulegar talmálsaðstæður og ritmálsaðstæður.

Í athugun Vagle var t.d. margfalt algengara í útvarpsefni en í öðru töluðu máli að notað væri ávarp og setningabrot voru einnig talsvert tíðari. Hins vegar voru upphrópanir mun sjaldgæfari en í talmáli utan útvarps. Viðtöl í útvarpi samsvöruðu hins vegar að sumu leyti allvel talmáli utan útvarps. Skýrar andstæður innan útvarpsmálsins eru annars vegar málfar í fréttum og hins vegar málfar viðmælenda í viðtölum. Fréttirnar báru sterk ritmálseinkenni en viðtölin fremur skýr talmálseinkenni í athugun Vagle. Þegar hún greindi niðurstöður sínar eftir einstökum málhöfum kom athyglisverður munur í ljós á fréttum, veðurfréttum og máli þáttarstjórnenda annars vegar og á viðmælendum í viðtölum hins vegar. Ekki kom fram áberandi einstaklingsmunur í fyrrnefndu tegundunum (hugsanleg skýring er sú að starfsmenn fjölmiðla felli mál sitt í tiltekinn farveg, lúti m.ö.o. einhvers konar ritstjórnarreglum fjölmiðilsins að einhverju leyti). Hins vegar kom fram í athugun Vagle ákaflega mikill einstaklingsmunur meðal viðmælenda í viðtölum. Þeir halda sem sé einstaklingseinkennum sínum en starfsmenn talmiðla gera það síður.

Oft er talmiðlaefni upphaflega ritmál sem umbreytt er í talað mál, þ.e. handrit er skrifað við dæmigerðar aðstæður við samningu ritmáls og handritið er síðan lesið t.d. í útvarp. Þetta form er reyndar mjög misalgengt eftir rásum og stöðvum eins og kunnugt er og eins er misjafnt hvort og þá að hve miklu leyti handritið er samið með hlustendur í huga. (Upphaflegur) ritmálstexti er oft tekinn og lesinn eins og hann kemur fyrir en starfsmenn talmiðla frumsemja einnig feikn af efni dag hvern og skrifa á blað frá orði til orðs en með hlustendur og eðli talmiðilsins í huga. Eins og þegar hefur verið vikið að er mál talmiðla í raun þriðja höfuðgrein málnotkunar ásamt því sem kallað hefur verið talmál og ritmál en eins og í hinum



tveimur flokkunum getur ekki verið um hreinar línur að ræða heldur sífella skörun.

Ritmálsáhrif á efni talmiðla komu fram í athugun Vagle (1990 og 1991) sem meiri samþjöppun í textanum en talmálsleg einkenni juku á hinn bóginn nálægð við hlustandann. Vel undirbúinn, ritmálslegur texti ber fremur einkenni fjarlægðar og samþjöppunar en lítt undirbúinn, talmálslegur texti kemur oft fremur fram sem dálítið brotakendur texti með áberandi nálægð.

Málfar í útvarpi getur dregið dóm af ritmáli ef stuðst er við handrit og margir starfsmenn talmiðla eru fyrst og fremst þjálfaðir í eða hafa reynslu af því að tjá sig skriflega. Þetta stuðlar að því að í vel undirbúnu talmiðlamáli verður orðræðan oft samþjappaðri en almennt tíðkast í talmáli.

## MEÐ EÐA ÁN HANDRITS

Mestallt efni í fréttatímum er lesið eftir skrifuðu handriti en mestallt efni dægurmálapátta er mælt fram án handrits og þótt sumir dag-skrárgerðarmenn styðjist við einhvers konar punkta stundum, taki saman efni úr dagblöðum, lesi á plötuumslög o.s.frv. er fyrir fram ritaður texti ekki dæmigert einkenni á slíkri þáttagerð. Það kæmi því tæpast á óvart að fréttir bæru með sér sterkari ritmálseinkenni en dægurmálapættir.

Málsnið fréttar í íslenskum talmiðlum er fremur formlegt. Einkum á það við um fréttayfirlit, inngang fréttapistla og fréttir sem þulur les í hljóðstofu. Málsnið fréttapistla er hins vegar ekki alltaf eins formfast og inn í þá er oft fléttað samtölum eða eintali á vettvangi. Samtölin eru yfirleitt óformlegust alls efnis í dæmigerðum fréttatíma.

Höfundur hefur athugað lítillega t.d. hlutfall sagnorða í persónuháttum og nafnorða í íslensku útvarpsmáli sérstaklega með það fyrir augum að bera saman (skrifaðar) fréttir og laust mál án handrits (í dægurmálapáttum). Einnig var m.a. svonefnd fráfærsla setningarliða

athuguð í sama tilgangi (t.d. þegar sagt er: *Það komu hingað tveir menn en ekki: Tveir menn komu hingað*). Tilgátan var sú að útvarpsefni, þar sem lesinn er upp fyrir fram undirbúinn og ritaður texti með samþjöppuðum upplýsingum, eins og fréttir eru skýrt dæmi um, einkenndist af herra hlutfalli nafnorða gagnvart sögnum og einnig færri fráferslum en tíðkast í dægurmálapáttum í málsniði viðtala og samtala á vettvangi eða í hljóðstofu þar sem aðstæður og undirbúningur gæti líkst sumum talmálsaðstæðum í málsamfélaginu utan talmiðla.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós mikinn mun á hlutfalli nafnorða og sagna í framangreindum tveimur textategundum, þ.e. fréttum og dægurmálapáttum. Hlutfall sagnorða í heildartextanum var raunar nokkuð áþekkt; sagnorð í persónuháttum reyndust að meðaltali 12% af heildartexta í fréttum og að meðaltali 14% af heildartexta í dægurmálapáttum. Nafnorð voru hins vegar að meðaltali 28% af heildartexta í fréttum en hins vegar ekki nema 13% af heildartexta að meðaltali í dægurmálapáttum. (Munur á hlutfalli nafnorða og persónubeygðra sagna í fréttum og dægurmálapáttum virðist því einkum stafa af mjög ólíkri tíðni nafnorða í þessum tveimur tegundum útvarpsefnis.)

Svonefndar fráferslur setningarliða í úrtaki úr fréttum og í úrtaki úr dægurmálapáttum sýndu einnig greinilegan mun á textategundunum tveimur. Í fréttum fundust að meðaltali 5,8 dæmi um fráferslu í hverjum 1000 orðum en í dægurmálapáttum að jafnaði 10,3 dæmi í hverjum 1000 orðum.

Athuginin leiddi sem sé í ljós mun á annars vegar fréttamönnum (sem langoftast fylgja rituðu handriti) og hins vegar þeim sem eiga þátt í dæmigerðu efni dægurmálapátta. (Auk fráferslu og hlutfalls sagnorða og nafnorða má nefna að munur hefur einnig komið í ljós á tíðni rangmyndaðra og ólokinna setninga, notkun hikorða o.m.fl.)

Þótt fréttir séu skrifaðar mætti raunar gera þær talmálslegri í stíl en þær eru að jafnaði héraendis (reyndar bregður stundum fyrir frávikum í þessa átt í íslenskum talmiðlum þegar sérstök viðfangsefni ber á góma). Það sýnir sig í erlendum athugunum á fréttaskilningi að með því að beita markvisst tilteknum talmálseinkennum er stundum



hægt að létta hlustendum skilning á efninu. Færir dagskrárgerðarmenn þekkja, meðvitað eða ómeðvitað, takmarkanir talmiðilsins þegar kemur að því að flytja efni í útvarp svo að almennir hlustendur skilji. Sumir dagskrárgerðarmenn skrifa stundum beinlínis inn í handrit sín talmálsleg atriði til að auka nálægðina, sem svo er nefnd, við hlustendur. Fréttir, t.a.m., þurfa sem sé ekki endilega að bera mjög skýr ritmálseinkenni þótt þær séu fluttar eftir undirbúnu handriti.

### Tungumálið

– mikilvægasta tæki fréttá- og dagskrármanna hjá Ríkisútvarpinu

- \* *Dagskráin ræðst af formi og innihaldi. Lélegt málfar spillir henni, gott málfar bætir hana.*
- \* *Gott málfar eflir Ríkisútvarpið í keppni um hlustendur og áhorfendur.*
- \* *Kynntu þér málstefnu Ríkisútvarpsins og fylgdu henni. Málfar í Ríkisútvarpinu er ekkert einkamál.*
- \* *Notaðu orðabækur og uppsláttarrit í því skyni að bæta málfar í Ríkisútvarpinu.*
- \* *Taktu til greina góð ráð samstarfsmanna og ábendingar málfarsráðunautar Ríkisútvarpsins.*
- \* *Gefðu samstarfsmönnum þínum góð ráð um málfar og taktu þátt í umræðum um málrækt á ritstjórn þinni.*
- \* *Gott málfar við hljóðnemann – betri dagskrá!*

Ari Páll Kristinsson og Jón Ásgeir Sigurðsson – eftir norskri fyrirmynd. 1995. *Tungutak* nr. 87, bls. 4.

## FRÉTTASKRIF

Eins og annað talmiðlaefni þurfa fréttir að skiljast jafnóðum og þær eru fluttar. Stíll fréttá má því ekki vera flókinn. Betra er að nota stuttar setningar enda er bæði auðveldara að lesa þær upp og skilja þær. Setningar ættu líka að vera fremur einfaldar og orðskipun má vera talmálsleg (t.d. einkennast fremur af sagnorðastíl en nafnorðum). Fréttalestur á að vera skýr og nákvæmur. Ekki má troða of



miklu efni inn í eina setningu eða málsgrein, hlustandinn nær þá ekki að skilja hana nema að hluta til. Þegar fréttir eru skrifaðar verður að leggja kapp á að hlustendur geti strax áttað sig á efni hverrar setningar og séu þannig alltaf tilbúnir til að fylgjast með því efni sem á eftir kemur.

Í frétt í dagblaði getur blaðamaður reynt að svara strax í fyrstu málsgrein öllum spurnarorðunum sem höfð eru til leiðbeiningar í fréttaskrifum: *hver, hvað, hvar, hvenær, hvers vegna og hvernig*. Þetta er yfirleitt ekki hægt í talmiðli án þess að ofbjóða hlustandanum. Þar hentar oft best að byrja á spurnarorðunum *hver* og *hvað*, færa sig síðan yfir í *hvar* og *hvenær* og enda á *hvernig* og *hvers vegna*.

Dæmi um misheppnað upphaf á frétt í talmiðli: „Með 40 atkvæðum gegn 23 samþykkti Alþingi í morgun gagnagrunnsfrumvarpið.“ Atkvæðatölurnar hafa enga merkingu í eyrum hlustandans þegar hann heyrir þær. Þær svara spurningunni *hvernig* atkvæðagreiðslu lyktaði en hlustandinn hefur ekkert svar fengið við spurnarorðunum *hver* og *hvað*. Þarna hefði átt að byrja á atburðinum sjálfum: *Gagnagrunnsfrumvarpið var samþykkt á Alþingi í morgun*.

Góð aðferð við að semja upphaf á frétt í talmiðli er að spyrja sjálfan sig hvað hafi gerst og ímynda sér síðan að maður sé að segja einhverjum frá þeim atburði í venjulegu samtali. Það sem hins vegar gerir fréttaskrif fyrir talmiðil erfiðari en að segja kunningja sínum frá sama atburði er að málfarið verður að vera ákaflega skýrt og nákvæmt.

Hægt er að byrja frétt t.d. svona: *Ný umferðarlög hafa verið samþykkt*. Eða: *Óveður hamlar umferð undir Hafnarfjalli*. Eða: *Íslendingar hafa viðurkennt sjálfstæði Færeyja*. Þetta væri rétt eins og fréttamaður hefði verið spurður: *Hvað hefur gerst?* og hann t.d. svarað: *Íslendingar hafa viðurkennt sjálfstæði Færeyja*.

Þegar talmiðlafrétt er skrifuð er, eins og áður sagði, best að fréttamaðurinn reyni að átta sig á því hvernig hann myndi segja frá efninu í samtali með eigin orðum. Þetta á ekki síður að hafa í huga

Þegar fréttir eru unnar upp úr skriflegum heimildum, þar á meðal á erlendum málum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að erlendar fréttastofur (svo sem Reuters, NTB, TT o.fl.) senda yfirleitt frá sér fréttir sem henta dagblöðum betur en útvarpi eða sjónvarpi því að flestir viðskiptavinir þeirra eru dagblöð. Auk þess eru fréttatextar þaðan oft mun lengri en hentar í fréttum talmiðla. Því verður ávallt að umskrifa fréttirnar svo að þær henti talmiðli, gera þær bæði styttri og skýrari, auk þess vitaskuld að íslenska þær og gera aðrar viðeigandi breytingar á þeim.

„Fyrsta skylda útvarpsins er að fræðsla sú, sem það flytur, sé svo rétt sem unnt er. Það fæst með því, að um hvert efni fjalli helzt þeir, sem sannfróðastir eru um það. Útlendar fréttir verður útvarpið auðvitað að mestu að taka eins og þær koma, þó að vísu verði stundum að velja úr þeim eftir líkum um það, hver fregnin um sama efni sé áreiðanlegust. Þegar gefið er yfirlit yfir útlenda viðburði í sérstökum erindum, svo sem tíðkazi hefir, reynir mjög á glöggskyggni og óhlutdrægni tíðindamanns. Um sumt fer allt af tvennum sögum, eftir stjórnmalaskoðunum þeirra, sem frá segja, svo sem þegar talað er um ástandið í Rússlandi eða Þýzkalandi nú á dögum. Þegar svo er, ætti jafnan að skýra frá, hvað sagt er um málin frá báðum hliðum, svo að áheyrendur geti sjálfir haft það, er þeim þykir sennilegast. Tíðindamenn innlendra fréttu ætti ætíð að nafngreina, svo að þeir beri ábyrgð á fréttunum gagnvart almenningi.“

Guðmundur Finnbogason. 1934. Útvarpið. *Skírnir*, CVIII. ár, bls. 3.

Eins og áður hefur verið minnst á er betra að nota stuttar og einfaldar setningar í fréttum í talmiðlum. Það er auðveldara fyrir hlustandann að skilja þær og auðveldara fyrir fréttamann eða fréttapúl að lesa þær.

Innskotssetningar eru oft óheppilegar:



„Hann varð, eftir að hafa margsinnis reynt án árangurs að fá málið rætt, fyrir vonbrigðum með viðbrögð stjórnarinnar.“

Í slíkum tilvikum er yfirleitt hægt að koma efninu betur fyrir með annarri setningaskipan, t.d.:

*Hann varð fyrir vonbrigðum með viðbrögð stjórnarinnar eftir að hafa margsinnis reynt án árangurs að fá málið rætt*

eða:

*Hann reyndi margsinnis að fá málið rætt en án árangurs og varð á endanum fyrir vonbrigðum með viðbrögð stjórnarinnar.*

Talið er að mikil notkun á atviksorðum og lýsingarorðum geti gert of miklar kröfur til minnis áheyrenda. Því er mælt með því að fréttamenn fari sparlega með ákvæðisorð (þ.e. lýsingarorð og atviksorð) með nafnorðum og sögnum nema þeirra sé brýn þörf efnisins vegna.

Nauðsynlegt er að skipta upplýsingum í fréttinni niður í fleiri en eina setningu; ekki má reyna að troða of miklu efni í sömu málsgrein. Góð regla segir: Eitt nýtt efnisatriði í hverri setningu.

Þegar ætlunin er að skrifa auðskilinn fréttatexta er ekki nóg að huga að orðalagi og setningum. Það verður einnig að nota orð sem ætla má að hlustendur skilji. Óvenjulegt eða sérviskulegt orðaval dregur athyglina frá efninu og getur jafnvel hindrað skilning með öllu. Hér kemur íslensk nýyrðastefna sér oft vel. Fjölmörg ný íslensk orð eru það vel heppnuð og gagnsæ að þau skýra sig mikið til sjálf en samsvarandi erlend orð um ný fyrirbæri (slettur) eru oft aðeins skiljanleg sérmenntuðu fólki á afmörkuðum sviðum en ekki öllum almenningi. Hvernig sem á málið er litið er heppilegra að tala um að eitt-hvað sé *hlutlaust* fremur en „nojtral“ og svo framvegis. Allir skilja orðið *veðurfræðingur* enda þekkja menn orðliðina *veður-* og *-fræðingur*. Aðeins hluti þjóðarinnar þekkir orðið „meteorolog“. Hér er ekki aðeins um málvöndunarkröfu eða menningarlega kröfu að ræða. Þetta er einnig beinlínis spurning um skilning hlustenda.

Hlustendur vilja ekki einungis að fréttamenn noti innlend orð svo að þeir skilji þá vel; orðaforðinn má ekki heldur vera of sérhæfður. Þegar sagt er frá fyrirbærum sem í eðli sínu eru sérfræðileg, t.d. innan læknisfræði eða hagfræði, verður fréttamaður að reyna að útskýra eins og hann framast getur á því máli og með þeim orðaforða sem venjulegir hlustendur skilja. Stundum er besta leiðin að útskýra eitt eða fleiri (framandi eða ný) lykilorð til að geta svo notað þau í frásögninni. Mörg góð íslensk nýyrði hafa reyndar orðið til á fréttastofum. Þegar ný íslensk orð koma fyrir í fyrsta sinn getur verið nauðsynlegt að skýra merkingu þeirra í fáeinum orðum fyrir hlustendum, einkum ef um fremur sérhæfð hugtök er að ræða. Ýmis dæmi eru um mjög ung íslensk orð með nokkuð sérhæfða merkingu sem mikið eru notuð í samfélaginu, þar á meðal í fréttum, og virðast gegna hlutverki sínu vel, t.d. orðin *húsbréf*, *símenntun*, *umhverfismat*, *áfallahjálp* o.m.fl.

„Þeim, sem að staðaldri hlusta á fréttir útvarpsins, fær eigi dulizt, að orðalagi þeirra er alloft nokkuð ábótavant. Stundum hrjóta ambögur og orðskrípi, stundum hálfgerðar dönskuslettur eða enskuslettur. Og þótt orðin kunni að vera alíslensk er þeim einatt þann veg raðað saman, að erlend tunga skín í gegn. Ný orðatiltæki, löng og lubbaleg, myndast, meðan kjarnyrði tungunnar falla í gleymsku með þjóðinni. Þetta hefur verið nokkurt áhyggjuefni öllum þeim, sem annt er um íslenska tungu. Það er alkunnugt, að á fréttir hlustar að staðaldri þorri alþjóðar. Maður segir manni fréttir með orðum útvarpsins. Þannig verður fréttamál þess mælt mál í landinu á örskömmum tíma.“

Sveinbjörn Sigurjónsson. 1940. Álitsgerð til útvarpsráðs.

Hér má lesa upphaf álitsgerðar Sveinbjarnar Sigurjónssonar skólastjóra um málfar í fréttum útvarpsins 1940. Álitið byggðist á fréttum tíu daga í júní það ár. Sveinbjörn skipti athugasemdum sínum í ambögur (t.d. „góðan orðstý“ fyrir *góðan orðstír*), klaufalegt mál (t.d. þegar vantaði tíðasamræmi), óheppilega orðaröð (t.d. þegar aðalatriðið var haft of aftarlega í setningu), óheppileg orðatiltæki sem höfundur nefnir svo (t.d. „Churchill gerir þetta að umtalsefni í ræðu“ í stað *Churchill ræðir þetta*) og loks ýmislegt annað í flokki sem ber sameiginlega heitið „til athugunar“ (m.a. er þar gripið á notkun forsetninga í samböndum eins og *á* eða *í sjúkrahúsi* o.fl. ).



Endurtekning innan fréttar getur verið heppileg til að auðvelda skilning hlustenda. Ef efniskjarni fréttar er endurtekinn með öðru orðalagi verður auðveldara að skilja og muna fréttina. Til dæmis mætti endurtaka hvar atburður varð, hverjir áttu í hlut, nöfn eða tölur sem skipta máli og orsök og hugsanlegar afleiðingar atburðarins sem sagt er frá. (Rannsóknir hafa sýnt að endurtekningar á orsökum og afleiðingum auðvelda hlustanda að skilja og muna fréttir.) Hægt er að segja aftur frá atburðum með nýju orðalagi, til dæmis þegar verið er að fylla inn í myndina með tengdum upplýsingum. Annar kostur við endurtekningar er sá að verið getur að hlustandi hafi ekki tekið eftir fréttinni fyrr en eftir að hún var byrjuð. Nánari upplýsingar, sem varpa ljósi á fréttina, geta þurft að fylgja jafnvel mjög stuttum fréttum í talmiðlum ef þær eiga ekki að hanga merkingarlausar í lausu lofti.

Beinar tilvitnanir eru erfiðari viðfangs í fréttum talmiðla en í dagblöðum (hlustandinn heyrir ekki tilvitnunarkerkin!). Það er góð regla að nefna fyrst eftir hverjum eitthvað er haft áður en tilvitnunin sjálf kemur.

Dæmi um hið gagnstæða:

„Veitingastaðir brjóta reglur um meðferð matvæla, segir heilbrigðiseftirlitið.“

Þarna hefði t.d. getað verið æskilegra að segja:

*Heilbrigðiseftirlitið sakar veitingastaði um að brjóta reglur um meðferð matvæla.*

Þetta á einkum við þegar ummæli fela í sér ásökun eða gagnrýni eða þau eru umdeilanleg. Hlustandinn ætti fyrst að fá að vita hver heldur einhverju fram áður en skoðuninni er lýst því að vægi hennar í huga hlustandans fer oft mjög eftir því hver það er sem varpar henni fram. Hlustandinn verður alltaf að geta verið viss um hvaðan sú skoðun eða ályktun er sprottin sem hann hlustar á.

Góð tilvitnun getur lífgað mikið upp á frétt og fært hana nær hlustandanum. Þegar orðrétt er haft eftir einhverjum er best að það komi fram t.d. með því að segja t.a.m. *eins og hún komst að orði, eins og þeir orðuðu það, það sem hann kallar ..., eins og segir í fréttatil-*

*kynningu frá samtökunum* o.s.frv. Þar er þá um að ræða sams konar tilvitnanir og væru hafðar innan tilvitnunarkerkja í ritmáli.

Það er ekki gott að byrja frétt með mannsnafni sem fáir þekkja enda færi nafnið oft fram hjá hlustendum hvort eð væri. Betra er að undirbúa hlustandann undir ókunnugt nafn, t.d. með því að greina fyrst frá starfi eða titli eða tengja á einhvern annan hátt við fréttafnið, en koma nafninu síðar að. Ef hlustandinn heyrir frétt sem byrjar á orðunum *Formaður æðarræktarfélagsins* er hann undir það búinn að nafnið fylgi, hann verður ekki hissa og gæti fremur munað nafnið eftir á: *Formaður æðarræktarfélagsins, Sigríður Jónsdóttir, segir að ...*

Hér erum við enn eina ferðina minnt á muninn á ritmiðlum og talmiðlum. Fréttir í talmiðlum gefa hlustanda ekki færi á að líta til baka og rifja upp t.d. nöfn á fólki eða stöðum; það er t.d. oft ekki nóg að nefna nafn einu sinni og segja síðan aðeins *hann* eða *hún*. Betra er að endurtaka nöfn seinna í fréttinni ef þeirra er þörf.

Einnig er rétt að forðast nöfn sem í reynd eru óþörf og gera fréttir aðeins óskýrari og á þetta líklega einkum við í erlendum fréttum. Góð regla er að nefna aðeins þau nöfn á fólki eða stöðum sem hlustendur þekkja þegar eða munu örugglega eiga eftir að heyra oftast þegar atburðirnir þróast áfram, þ.e. þau nöfn sem einhverja þýðingu hafa fyrir a.m.k. hluta hlustendanna.

Best er að forðast skammstafanir nema e.t.v. þær allra þekktustu, á borð við *BSRB* eða *NATO*. Í talmiðlafréttum er, hvað sem öðru líður, nær ávallt heppilegra að segja t.d. *Evrópusambandið* en *ESB* o.s.frv. og góð regla er að nefna fullt heiti a.m.k. einu sinni í hverri frétt.

Fornöfn (*hann, hún, sá, sú, þeir, þær ...*) geta orðið óskýr í vitund hlustandans ef þau eru mörg eða mikið notuð í frétt. Það verður að vera alveg ljóst á hverjum tíma í hvað hvert fornafn vísar.

Einnig ber að fara með gát með orðasambönd eins og *sá fyrrnefndi* eða *sá síðarnefndi* því að hlustendur eiga erfitt með að henda reiður



á því til hvers er verið að vísa; þetta er aftur á móti alþekkt í dagblöðum og öðru ritmáli.

Tölur eru vandmeðfarnar. Hlustendur innbyrða ekki nema takmarkaðar upplýsingar í einu lagi svo að óþarfi er að fara út í öll smáatriði í einstakri frétt. Best er að námunda tölur svo sem kostur er, annað gerir hlustendum of erfitt fyrir. Í stað þess að segja að „1232 hafi skráð sig í maraþonhlaupið“ er betra að segja að *rúmlega 1200 hafi skráð sig í maraþonhlaupið*. Hafi útflutningur Íslendinga til Þýskalands á tilteknu sviði aukist úr sem svarar 2.013.000.000 kr. í 2.487.000.000 kr. getur fréttamaður leyft sér að segja í talmiðli að *útflutningurinn hafi aukist um tæpan fjórðung*. Orð á borð við *helming, þriðjung, fjórðung, fimmtung* eru að jafnaði heppilegri en „50%, 33%, 25%, 20%“ o.s.frv. Því að flestir eiga auðveldara með að gera sér grein fyrir raunverulegri merkingu þeirra. Almennt er talið auðveldara að skilja fréttir eftir því sem færri tölur eru notaðar.

Upphaf á frétt á alltaf að færa hlustanda eitthvað nýtt. Þegar frétt er fylgt eftir með frásögnum t.d. dögum saman á alltaf að byrja á því nýjasta hverju sinni. Ef sagt er frá skipsstrandi á fimmtudegi er ekki rétt að byrja frétt á föstudegi á því að *skip hafi strandað* heldur fremur hvernig málin standa á þeirri stundu: er búið að bjarga áhöfninni, er skipið skemmt, hvernig gengur að ná því af strandstað o.s.frv.

(Aðal)fréttatímar hérlendis hefjast venjulega á yfirliti yfir helstu fréttir og lýkur yfirleitt með sama hætti. Þetta yfirlit gegnir svipuðu hlutverki og fyrirsagnir í dagblöðum en þó er sá munur á að í talmiðlum verður ávallt að nota heilar setningar sem segja fulla hugsun. Fréttirnar skiptast síðan oft einkum í tvær aðaltegundir: svonefndar „lesnar fréttir“ og fréttapistla. „Lesnar fréttir“ eru yfirleitt fremur stuttar og fréttapulur les þær í beinni útsendingu. Fréttapistlar eru yfirleitt lengri og ýtarlegri en „lesnu fréttirnar“ svonefndu en þeir skiptast yfirleitt í inngang sem fréttapulur les og þar sem fram kemur um hvað á að fjalla og svo sjálfan pistilinn sem fréttamaðurinn flytur yfirleitt sjálfur (og er oftast tilbúinn á hljóðbandi eða myndbandi fyrir útsendingu). Inn í slíka pistla er mjög oft skotið stuttum viðtölum sem tengjast fréttinni.

Dæmi um inngang að pistli: *Sjúkrahúsdeilan leysist væntanlega á næstu klukkustundum en samningaviðræður hafa staðið sleitulaust í tvo sólarhringa. – Sigríður Jónsdóttir er í Karphúsinu.*

Fréttamenn flytja pistla sína að jafnaði sjálfir og leyfa sér þar oft persónulegri stíl en þegar þeir skrifa fréttayfirlit, „lesnar fréttir“ eða inngang pistla þótt þeir lúti vitaskuld eftir sem áður þeirri kröfu að vera gagnorðir og málefnalegir.

„Hvernig sem allt veltist og hvað sem allri tækni líður verða fréttir aldrei sagðar né skrifaðar án orða. Tungumálið hlýtur alltaf að vera dýrmætasta tæki hvers fréttamanns og eina tækið sem hann getur aldrei verið án.

Íslendingar hafa löngum haft orð á sér fyrir að þyrsta í fréttir og fréttatengt efni og fylgjast vel með því sem gerist. Þá gefur auga leið að fréttamenn geta haft áhrif á málfar og málsmekk annarra bæði til góðs og ills. Margir fréttamenn hafa verið hagir orðasmiðir. Orðin *þota* og *þyrta* urðu til á fréttastofu útvarps og notkun þeirra þar varð til þess að þau festust í málinu. En trúlega hafa líka orðaleppar eins og *áhafnarmedlimur* orðið til hjá hroðvirkum fréttamanni.

Í fréttum og fréttatengdu efni er komið inn á nánast öll svið þjóðlífsins. Fréttatímar og fréttasíður eru því tilvalinn vettvangur til þess að prófa nýyrði. Sum eru dálítið ankannaleg í fyrstu en venjast vel þegar þau heyrast í útvarpi og sjást á prenti. Eins ber fjölmiðlum að forðast nýyrði sem í raun eru ekkert annað en hrá þýðing á erlendum orðum og orðatiltækjum. Ekki veitir af því að nota fréttatíma og fréttasíður til þess að koma öðrum fróðleik á framfæri en þeim sem felst í fréttunum sjálfum. Fréttatímar geta orðið dulbúin kennslustund í málnotkun ef vel er á haldið. Nota ber hvert tækifæri sem gefst. Erlent efni sem á okkur dynur er svo margfalt fyrirferðarmeira en innlent: dægurlagatextar í útvarpi, erlent myndefni í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og á myndböndum.“

Margrét E. Jónsdóttir. 1987. Menntun og málfar fréttamanna. *Móðurmálið*. Vísindafélag Íslendinga. Bls. 66-67.



## HJÁLPARGÖGN ÍSLENSKRA MÁLNOTENDA

- Ýmsar helstu orðabækur um íslensku  
*Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. 1962. Jan de Vries ritstj.  
 2. útg. endurbætt. E.J. Brill, Leiden.
- An Icelandic-English Dictionary*. 1874 [1957]. Richard Cleasby og  
 Guðbrandur Vigfússon ritstj. 2. útg. með viðauka eftir  
 William A. Craigie. The Clarendon Press, Oxford.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1988. Árni  
 Böðvarsson ritstj. 2. útg., aukin og bætt. Bókaútgáfa  
 Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Íslensk orðsifjabók*. 1989. Ásgeir Blöndal Magnússon ritstj.  
 Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Íslensk orðtíðnibók*. 1991. Jörgen Pind (ritstj.), Stefán Briem og  
 Friðrik Magnússon. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Íslensk rímorðabók*. 1989. Eiríkur Rögnvaldsson ritstj. Iðunn,  
 Reykjavík.
- Íslensk samheitaorðabók*. 1985. Svavar Sigmundsson ritstj.  
 Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.  
 Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Íslenska alfræðiorðabókin*. 1990. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður  
 Harðardóttir ritstj. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Íslensk-dönsk orðabók*. 1920-1924 [ljóspr. 1980]. Sigfús Blöndal  
 ritstj. Íslensk-danskur orðabókarsjóður. Söluumboð: Hið  
 íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Íslensk-dönsk orðabók. Viðbætur*. 1963 [ljóspr. 1981]. Halldór  
 Halldórsson og Jakob Benediktsson ritstj. Íslensk-danskur  
 orðabókarsjóður. Söluumboð: Hið íslenska bókmenntafélag,  
 Reykjavík.
- Íslensk-ensk orðabók – Concise Icelandic-English Dictionary*.  
 1989. Sverrir Hólmarsson, Christopher Sanders og John  
 Tucker ritstj. Iðunn, Reykjavík.
- Ordbog over Det gamle norske Sprog*. 1886-1896 [ljóspr. 1954].  
 Johan Fritzner ritstj. Aukin og bætt útg. Den norske Forlags-  
 forening, Kristiania.
- Ordbog over Det gamle norske Sprog*. 1972. Leiðréttingar og  
 viðbætur eftir Finn Hødnebo. Universitetsforlaget, Ósló.
- Ordbog over det norrøne prosasprog*. 1989-. Skrár, lykilbók og

1. bindi (a-bam). [Framh. væntanl. á næstu árum.] Den arnamagnæanske kommission, Kaupmannahöfn.  
*Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál.*  
 1982. Mördur Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson ritstj. Svart á hvítu, Reykjavík.  
*Orðalykill.* I. Latnesk-íslenskur nafnalykill úr náttúrufræði. II. Ýmis fræðiorð. III. Landfræðiheiti. 1987. Árni Böðvarsson ritstj. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.  
*Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun.* 1994. Jón Hilmar Jónsson ritstj. Mál og menning, Reykjavík.  
*Réttritunarorðabók handa grunnskólum.* 1989. Baldur Jónsson ritstj. Námsgagnastofnun og Íslensk málnefnd, Reykjavík.  
*Stafsetningarorðabók með skýringum.* 1994. Halldór Halldórsson ritstj. 4. útg., aukin og endurskoðuð. Almenna bókafélagið, Reykjavík.  
*Supplement til islandske Ordbøger.* 1876-1895. Jón Þorkelsson ritstj. Reykjavík og Kaupmannahöfn.

**Fáeinar nýlegar erlend-íslenskar orðabækur**

- Dönsk-íslensk orðabók.* 1992. Hrefna Arnalds og Ingibjörg Johannesen ritstj. Ísafold, Reykjavík.  
*Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi.* 1984. Jóhann S. Hannesson ritstj. Örn og Örlygur, Reykjavík.  
*Frönsk-íslensk orðabók.* 1995. Þór Stefánsson ritstj. Örn og Örlygur hf., Reykjavík.  
*Rússnesk-íslensk orðabók.* 1996. Helgi Haraldsson ritstj. Nesútgáfan, Reykjavík.  
*Sænsk-íslensk orðabók.* 1982. Gösta Holm og Aðalsteinn Davíðsson ritstj. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

**Nokkrar handbækur og fleira**

- Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar.* Almenna bókafélagið, Reykjavík.  
 Baldur Jónsson o.fl. 1997. *Íslensk gjaldmiðlaheiti.* Baldur Jónsson tók saman í samráði við Anton Holt, Ólaf Ísleifsson og Veturliða Óskarsson. Smárit Íslenskrar málnefndar 1. Íslensk málnefnd, Reykjavík.  
 Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson. 1966. *Íslenzkir málshættir.* Almenna bókafélagið, Reykjavík.



- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar*. Rit um íslenska málfræði 2. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gísli Jónsson. 1996. *Íslenskt mál*. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.
- Gætum tungunnar*. 1984. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. 1991. *Íslenskt orðtakasafn*. 3. útg., aukin og endurskoðuð. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. Leiðbeiningar um frágang greina. *Íslenskt mál* 12-13:213-232.
- Haraldur Matthíasson. 1996. *Perlur málsins. Íslensk orðsnilld, forn og ný*. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Mál og samfélag. Um mál og málstefnu*. Iðunn, Reykjavík.
- Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. 1993. *Handbók um íslenskan framburð*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 1988. *Handbók um ritun og frágang*. Iðunn, Reykjavík.
- Ingólfur Pálmason. 1987. *Um ættarnöfn og erlend mannanöfn í íslensku*. Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Rit um íslenska málfræði 3. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur málsins. Íslensk orðatiltæki, uppruni, saga og notkun*. Örn og Örlygur – bókaklúbbur hf., Reykjavík.
- . 1997. *Rætur málsins*. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Mörður Árnason. 1991. *Málkrókar*. Mál og menning, Reykjavík.
- Reglur um frágang þingskjala og prentun umræðna*. 1988. Alþingi, Reykjavík.

- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning VI*. Munnmenntir og bókmennning. Frosti F. Jóhannsson ritstj. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. Bls. 3-54.
- Statsnavne og nationalitetsord. Maiden nimet ja vastaavat johdokset. Ríkjaheiti og þjóðernisorð*. 1994. Jørgen Schack ritstj. Norræn málstöð, Ósló.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslandsk Grammatik. Islandsk Nutidssprog*. Rit um íslenska málfræði 1. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorleifur Hauksson (ritstj.) og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. Mál og menning, Reykjavík.

### Ritaskrár

- Ari Páll Kristinsson. 1991. Orðasöfn í sérgreinum. *Leiðbeiningar fyrir orðanefndir*. Íslensk málstöð, Reykjavík. Bls. 73-79.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1987. Skrá um bækur og ritgerðir sem varða sögulega setningafræði íslensku. *Íslenskt mál* 9:151-161.
- . 1991. Skrá um efni tímaritsins *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 1.-11. árg. og *Afmæliskveðju til Halldórs Halldórssonar* (HH). *Íslenskt mál* 12-13:203-211.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1987. Skrá um rit er varða íslenskar mállýskur. *Íslenskt mál* 9:175-186.
- Höskuldur Þráinsson. 1980. Skrá um bækur, ritgerðir og ritdóma sem fjalla um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði íslensks nútímamáls. *Íslenskt mál* 2:241-254.
- . 1981. Skrá um bækur, ritgerðir og ritdóma sem varða íslenska setningafræði. *Íslenskt mál* 3:197-204.
- . 1982. Skrá um bækur, ritgerðir og ritdóma sem varða beyginga- og orðmyndunarfræði íslensks nútímamáls. *Íslenskt mál* 4:327-334.
- Kristín Bjarnadóttir, Aðalsteinn Eypórsson og Þorsteinn G. Indriðason. 1988-1989. Skrá um íslensk málfræðirit til 1925: Mart finna hundar sjer í holum. *Íslenskt mál* 10-11:177-257.
- Skrá yfir B.A. og cand. mag. ritgerðir frá árunum 1977-1983. 1984. *Mímir* 32:53-61.
- Vigdís Grímsdóttir og Pálína Héðinsdóttir. 1977. Skrá yfir B.A.- og cand. mag. ritgerðir í íslensku. *Mímir* 25:50-54.



### Tímarit

- Fréttabréf Íslenskrar málnefndar*. 1982-1984. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Grímnir*. Rit um nafnfræði. 1980-. Örnefnastofnun Þjóðminjasafns, Reykjavík.
- Íslenskt mál og almenn málfræði*. 1979-. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Lingua islandica – Íslensk tunga*. Tímarit um íslenska og almenna málfræði. 1959-1965. Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Félag íslenskra fræða, Reykjavík.
- Málfregnir*. 1987-. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Mímir*. Blað félags stúdenta í íslenskum fræðum. 1962-. Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, Reykjavík.
- Orð og tunga*. 1988-. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Skíma*. Mál gagn móðurmálskennara. 1978-. Samtök móðurmálskennara, Reykjavík.
- Tungutak*. Vettvangur umræðna um málfar. 1984-. Ríkisútvarpið, Reykjavík.

### Málfarsábendingar

Athugum málið! Ábendingar um málfar frá Íslenskri málstöð (<http://www.ismal.hi.is/maltext.html>).

Hugleiðingar um málfar. Tölvupóstur málfarsráðunautar Ríkisútvarpsins til starfsmanna þess.

(<http://www.ruv.is/malfarsradunautur/raflinurad.htm>)

**Orðabanki Íslenskrar málstöðvar** (<http://www.ismal.hi.is/ob/>)

### Orðstöðulyklar

Baldur Jónsson o.fl. Orðstöðulykill að Biblíunni 1981.

Á veffanginu <http://www.hi.is/Uppl/Biblia/> er einnig hægt að fletta upp í Biblíunni eftir leitarorðum og fá dæmi ásamt textasamhengi.

Eiríkur Rögnvaldsson o.fl. Orðstöðulykill að Íslendingasögum.

**Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans** (<http://www.lexis.hi.is/>)

### Ritreglur

Stafsetning: <http://www.hi.is/~eirikur/stafsreg.htm>

Greinarmerki: <http://www.hi.is/~eirikur/greinreg.htm>

## HEIMILDIR

- Alnæs, Karsten. 1977. *Språk og massemedier*. J. W. Cappelens forlag As.
- Ari Páll Kristinsson. 1992. Islandsk sprogrøgt over for en ny verden. *Sprog i Norden*, 1992:18-28.
- . 1994. Language Planning in Iceland. *New Language Planning Newsletter*, 9,2/1994:1-3.
- . 1994. Om islandsk sprogpolitik. *Nordisk tidskrift för vetenskap, konst och industri*, 1/1994:51-59.
- . 1996. Hagnýting málvísinda. *Erindi um íslenskt mál*. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík. Bls. 110-122.
- . 1997. Konservativt sprogværn i et samfund under store omvæltninger. *Sprog i Norden*, 1997:43-54.
- Árni Böðvarsson. 1989. *Málfar í fjölmiðlum*. Hugleiðingar og leiðbeiningar um beygingar, orðaval, stíl og fleira. Prentað sem handrit. Morgunblaðið – Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- . 1992. *Íslenskt málfar*. Almenna bókafélagið hf., Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1988. Isländsk språkvård. *Sprog i Norden*, 1988:5-16.
- . 1997. Isländska språket. *Nordens språk*. Allan Karker, Birgitta Lindgren og Ståle Løland ritstj. (Endurskoðuð útgáfa af *Språkene i Norden* 1983.) Novus forlag, Ósló. Bls. 161-176.
- Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason. 1986. *Álitsgerð um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum*. Samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra 1985-1986. Rit Kennaraháskóla Íslands. B-flokkur: fræðirit og greinar 1. Reykjavík.
- Bell, Allan. 1991. *The Language of News Media*. Language in Society 17. Blackwell.
- Chafe, Wallace L. 1979. Integration and involvement in spoken and written language. *Semiotics Unfolding. Proceedings of the Second Congress of the International Association for Semiotic Studies*. Tasso Borbé ritstj. 2. bindi. Mouton Publishers, Berlín – New York – Amsterdam. Bls. 1095-1102.




- . 1982. Integration and Involvement in Speaking, Writing and Oral Literature. *Spoken and Written Language*. Deborah Tannen ritstj. 9. bindi. Norwood, N.J. Bls. 35-53.
- . 1986. Writing in the Perspective of Speaking. *Studying Writing: Linguistic Approaches*. Charles R. Cooper og Sidney Greenbaum ritstj. Beverly Hills – London – Nýja Delhi. Bls. 12-39.
- Dahlstedt, Karl-Hampus. 1970. *Massmedierna och språket*. Stokkhólmi.
- Einarsson, Jan og Christer Platzack. 1983. *Etermediernas nyhetsspråk 3. Lyssnaren och språket*. Institutionen för nordiska språk. Lunds universitet, Lund.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1988. Islandsk sprogpolitik. *Sprog i Norden*, 1988:56-63.
- . 1998. Informationsteknologien og små sprogsamfund. *Sprog i Norden*, 1998:82-93.
- Gundersen, Dag. 1998. Mediespråk. *Sprog i Norden*, 1998:5-18.
- Halldór Halldórsson. 1971. *Íslensk málrækt*. Erindi og ritgerðir. Baldur Jónsson sá um útgáfuna. Hlaðbúð hf., Reykjavík.
- . 1979. Icelandic Purism and its History. *Word* 30:76-86.
- Harms Larsen, Peter. 1984a. *Et essay om Public access og sprog*. Danmarks radio, personalekursus. Søborg.
- . 1984b. *Programanalyse & kritik*. Danmarks radio, personalekursus. Søborg.
- . 1984c. *Videregående interview*. Danmarks radio, personalekursus. Søborg.
- Harms Larsen, Peter, Ib Poulsen, Lars Trudsø, Harald Steensig. [án ártals] *Manuskriptkursus*. Danmarks radio, personalekursus. Søborg.
- Hedberg, Karin. 1994. *En jämförande analys av några monologstilar i P1 och P3*. (Ritgerð í námskeiði hjá Olle Josephson í Stokkhólmsháskóla.) Institutionen för nordiska språk. Stockholms Universitet, Stokkhólmi.
- Heimir Pálsson og Höskuldur Práinsson. 1988. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.
- Heino, Jaakko. 1994. Att skriva nyheter. *Röst och språk*. Rundradion, Helsingfors. Bls. 43-52.

- Hreinn Benediktsson. 1975. The Icelandic Language. *Iceland 874-1974*. Jóhannes Nordal og Valdimar Kristinsson ritstj. Seðlabanki Íslands, Reykjavík. Bls. 57-71.
- Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Mál og samfélag. Um mál og málstefnu*. Iðunn, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1978. Zur Sprachpolitik und Sprachpflege in Island. *Muttersprache* 88:353-362.
- Jónas Kristjánsson. 1986. Islandsk sprogpolitik i 1800-tallet. *De nordiske skriftspråkenes udvikling på 1800-tallet. 3. Ideologier og språkstyring*. Rapport fra et symposium på Schæffergården ved København 2.-5. oktober 1985. Nordisk språksekretariats rapporter 7, Ósló. Bls. 134-147.
- Jørgensen, Nils. 1970. *Om makrosyntagmer i informell och formell stil*. Lundastudier i nordisk språkvetenskap, Lunds universitet, Lund.
- Jørgensen, Nils og Jan Svensson. 1977. *Etermediernas nyhetsspråk 1. Några syntaktiska drag*. Institutionen för nordiska språk. Lunds universitet, Lund.
- Koivusalo, Esko. [án ártals] *Normer för det offentliga talspråket*.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Íslensk málnefnd, Reykjavík. (Ath. að í bókinni er m.a. ýtarleg ritaskrá.)
- Kristján Árnason. 1989. Engelsk-amerikansk indflydelse på islandsk sprog. *Sprog i Norden*, 1989:57-66.
- . 1991. Sprogrøgtsaktionen "Málrækt 1989" og islandsk sprogpolitik. *Sprog i Norden*, 1991:26-36.
- Lindblad, Inga-Britt. 1985. *Lokalradiospråk. En studie av tre lokalradiostationers sändningar*. Acta Universitatis Umensis 72. Umeå.
- Margrét Pálsdóttir. 1992. *Talað mál*. Mál og menning, Reykjavík.
- Metz, William. 1985. *Newswriting: From Lead to "30"*. 2. útg. Prentice-Hall, New Jersey.
- Mörður Árnason. 1993. Útvarp er talmiðill. *Tungutak* 57:1-4.
- Poulsen, Ib. 1988. *Radioavisens forståelighed*. Forskningsrapport nr. 2B/88. Danmarks radio.
- Reuter, Mikael. 1984. *Etermedierna och språket* (5 bls.).
- Reuter, Mikael og Eivor Sommardahl. 1998. Erfarenheter av språkvård för massmedierna. *Sprog i Norden*, 1998:31-42.
- Röst och språk*. 1994. [Ýmsir höf.] Rundradion, Helsingfors.



- Sandøy, Helge. 1998. Talenorm i NRK. *Normer og regler. Festskrift til Dag Gundersen 15. januar 1998*. Ruth Vatvedt Fjeld og Boye Wangensteen ritstj. Nordisk forening for leksikografi. Bls. 158-170.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning VI*. Munnmenntir og bókmennning. Frosti F. Jóhannsson ritstj. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. Bls. 3-54.
- Svensson, Jan. 1981. *Etermediernas nyhetspråk 2. Studier över innehåll och informationsstruktur*. Walter Ekstrand Bokförlag, Lund.
- Tausen, Svenning. 1996. *Orð og orðað*. Sprotin, Þórshöfn.
- Tungutak. Vettvangur umræðna um málfar*. 1984-1996. Tbl. 1-55, Árni Böðvarsson ritstj. Tbl. 56-95, Ari Páll Kristinsson ritstj. Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- Vagle, Wenche. 1990. *Radiospråket – talt eller skrevet?* Syntaktiske og pragmatiske tilnærminger i semiotisk perspektiv. Oslostudier i språkvitenskap 6. Novus forlag. Ósló.
- . 1991. Radio language – spoken or written? *International Journal of Applied Linguistics* 1,1:118-131.
- Vikør, Lars S. 1993. *The Nordic Languages. Their Status and Interrelations*. Novus Press, Ósló.
- Vinje, Finn-Erik. 1980. *Á veie sine ord. Rapporter om språkbruken i NRK*. Tapir.
- . 1998. Talemålsnormering i NRK. *Normer og regler. Festskrift til Dag Gundersen 15. januar 1998*. Ruth Vatvedt Fjeld og Boye Wangensteen ritstj. Nordisk forening for leksikografi. Bls. 143-157.





## II. hluti

# Vandað málfar

### SKRÁ TIL LEIÐBEININGAR UM EINSTÖK MÁLFARSATRÍÐI

**Ath.:** Eftirfarandi skrá er leiðbeinandi en ekki hlutlaus lýsing á því málfari sem tíðkast. Skráin miðast í megindráttum við það málsnið sem talið er hæfa vönduðu málfari í talmiðlum.

**Adam** - Þgf. Adam.

**að** - Að gefnu tilefni.

Henda gaman að einhverju.

Það er gaman að einhverju.

Uppskrift að einhverju.

**Aðalbjörn** - Ef. Aðalbjarnar eða Aðalbjörns.

**Aðaldalur** - Í Aðaldal.

**Aðalvík** - Í Aðalvík.

**aðdáandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**aðili** - Et. aðili, um aðila eða aðilja, frá aðila eða aðilja, til aðila eða aðilja. Ft. aðilar eða aðiljar, um aðila eða aðilja, frá aðilum eða aðiljum, til aðila eða aðilja.

Athuga að ofnota ekki orðið *aðili*. Fremur: *Tveir voru í bílnum* en „tveir aðilar voru í bílnum“. Fremur: *Sá/sú sem rekur verslunina* en „rekstraraðili verslunarinnar“.

**aðstandandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**aðstæður** - Ef. aðstæðna.

**aðvara** - Fremur: vara við.

**aðvörun** - Fremur: viðvörun.

**af** - Af ásettu ráði.

Af einhverju tilefni. *Af því tilefni var efnt til fagnaðar.*

Af öllu afli.

Ganga af einhverjum dauðum.

Hafa gaman af einhverju.

Leggja eitthvað af mörkum.

**afbrýði** - Ef. afbrýði.

**afdrif** - Hvorugkynsorð í fleirtölu. *Ekki er vitað hver afdrif þeirra urðu.*

**Afganistan** - Ef. Afganistans. Afgani, ft. Afganar; afganskur.

**afgreiðsla** - Ef. ft. afgreiðslna.

**afgreiðslutími** - Einnig *þjónustutími*. Síður: „opnunartími“.

**afhenda** - Nútíð: *Ég afhendi*. Þátíð: *Ég afhenti*.

**afhroð** - Gjalda afhroð. Hins vegar: Bíða ósigur.

**afkomandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**afl** - Af öllu afli.

**aflýsa** - Stjórnvöld lýsa yfir hættuástandi; seinna er hættuástandi aflýst (síður „aflétt“).

**afrétt** - Kvenkynsorð, norðlensk málvenja (um sumarbeittland), t.d. *Hofstaðaafrétt*. Samsvarandi orð sunnanlands er í karlkyni, *afréttur*. Orðið *rétt* (fjárrétt, hestarétt) er í kvenkyni um allt land.

**afréttur** - Karlkynsorð, sunnlensk málvenja (um sumarbeittland), t.d. *Hrunamannaafréttur*. Samsvarandi orð norðanlands er í kvenkyni, *afrétt*. Orðið *rétt* (fjárrétt, hestarétt) er í kvenkyni um allt land.

**afstýra** - *Afstýra slysi, gjaldþroti* o.s.frv. (síður „forða“ slysi, gjaldþroti o.s.frv.).

**afsökunarbeiðni** - Ef. afsökunarbeiðni.

**AFTURBEYGING** - Svonefnd afturbeygð fornöfn eru: *sig, sér, sinn, sín, sitt*. Þau eru notuð til að vísa á einhvern eða eitthvað sem nefnt hefur verið fyrr í setningunni eða undanfarandi setningu(m): *Þeir voru sakaðir um að hafa ekið bíl sínum utan vegar*. Hér sjáum við að mikilvægt er að nota afturbeygða fornafnið (*sínum*) enda yrði merkingin önnur án þess: *Þeir voru sakaðir um að hafa ekið bíl þeirra utan vegar* (sem mætti skilja sem svo að þeir hefðu ekið bíl sem einhverjir aðrir eiga).

Mjög oft vaknar sú spurning hvort betra er að nota afturbeygð fornöfn eða önnur fornöfn (*hann, hún, það, hans, hennar, þess* o.s.frv.). Þess verður að gæta vandlega að hlustendur þurfi ekki að velkjast í vafa um hvern átt er við.



Dæmi: *Jóna segir að hana langi til að breyta þessu. Sé Jóna hins vegar að lýsa eigin löngun væri betra að segja: Jóna segir að sig langi til að breyta þessu.*

**afturreka** - Gera einhvern afturreka (með eitthvað). (Hvorki: gera einhvern „afturrekan“ né „afturrækan“.)

**Agder** - Agðir.

**Agðir** - Fleirtöluorð í kvenkyni. Agder.

**agúrka** - Ef. ft. agúrkna.

**Akranes** - Á Akranesi. Akurnesingur (ekki „Akranesingur“) eða Skagamaður.

**Akrar** - Á Ökrum.

**Akur** - Á Akri.

**Akurey** - Í Akurey.

**Akureyri** - Á Akureyri.

**ala** - Ala, ól, ólum, alið. Miðmynd: alast, ólst, ólumst, alist. *Hann ólst upp á Akureyri.*

**Albanía** - Albani, ft. Albanar; albanskur.

**Albert** - Þgf. Albert eða Alberti.

**Álborg** - Álaborg.

**alda** - Ef. ft. aldna. *Öldur(nar) lægir* (ekki: „lægja“).

**Álesund** - Álasund.

**Alexander** - Þgf. Alexander.

**Alfreð** - Þgf. Alfreð.

**allavega** - Allavega fólk = Alls konar fólk. Einnig notað í merkingunni: að minnsta kosti, alltént (alltjént), hvað sem öðru líður. Sú merking hæfir ekki í vönduðu máli.

**allavegana** - Allavegana fólk = Alls konar fólk. Einnig notað í merkingunni: að minnsta kosti, alltjént, hvað sem öðru líður. Sú merking hæfir ekki í vönduðu máli.

**Alsír** - Ef. Alsírs. Alsíri (ft. Alsírar) eða Alsíringur; alsírskur.

**Andorra** - Ef. Andorra. Andorramaður; andorrskur.

**andstæða** - Ef. ft. andstæðna.

**Angóla** - Ef. Angóla. Angólamaður; angólskur.

**annaðhvort ... eða** - Svokölluð fleyguð samtenging; nafnið er dregið af því að eitt eða fleiri orð eru venjulega á milli *annaðhvort* og *eða*. *Þetta er annaðhvort Jón eða Pétur.* (Athuga að *annaðhvort* er ritað í einu orði þegar það er hluti þessarar samtengingar. Fornafnið (fornöfnin) *annar hvor* er á

hinn bóginn venja að rita í tveimur orðum. *Annar hvor bræðranna hlýtur að hafa skrifað bréfið; það hefur verið annaðhvort Jón eða Pétur.*)

**annar hver** - Annar hver, önnur hver, annað hvert. *Þau fara þangað aðra hverja helgi, þ.e. að jafnaði 26 helgar á ári.*

**annar hvor** - Annar hvor, önnur hvor, annað hvort. Annar (önnur, annað) af tveimur. *Þau fara þangað aðra hvora helgina, annaðhvort þá næstu eða þá þarnæstu.*

**ansa** - Um notkun í þolmynd, sjá *úthluta*.

**Antigúa eða Antígva og Barbúda** - Antigúi (ft. Antigúar) eða Antígvaamaður; antigúskur eða antígskur.

**Anton** - Þgf. Antoni. Ef. Antons.

„**arfaprins**“ - Fremur: erfðaprins.

**arfleifð** - Ekki „arfleið“.

**Argentína** - Argentínamaður eða Argentíni (ft. Argentínar); argentínskur.

**Árhus** - Árósar.

**Arinbjörn** - Ef. Arinbjarnar eða Arinbjörns.

**Armenía** - Armeni, ft. Armenar; armenskur.

**armur** - Taka einhverjum opnum örmum.

**Arnaldur** - Ef. Arnaldar eða Arnalds.

**Arnarbæli** - Í Arnarbæli.

**Arnarstapi** - Á Arnarstapa.

**Aron** - Þgf. Aroni. Ef. Arons.

**Aserbaídsjan** - Ef. Aserbaídsjans. Aseri, ft. Aserar; aserskur.

**askja** - Handagangur í öskjunni (ekki „hamagangur“).

**athygli** - Ef. athygli. *Tillagan er allrar athygli verð.*

**athyglisverður** - Hljóðið *s* er hér tengihljóð í orðmyndun en ekki eignarfallsending. *Athygli* er kvenkynsorð (ef. athygli).

**atkvæðagreiðsla** - Ef. ft. atkvæðagreiðslna. Sumum þykir betra mál að tala um *atkvæðagreiðslu* fremur en *kosningu* þegar sagt er já eða nei við tiltekinni hugmynd eða tillögu.

**atvinnulaus** - Mörgum þykir þetta lýsingarorð fara betur en nafnorðið „atvinnuleysingi“ sem mörgum þykir hafa niðrandi keim.

„**atvinnuleysingi**“ - Mörgum þykir þetta niðrandi orð (sbr. orðið *auðnuleysingi*) og kjósa fremur lýsingarorðið *atvinnulaus*: *Atvinnulausum fækkaði í síðasta mánuði.*



**atvinnurekandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Auðsholt** - Í Auðsholti.

**Auðun** - Þgf. Auðuni. Ef. Auðunar eða Auðuns.

**Auðunn** - Þgf. Auðuni. Ef. Auðunar eða Auðuns.

**aufúsugestur** - Ekki „auðfúsugestur“.

**auga** - Ef. ft. augna.

**Austfirðir** - Á Austfjörðum.

**Austfold** - Østfold.

**Austurland** - Á Austurlandi.

**Austurlönd** - Fleirtöluorð. Í Austurlöndum. Ekki fleirtala orðsins

*Austurland*. Japan er ekki „Austurland“ heldur *ríki í*

*Austurlöndum, austrænt land, austrænt ríki*. Sbr. *Norðurlönd*.

**Austurríki** - Austurríkismaður; austurrískur.

**auvirðilegur** - Ekki „auðvirðilegur“.

**Axel** - Þgf. Axel.

**Aþena** - Ef. Aþenu.

**á** - Nafnorð. Þf. et. með greini: ána (ekki „ánna“).

**á** - Forsetning með mörgum staðanöfnum. Á Akureyri, á Húsavík o.s.frv.

Gæta verður vel að því hvar málvenja krefst þess að notað sé *á* og hvar *í*.

Forsetningar með kaupúna- og kaupstaðanöfnum sem enda á *-vík*: *í* er notað frá og með Vík í Mýrdal vestur og norður um land til Ísafjarðardjúps (í Vík – í Súðavík) en *á* með slíkum nöfnum frá og með Hólmavík austur á bóginn og suður með Austfjörðum (á Hólmavík – á Breiðdalsvík).

Nefna má að víða tíðkast *frá* með sömu heitum og *á* (frá Akureyri, frá Húsavík). (Víða er slíkt samband milli *úr* og *í* (í Borgarnesi, úr Borgarnesi) þótt forsetningin *frá* sé þó einnig notuð.)

Síður: „á hinum Norðurlöndunum“. Fremur: annars staðar á Norðurlöndum.

**ábreiða** - Ef. ft. ábreiðna.

**ábúandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**ábyrgð** - „Lýsa ábyrgð á hendur sér“ er hæpið orðalag. Fremur:

Lýsa einhverju (verknaði, t.d. mannvígum) á hendur sér.

*Samtökin lýstu sprengjutilræðinu á hendur sér.*

**Ágúst** - Ef. Ágústar eða Ágústis.

- „**áhafnarmeðlimur**“ - Fremur: skipverji, einn úr áhöfninni, flugverji. (Flugverjar skiptast í flugliða (starfa í stjórnklefa) og þjónustuliða.)
- áhangandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- áheyrandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- áhorf** - Rétt myndað nafnorð af orðasambandinu *horfa á*. (Af sögnum, sem beygjast eins og *horfa* (horfði, horft), eru helst ekki myndað nafnorð með viðskeytinu *-un*. Sögnum, sem beygjast eins og *hlusta* (hlustaði, hlustað), samsvara hins vegar kvenkynsnafnorð sem enda á *-un*, t.d. *hlusta – hlustun, hreinsa – hreinsun, loka – lokun* o.s.frv.)
- áhorfandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- áhyggja** - Ef. ft. áhyggna.
- áhöfn** - Sjá „*áhafnarmeðlimur*“.
- Álaborg** - Ålborg.
- Áland** - (Einnig *Álandseyjar*.) Álendingur; álenskur.
- Álandseyjar** - (Einnig *Áland*.) Álendingur; álenskur.
- Álasund** - Ålesund.
- Álftanes** - Å Álftanesi.
- álitshnekkir** - Álitshnekkir, um álitshnekki, frá álitshnekki, til álitshnekkis. Bíða álitshnekki.
- ár** - Kvenkynsorð.  
Róa að einhverju öllum árum (ekki „vinna“ eða „stefna“ að einhverju öllum árum).  
Taka djúpt í árinni (ekki „árina“).
- árangur** - Ná árangri.  
(Ekki: „hafa (ekki) árangur sem erfiði“ heldur: hafa (ekki) erindi sem erfiði.)
- áratugur** - Ef. áratugar. Ft. áratugir.
- árdegisverður** - Tillaga um íslenskt orð um „brunch“.
- áreiðanlega** - Ekki „áræðanlega“.
- áreiti** - Sbr. erlenda orðið *stimulus*: reiti, ytri áhrif á skynfærin.  
Athuga að *áreitni* er annarrar merkingar.
- áreitni** - Það að vera áreitinn. Dæmi: Kynferðisleg áreitni. (Sögnin *áreita* merkir: erta, móðga, bekkjast (til) við einhvern.)  
Athuga að *áreiti* er annarrar merkingar.
- Árný** - Þf. og þgf. Árnýju.
- Árósar** - Fleirtöluorð. Í Árósum. Århus.



**Árskógsströnd** - Á Árskógsströnd.

**árslaun** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern árslaun.

**ártíð** - Dánarafmæli. Hallgrímur Pétursson lést 1674. Árið 1974 var 300 ára ártíð Hallgríms.

**árvakur** - Árvakrir menn, árvakrar konur, árvökur börn; um árvakra menn, árvakrar konur, árvökur börn; frá árvökrum mönnum, konum, börnum; til árvakurra manna, kvenna, barna.

**Árvakur** - Árvakur, um Árvakur, frá Árvakri, til Árvakurs.

**ásaka** - Ásaka einhvern fyrir að hafa gert eitthvað.

Ásaka einhvern um eitthvað.

**Ásbjörn** - Ef. Ásbjarnar eða Ásbjörns.

**ásettur** - Gera eitthvað af ásettu ráði.

**áskrifandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*

**Ásmundur** - Ef. Ásmundar.

**ástmögur** - Ef. ástmagar.

**Ástralía** - Ástralíumaður eða Ástrali (ft. Ástralar); ástralskur.

**Ástráður** - Ef. Ástráðs.

**ástriða** - Ef. ft. ástriðna.

**Ástvaldur** - Ef. Ástvaldar eða Ástvalds.

**ástæða** - Ef. ft. ástæðna.

**„ásættanlegur“** - Fremur: viðunandi, sem hægt er að fallast á.

**átta** - Sjá *tölur*.

**áttæðisaldur** - Aldur milli 70 og 80 ára.

**átylla** - Ef. ft. átyllna.

**átök** - Fleirtöluorð. *Mikil átök*.

**baðker** - Þgf. ft. baðkerum. Ef. ft. baðkera.

**Bahamaeyjar** - Bahameyingur eða Bahami (ft. Bahamar); bahameyskur eða bahamskur.

**bak** - Snúa bökum saman. Merkir: sýna samstöðu.

Standa einhverjum að baki. Merkir: vera slakari en einhver.

**Bakkafjörður** - Á Bakkafirði (þéttbýli).

**Baldvin** - Þgf. Baldvin eða Baldvini.

**baltneskur** - Síður: „baltnesku ríkin“. Fremur: Eystrasaltsríkin.

(Í málvísindum eru lettneska og litháíska nefnd baltnesk mál en eistneska er hins vegar óskyld þeim. Í þessum skilningi eru Lettar og Litháar vissulega baltneskar þjóðir en það á alls ekki við um Eistlendinga.)

**banaspjót** - Berast á banaspjót (síður: „banaspjótum“).

- band** - Böndin berast (ekki „beinast“) að einhverjum.
- Bandaríki Norður-Ameríku** - (Einnig *Bandaríkin*.)  
Bandaríkjamaður; bandarískur.
- Bandaríkin** - (Einnig *Bandaríki Norður-Ameríku*.)  
Bandaríkjamaður; bandarískur.
- Bangladess** - (Einnig *Bengalaland*.) Ef. Bangladess. Bangladessi eða Bengali (ft. Bengalar); bangladesskur eða bengalskur.
- Barbadoseyjar** - Barbadoseyingur eða Barbadosi (ft. Barbadosar);  
barbadoseyskur eða barbadoskur.
- Barein** - Ef. Bareins. Bareini, ft. Bareinar; bareinskur.
- bauja** - Ef. ft. bauja.
- Bayern** - Bæjaraland.
- báðar** - Sjá *báðir*.
- báðir** - Báðir, báðar, bæði; um báða, báðar, bæði; frá báðum; til beggja. Notað um það sem má telja með töluorðinu *tveir*, *tvær*, *tvö* (ekki um það sem talið er með töluorðinu *tvennir*, *tvennar*, *tvenn*). *Jóna og Sigga komu báðar*. Þegar rætt er um einhverja tvenna (t.d. Rússa og Svía) er hins vegar betra að tala um t.a.m. herbúnað *hvorra tveggja* (síður: herbúnað „beggja“).
- báðum megin** - Síður: „beggja megin“. Hins vegar: beggja vegna.
- bára** - Ef. ft. bára.
- Bárðardalur** - Í Bárðardal.
- Bárður** - Ef. Bárðar.
- beður** - Karlkynsorð. Dánarbeður, sjúkrabeður. Við dánarbeð, sjúkrabeð. Á dánarbeði, sjúkrabeði. Ef. -beðjar eða -beðs.
- beggja vegna** - Síður: „beggja megin“. Hins vegar: báðum megin.
- beiðni** - Ef. beiðni.
- „Beijing“** - Fremur: Peking, skv. íslenskri hefð. Nýja umritunin „Beijing“ (t.d. í ensku) er óþörf og fer illa í íslensku.
- bekkur** - Ef. bekkjar eða bekkis.
- Belgía** - Belgi, ft. Belgar (um Belga, frá Belgum, til Belga);  
belgískur.
- belgur** - Et. belgur, um belg, frá belg, til belgjar eða til belgs. Ft. belgir, um belgi, frá belgjum, til belgja.
- Belís** - Belísi, ft. Belísar; belískur.
- belja** - Ef. ft. belja.



- Bengalaland** - (Einnig *Bangladess.*) Bangladessi eða Bengali (ft. Bengalar); bangladesskur eða bengalskur.
- Benín** - Ef. Beníns. Beníni, ft. Benínar; benínskur.
- ber** - Þgf. ft. berjum. Ef. ft. berja.
- bera** - Bera á góma. *Fátæktina bar á góma.*  
 Bera upp á. *Þjóðhátíðardaginn ber upp á mánudag.*  
 Bera vitni. *Sagan ber því vitni að höfundur er orðhagur. Eins og raun ber vitni.*  
 Bera vott. *Þetta ber vott um vandvirkni. Þetta ber þess vott að hún er vandvirk.*
- Einhverjum ber að gera eitthvað.  
 Einhvern ber af leið.
- berast** - Berast á banaspjót. Síður: „berast á banaspjótum“.  
 Böndin berast (ekki: „beinast“) að einhverjum.
- Bergen** - Björgvin, kv.
- Berghylur** - Á Berghyl.
- Berlín** - Ef. Berlínar.
- beygla** - Ef. ft. beyglna.
- bifur** - Hafa illan bifur á einhverju.
- bikkja** - Ef. ft. bikkna.
- billjón** - Merkir: milljón milljónir. (Í Bandaríkjunum, Kanada og Frakklandi merkir *billion* hins vegar: milljarður.)
- binda** - Binda enda (síður: „endi“) á eitthvað. *Endi var bundinn á deilurnar.*
- Birgir** - Birgir, um Birgi, frá Birgi, til Birgis.
- Birkir** - Birkir, um Birki, frá Birki, til Birkis.
- Biskupstungur** - Ef. Biskupstungna. Í Biskupstungum.
- biti** - Eitthvað er einhverjum erfiður biti að kyngja. Merkir: erfitt er að sætta sig við eitthvað.  
 Eitthvað er of stór biti fyrir einhvern. Merkir: eitthvað reynist einhverjum of erfitt.
- bíða** - Bíða ósigur. Hins vegar: Gjalda afhroð.
- Bíldudalur** - Á Bíldudal (þéttbýli).
- bíó** - Þgf. bíói (í merkingunni: kvikmyndahús). Ef. bíós. *Myndin er sýnd í Störnubíói* (síður: „í Störnubíó“). (Hins vegar: Þgf. bíó í merkingunni: kvikmyndasýning. *Hún er í/á bíó.*)
- bjalla** - Ef. ft. bjallna.
- Bjarg** - Á Bjargi.

- Bjargey** - Þf. og þgf. Bjargeyju.
- bjarnargreiði** - Gera einhverjum bjarnargreiða. Merkir: gera ógagn þótt ætlunin hafi verið að koma til aðstoðar.
- Bjarnarhöfn** - Í Bjarnarhöfn.
- Bjarney** - Þf. og þgf. Bjarneyju.
- bjóða** - Bjóða í grun. *Mér býður í grun að þarna leynist fleira.*
- bjúga** - Ef. ft. bjúgna.
- Björg** - Þf. og þgf. Björgu.
- Björgvin** - Karlmannsnafn. Þgf. Björgvin eða Björgvini.
- Björgvin** - Kvenkynsorð. Ef. Björgvinjar. Bergen.
- Björk** - Þf. og þgf. Björk.
- Björn** - Þgf. Birni. Ef. Bjarnar eða Björns.
- blað** - Brjóta blað. Brjóta í blað. Merkir: marka þáttaskil, valda straumhvörfum. *Tækið braut (i) blað í þróuninni. Í dag var brotið (i) blað í íslenskri íþróttasögu.*
- blaðsíða** - Ef. ft. blaðsíðna.
- blástur** - Blástur, um blástur, frá blæstri, til blásturs.
- bleikja** - Ef. ft. bleikna.
- blússa** - Ef. ft. blússna.
- blæja** - Ef. ft. blæja.
- Blönduós** - Á Blönduósi.
- boðstólar** - Karlkynsorð í fleirtölu. Á boðstólum.
- Bolholt** - Í Bolholti.
- bolla** - Ef. ft. bollna.
- Bolungarvík** - Í Bolungarvík.
- Borgarfjörður eystri** - Á Borgarfirði (þéttbýli) eystra eða eystri.
- Borgarnes** - Í Borgarnesi.
- Borgundarhólmur** - Bornholm.
- Bornholm** - Borgundarhólmur.
- Bosnía og Hersegóvína** - Bosníumaður; bosnískur.
- Bospórustrandur** - Sæviðarsund.
- Botsvana** - Ef. Botsvana. Botsvanamaður; botsvanskur.
- bóla** - Ef. ft. bólna.
- Bóla** - Í Bólu.
- bólga** - Ef. ft. bólgna.
- Bólívía** - Bólívíumaður eða Bólívi (ft. Bólívar); bólivískur.
- bónleiður** - *Hann fór bónleiður til búðar. Hún fór bónleið til búðar. Fólkið fór bónleitt til búðar.*



- Bónus** - Bónus, um Bónus, frá Bónus, til Bónuss.
- Brasilía** - Brasilíumaður; brasilískur.
- brautryðjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- bráðabirgðir** - Kvenkynsorð í fleirtölu. Til bráðabirgða.  
Bráðabirgðalausn.
- Breiðabólstaður** - Á Breiðabólstað.
- Breiðadalsheiði** - Heiði milli Öfundarfjarðar og Skutulsfjarðar.
- Breiðafjörður** - (Eða: Breiðifjörður.) Við Breiðafjörð. Á Breiðafirði.
- Breiðdalsheiði** - Fjallvegur milli Fljótsdalshéraðs og Breiðdals.
- Breiðdalsvík** - Á Breiðdalsvík.
- brekka** - Ef. ft. brekkna.
- bremsa** - Ef. ft. bremsna.
- brenna** - *Brenna rusl* (þf.). *Brenna kolum* (þgf.).
- bresta** - Einhvern brestur eitthvað. *Mig brast kjark til þess.*  
Flótti brestur. *Það brast flótti í liðinu.*
- Bretland** - Breti, ft. Bretar; breskur.
- breytni** - Ef. breytni.
- bréfasími** - Íslenskt nýyrði í stað tökuorðsins *fax*.
- bringa** - Ef. bringna.
- Brjánlækur** - Á Brjánlæk.
- brjóstsykur** - Brjóstsykur, um brjóstsykur, frá brjóstsykri, til brjóstsykurs.
- brjóta** - Brjóta blað. Brjóta í blað. Merkir: marka þáttaskil, valda straumhvörfum. *Tækið braut (í) blað í þróuninni. Í dag var brotið (í) blað í íslenskri íþróttasögu.*
- Brokey** - Í Brokey.
- bróðir** - Bróðir, um bróður, frá bróður, til bróður. Með greini: bróðirinn, um bróðurinn, frá bróðurnum, til bróðurins.
- „brunch“** - Tillaga um íslenskt orð: *árdegisverður*.
- brúða** - Ef. ft. brúðna.
- brúður** - Et. brúður, um brúði, frá brúði, til brúðar. Ft. brúðir, um brúðir, frá brúðum, til brúða.
- brún** - Ft. brúnir, brýn. Augabrúnir. Augabrýn. Hnykla brýnnar. Bera einhverjum eitthvað á brýn.
- Brún** - Á Brún (í Reykjadal).
- Brúnei** - Ef. Brúneis. Brúneimaður; brúneiskur.
- bryggja** - Ef. ft. bryggna.

- brynja** - Ef. ft. brynja.  
**brýn** - Sjá *brún*.  
**brýna** - *Það sló (ekki „slóst“) í brýnu með þeim.*  
**bræði** - Ef. bræði.  
**bræðsla** - Ef. ft. bræðslna.  
**budda** - Ef. ft. buddna.  
**bull** - Ef. ft. bullna.  
**bumba** - Ef. ft. bumbna.  
**bunga** - Ef. ft. bungna.  
**Burma** - (Einnig *Mjanmar*.) Ef. Burma. Burmamaður eða Mjanmari (ft. Mjanmarar); burmneskur eða mjanmarskur.  
**buxur** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar buxur. Ef. ft. buxna.  
**Búðardalur** - Í Búðardal.  
**Búlgarí** - Búlgari, ft. Búlgarar; búlgarskur.  
**Búrkína Fasó** - Ef. Búrkína Fasós. Búrkíni, ft. Búrkínar; búrkínskur.  
**Búrúndí** - Ef. Búrúndís. Búrúndi, ft. Búrúndar; búrúndískur.  
**búsifjar** - Fleirtöluorð. Verða fyrir þungum búsifjum. (Síður: „verða fyrir búsifjum“.) Orðið *búsifjar* merkir upphaflega aðeins: náþýli en *þungar* (eða *erfiðar*) *búsifjar*: skaði, tjón.  
**búskapur** - Þgf. búskap. Ef. búskapar.  
**bústaður** - Þgf. bústað. Ef. bústaðar.  
**Bútan** - Ef. Bútans. Bútani, ft. Bútanar; bútanskur.  
**byggja** - *Þetta mat er byggt á sjálfstæðri rannsókn. Þetta mat byggist á sjálfstæðri rannsókn.* (Síður: „Þetta mat byggir á sjálfstæðri rannsókn“.)  
*Byggja hús og fleira en: smíða skip, leggja vegi.*  
**bylgja** - Ef. ft. bylgna.  
**bylta** - Ef. ft. byltna.  
**bylur** - Et. bylur, um byl, frá byl, til byls. Ft. byljir, um bylji, frá byljum, til bylja.  
**byrði** - Ef. byrðar.  
**byrjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.  
**byssa** - Ef. ft. byssna.  
**bæði** - Sjá *báðir*.  
**Bæheimur** - Čechy (þý. Böhmen).  
**Bæjaraland** - Bayern.



- Böhmen** - Bæheimur.  
**bönd** - Sjá *band*.  
**Börkur** - Þgf. Berki. Ef. Barkar.  
**Canterbury** - Kantaraborg.  
**Cape Town** - Höfðaborg.  
**Čechy** - Bæheimur.  
**Chile** - (Einnig *Síle*.) Sílemaður eða Chilemaður; síleskur eða chileskur.  
**daga** - Daga uppi. *Frumvörpin dagaði* (ekki „döguðu“) *uppi*.  
**Dagný** - Þf. og þgf. Dagnýju.  
**Dagur** - (Mannsnafn.) Þgf. Dag eða Degi.  
**Dalarna** - Dalir.  
**Dalir** - Fleirtöluorð. 1) Í Dölum (Dalasýslu). 2) Dalarna (Svíþjóð).  
**dalur** - (Myntheiti.) Einnig *dollari*. (Síður: „dollar“.)  
**Dalvík** - Á Dalvík.  
**Daníel** - Þgf. Daníel.  
**Danmörk** - Þf. og þgf. Danmörk eða Danmörku. Ef. Danmerkur.  
 Dani, ft. Danir; danskur.  
**Danube** - Dóná.  
**Dardanellasund** - Hellusund.  
**dauður** - Ganga af einhverjum dauðum.  
**Davíð** - Þgf. Davíð.  
**dánarbeður** - Karlkynsorð. Við dánarbeð. Á dánarbeði.  
**dást** - Dást að einhverju. Ekki „að dáðst að einhverju“ en: *hafa dáðst að einhverju*.  
**deila** - Ef. ft. deilna.  
**deilandi** - Nafnorð. Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.  
**Denar** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *denari*.  
**denari** - (Myntheiti.) Denar, Dinar.  
**Dinar** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *denari*.  
**Djíbútí** - Ef. Djíbútís. Djíbúti, ft. Djíbútar; djíbútískur.  
**Djúpivogur** - Á Djúpavogi.  
**djúpur** - Taka djúpt í árinna (ekki „árina“).  
**Dofrafjall** - Dovrefjell.  
**Dovrefjell** - Dofrafjall.  
**dollari** - Einnig *dalur*. (Síður: „dollar“.)  
**Donau** - Dóná.  
**dómandi** - Nafnorð. Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

- Dóminíka** - Dóminíkumaður; dóminískur.
- Dóminíska lýðveldið** - Dóminíki, ft. Dóminíkar; dóminískur.
- Dóná** - Donau (fleiri nöfn: Danube, Duna, Dunaj, Dunarea, Dunav o.fl.).
- dóttir** - Dóttir, um dóttur, frá dóttur, til dóttur. Með greini: dóttirin, um dótturina, frá dótturinni, til dótturinnar.
- Drachma** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *drakma*.
- drakma** - Kvenkynsorð. (Myntheiti.) Drachma.
- dramatúrg** - Tillaga um íslenskt orð: *leiksmiður*.
- Drangsnes** - Á Drangsnesi.
- drengur** - Þgf. et. dreng.
- dreyma** - *Hana dreymdi draum*.
- drífa** - Drífa að. *Þátttakendurnar dreif að*. (Ekki: „Þátttakendurnir drifu að.“)
- drjúpa** - Drjúpa, draup, drupum, dropið. *Vatnið draup af þessu*. (Ath. ekki „drjúpa höfði“ heldur *drúpa höfði* (þt. drúpti).)
- drottning** - Ef. et. drottningar.
- drusla** - Ef. ft. druslna.
- drúpa** - Þt. drúpti. *Hann drúpti* (ekki „draup“) *höfði*.
- drykkur** - Ef. et. drykkjar.
- Dröfn** - Ef. Drafnar.
- duga** - *Þetta dugir. Það dugði*.
- dul** - Kvenkynsorð. *Hann dró enga dul á skoðun sína*.
- dúfa** - Ef. ft. dúfna.
- Dyflinn** - Dyflinn, um Dyflinni, frá Dyflinni, til Dyflinnar. Dublin.
- dylgjur** - (Ft.) Ef. dylgna.
- dymbilvika** - Vikan fyrir páska. *Einnig efsta vika, kyrra vika*. (Vikan eftir páska nefnist *páskavika*.)
- dyr** - Orðið *dyr* ætti aðeins að nota í fleirtölu: einar, tvennar, þrennar, fernar dyr. Orðið merkir op eða inngang, t.d. inn í hús, herbergi eða bíl. (*Hurð* er hins vegar einhvers konar fleki sem nota má til að loka opinu, innganginum.) Því er eðlilegt að tala um að *opna og loka dyrunum* (eins og talað er um að *opna og loka gati eða opi*). (Síður: „opna hurðina, loka hurðinni“.)
- dýfa** - *Hann hefur dýft* (ekki „difið“) *þessu í vatnið*.
- dýflissa** - Borið fram með *-bl-*.



**dýr** - Dýrar eða ódýrar ferðir. En: há eða lág fargjöld. (Ekki: „dýr eða ódýr gjöld“.)

**-dýrkandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Dýrmundur** - Ef. Dýrmundar.

**dæla** - Ef. ft. dælna.

**ECU** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *eka*.

**Edinborg** - Ef. Edinborgar.

**ef** - Þegar setningar byrja á *ef* getur háttur sagna farið eftir því hvort notuð er nútíð eða þátíð. Í nútíðarsetningum er að jafnaði framsöguháttur: *Hann kemur ef hann getur* (ekki: „ef hann geti“). *Þeir vilja fara ef það er hægt* (ekki: „ef það sé hægt“). Þegar sagnirnar *segja*, *telja* o.fl. koma á undan *ef*-setningum má þó nota viðtengingarhátt: *Hann segir að þetta versni ef kólni* (eða *kólnar*) *í veðri. Hún telur að ef ekki dragi* (eða *dregur*) *til tíðinda í kvöld verði ekkert úr þessum áformum.* Í þátíð má velja milli framsöguháttar og viðtengingarháttar en valið fer eftir merkingunni: *Ég var vanur að koma ef ég gat. Ég kæmi ef ég gæti.*

**efstur** - Ekki „evstur“.

**eftir** - *Þú átt eftir að gera þetta.* En: *Það er eftir að gera þetta.*

**eftirbreytni** - Ef. eftirbreytni. *Þetta er ekki til eftirbreytni.*

**eftirmál** - Fleirtöluorð. *Þessu fylgdu engin eftirmál.* Merkir: eftirköst, afleiðingar. Athuga að rugla þessu orði ekki saman við karlkynsorðið *eftirmáli* sem merkir: kafli eða grein aftan við meginmál í riti.

**eftirmáli** - Ft. eftirmálar. Merkir: kafli eða grein aftan við meginmál í riti. Athuga að rugla þessu orði ekki saman við fleirtöluorðið *eftirmál* sem merkir: eftirköst, afleiðingar.

**Eggert** - Þgf. Eggert eða Eggerti.

**Egill** - Þgf. Agli.

**Egilsá** - Á Egilsá.

**Egilsstaðir** - Á Egilsstöðum.

**Egiptaland** - (Einnig *Egyptaland*.) Egipti (ft. Egiptar) eða Egypti (ft. Egyptar); egipskur eða egypskur.

**Egyptaland** - (Einnig *Egiptaland*.) Egipti (ft. Egiptar) eða Egypti (ft. Egyptar); egipskur eða egypskur.

**Eiðar** - Á Eiðum. Eiðar, um Eiða eða Eiðar, frá Eiðum, til Eiða.

**eiga** - Nafnorð. Ft. eigur. Ef. ft. eigna.

**eiga** - Sagnorð.

Eiga eftir. *Þú átt eftir að gera þetta.* (En: Það er eftir.)

Eiga ekki annars úrkosti.

Ath. Ekki: „Eiga einskis annars úrkosta.“

Eiga ekki annað úrkosta.

Ath. Ekki: „Eiga einskis annars úrkosta.“

Eiga engan sinn líka.

Eiga von á einhverju. – Þetta orðasamband er nú yfirleitt notað í svipaðri merkingu og *búast við*, þ.e. án tengsla við merkingu orðanna *von* og *vona*. *Ég á von á rigningarsumri*. Þetta getur verið neyðarlegt og jafnvel meiðandi, t.d. í setningum á borð við: *Hann á jafnvel von á að fleiri hafi farist í jarðskjálftanum*. Orðið *von* hefur skýra merkingu í málinu og þ.a.l. getur verið óheppilegt að nota orðasambandið *eiga von á einhverju* þegar um eitthvað slæmt er að ræða. Sbr. *von* og *vænta*.

**eigandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**eigið** - Nf. og þf. et. hk. af lýsingarorðinu *eigin*. *Eigið land*. *Þau sáu sitt eigið land*. (En: *Þau búa í sínu eigin landi*. *Þau söknuðu síns eigin lands*.)

**eigin** - Lýsingarorð. (Óbeygt nema í nf. og þf. et. hk.: *eigið*.)  
*Eigin bíll*. *Þau komu á eigin bíl*. *Eigin bifreið*. *Þau komu á eigin bifreið*. *Eigið hjól* (nf. og þf.). *Þau komu á eigin hjóli* (þgf.).

#### EIGNARFALL EINTÖLU AF STERKUM KVENKYNS-

**NAFNORÐUM** - Gæta verður vel að eignarfalli eintölu sterkra kvenkynsnafnorða, sérstaklega þeirra sem enda á *-ing* og *-un*. Ekki „vegna byggingunnar“, „upphafsmaður áætlunnar“ o.s.frv. því að eignarfallsendingin er *-ar*: *vegna byggingar*, *upphafsmaður áætlunar*. Síðan getur bæst við ákveðinn greinir: *vegna byggingarinnar*, *upphafsmaður áætlunarinnar*.

#### EIGNARFALL FLEIRTÖLU AF VEIKUM KVENKYNS-

**NAFNORÐUM** - Aðalreglan er sú að nota endinguna *-na*, þ.e. *stúlkna*, *flugna*, *greiðslna*, *kirkna* o.s.frv.

Undantekningar frá meginreglunni eru orð þar sem stofninn endar á sérhljóði (*kría*), *j* (*blæja*) (ekki þó *gj* eða *kj*), *v* (*tölva*) og *r* (*vara*). (Í síðastnefnda tilvikinu má þó vel nota *-na* ef stofn endar á sérhljóði og *r* enda þekkt frá fornu



fari í nokkrum slíkum orðum, m.a. *súrna*, og má til samanburðar benda á veik hvorugkynsorð: *eyrna*, *nýrna*.)

Ef stofninn endar á *-n-* rennur það saman við endinguna, t.d. *króna*, *lína*, nema í orðinu *kona* (ef. ft. *kvenna*).

Ath. að *stofa* er í ef. ft. *stofa* svo að orðið ruglist ekki saman við orðið *stofn*.

**eik** - Ef. et. eikar eða eikur. Ft. eikur.

**Eimskip** - Eimskip, um Eimskip, frá Eimskip eða Eimskipi, til Eimskips.

**einbeitni** - Ef. einbeitni.

**eindrægni** - Ef. eindrægni.

**eindæmi** - *Veðrið var með eindæmum gott í sumar.* (Ath. að rugla ekki saman við orðið *einsdæmi*.) *Þau gerðu þetta upp á sitt eindæmi.*

**einfeldni** - Ef. einfeldni.

**einhver** - Hk. et. eitthvað (stendur sjálfstætt) eða eitthvert (stendur með nafnorði). *Hún gerði eitthvað. Hann fór eitthvað. Hún vann eitthvert verk.* (Ekki: „Hún vann eitthvað verk.“)

Ath. að í beygingu orðsins *einhver* er fyrri liðurinn yfirleitt *ein-* en aðeins í nefnifalli og þolfalli eintölu í hvorugkygni er hann *eitt-* (eitthvað, eitthvert). *Hann heyrði eitthvað* (ekki „einhvað“). *Hún fleygði einhverju* (ekki „eitthverju“).

Ath. að oft fer betur t.d. á orðinu *nokkur* eða *fáeinir*. *Hann var í burtu í fáeina daga.* (Síður: „Hann var í burtu í einhverja daga.“) *Þetta kostaði nokkrar milljónir.* *Kostnaðurinn skipti milljónum.* (Síður: „Þetta kostaði einhverjar milljónir.“)

**einir** - Einir, einar, ein. Töluorðin *einir*, *tvennir*, *þrennir*, *fernir* eru notuð til að telja ýmislegt sem er ekki hægt að telja með orðunum *einn*, *tveir*, *þrír* og *fjórir*, einkum orð sem aðeins eru til í fleirtölu: *buxur*, *skæri*, *verðlaun* o.s.frv. *Stofnuð voru ein heildarsamtök úr fernum eldri samtökum.*

**einkunn** - Ft. einkunnir (ekki „einkannir“).

**einn** - Sjá *tölur*.

Einn af þeim sem. *Hann er einn af þeim sem vilja auka aflann.* (Ekki: „Hann er einn af þeim sem vill auka aflann.“) Skýring: *Hann er einn af þeim; þeir vilja auka aflann.*

- Einn þeirra sem. *Hann er einn þeirra sem vilja auka aflann.*  
 (Ekki: „Hann er einn þeirra sem vill auka aflann.“)  
 Skýring: *Hann er einn þeirra; þeir vilja auka aflann.*
- einsdæmi** - *Þetta atvik er einsdæmi.* (Ath. að rugla ekki saman við orðið *eindæmi.*)
- EINTALA** - Eintala eða fleirtala í dæmum á borð við: *Snjócoma og hríð var* (síður: „voru“) *á heiðinni; sjá samsett frumlag.*
- Einvarður** - Ef. Einvarðar eða Einvarðs.
- eista** - Ef. ft. eistna.
- Eistland** - Eistlendingur eða Eisti (ft. Eistar eða Eistur); eistneskur eða eistlenskur.
- eitthvað** - *Hún gerði eitthvað í málinu. Hann fór eitthvað.* (Ekki „Hann fór eitthvert.“) Ekki: „Hún vann eitthvað verk“ heldur: *Hún vann eitthvert verk.* Sbr. *einhver.*
- eitthvert** - *Hún vann eitthvert verk.* (Ekki: „Hún vann eitthvað verk.“) Ekki: „Hann fór eitthvert“ heldur: *Hann fór eitthvað.* Sbr. *einhver.*
- eka** - Kvenkynsorð. Ef. ft. ekna. (Myntheiti.) ECU.
- ekki** - Athuga að varast rökleysu í tengslum við „ekki ó-“, t.a.m. „hún var ekki óspör á stóryrðin“ þegar átt er við: *hún var óspör á stóryrðin* eða *hún var ekki spör á stóryrðin.*
- ekkja** - Ef. ft. ekkna.
- Ekvador** - Ef. Ekvadors. Ekvadori, ft. Ekvadorar; ekvadorskur.
- El Salvador** - Ef. El Salvadors. Salvadori, ft. Salvadorar; salvadorskur.
- Elbe** - Saxelfur.
- eldspýta** - Ef. ft. eldspýtna.
- elfa** - Einnig er til orðið *elfur*.
- elfur** - Et. elfur, um elfi, frá elfi, til elfar. Ft. elfar, um elfar, frá elfum, til elfa. Einnig er til orðið *elfa*.
- Elínborg** - Þf. og þgf. Elínborgu.
- Ellert** - Þgf. Ellert eða Ellerti.
- elli** - Ef. elli.
- Emil** - Þgf. Emil.
- endi** - Á endanum. *Á endanum gat hann gert þetta.*  
 Binda enda á eitthvað. *Endi var bundinn á deilurnar.*  
 Frá upphafi til enda.



Sjá fyrir endann á einhverju. *Nú sjáum við fyrir endann á verkefninu.*

Taka enda. *Þetta ætlaði engan enda að taka.*

Vera á enda. *Ferðin er á enda.*

Einnig er til orðið *endir*.

**endir** - Endir, um endi, frá endi, til endis.

Fá endi. *Ferðin fékk óvæntan endi. Erfiðleikarnir fengu farsælan endi.*

Einnig er til orðið *endi*.

**endurskoðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**England** - Englendingur; enskur.

**English Channel** - Ermarsund.

**erfðaprins** - Síður: „arfaprins“.

**erfiði** - Hafa (ekki) erindi sem erfiði. (Ath. *erindi*, ekki „árangur“.)

**erfiður** - Eitthvað er einhverjum erfiður biti að kyngja. Merkir:

erfitt er að sætta sig við eitthvað.

**erindi** - Hafa (ekki) erindi sem erfiði. (Ath. *erindi*, ekki „árangur“.)

**Erítrea** - Ef. Erítreu. Erítreumaður; erítreskur.

**ERLEND MANNANÖFN** - Sjá *nöfn*.

**erlendis** - Merkir: í útlöndum (ekki „til útlanda“).

Dveljast erlendis.

Síður: „erlendis frá“. Fremur: frá útlöndum.

Síður: „fara erlendis“. Fremur: fara út (utan), fara til útlanda.

**Erlendur** - Ef. Erlends (fremur) eða Erlendar (síður).

**ermi** - Ef. ermar.

**Ermarsund** - English Channel, La Manche.

**Escudo** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *skúti*.

**Eskifjörður** - Á Eskifirði (þéttbýli).

**Ester** - Þf. og þgf. Ester. Ef. Esterar.

**Etíópía** - (Einnig *Eþíópía*.) Etíópi (ft. Etíópar), Eþíópi (ft. Eþíópar),

Etíópíumaður eða Eþíópíumaður; etíópískur eða eþíópískur.

**Euro** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *evra*.

**evra** - Kvenkynsorð. Ft. evrur. Ef. ft. evra. (Myntheiti.) Euro.

**Evrópa** - Ísland er hluti Evrópu. Ekki stenst því að tala um að „fara frá Íslandi til Evrópu“ (fremur en að tala um að „fara frá Reykjavík til Íslands“!). Fremur: *Frá Íslandi til annarra Evrópulanda* eða eftir atvikum: *til meginlands Evrópu*.

**ey** - Ey, um ey, frá ey, til eyjar. Eyjar, um eyjar, frá eyjum, til eyja.  
Einnig er til orðið *eyja*.

**eyða** - Ef. ft. eyðna.

**Eyhildarholt** - Í Eyhildarholti.

**eyja** - Eyja, um eyju, frá eyju, til eyju. Eyjur, um eyjur, frá eyjum,  
til eyja. Einnig er til orðið *ey*.

**Eyjafjöll** - Undir Eyjafjöllum.

**Eyland** - Öland.

**Eymundur** - Ef. Eymundar.

**eyra** - Ef. ft. eyrna.

**Eyrarbakki** - Á Eyrarbakka.

**Eyrarsund** - Øresund.

**eyri** - Ef. eyrar.

**Eyri** - Á Eyri.

**eyrir** - Eyrir, um eyri, frá eyri, til eyris. Aurar, um aura, frá aurum,  
til aura.

**Eystrasaltsríkin** - Síður: „baltnesku ríkin“.

**Eysýsla** - (Eystrasaltseyja.) Saaremaa.

**Eyvindará** - Á Eyvindará.

**Eyvindur** - Ef. Eyvindar.

**Eþíópía** - (Einnig *Etiópía*.) Eþíópi (ft. Eþíópar), Eþíópi (ft. Eþíópar),  
Eþíópíumaður eða Eþíópíumaður; eþíópískur eða eþíópískur.

**faðir** - Faðir, um föður, frá föður, til föður. Með greini: faðirinn,  
um föðurinn, frá föðurnum, til föðurins.

**Fagurhólmýri** - Á Fagurhólsmýri.

**FALL** - Sjá *fallstjórn sagna*.

**FALLSTJÓRN SAGNA** - Ef á undan fallorði eru tvö eða fleiri  
sagnorð með mismunandi fallstjórn er eðlileg regla að láta  
það sagnorð ráða sem næst stendur fallorðinu. *Þeir landa og  
selja fisk* (ekki „fiski“). *Hermennirnir börðu og misþyrmdu  
fólki* (ekki „fólk“). Útkoman í dæmum af þessum toga getur  
orðið óþægileg. Til að komast hjá því væri t.a.m. hægt að  
segja t.d. *Þeir landa fiski og selja hann. Hermennirnir berja  
fólk og misþyrma því*.

**Falster** - Falstur.

**Falstur** - Þgf. Falstri. Ef. Falsturs. Falster.

**Fanney** - Þf. og þgf. Fanneyju.

**faraldur** - Faraldur, um faraldur, frá faraldri, til faraldurs.



**farangur** - Farangur, um farangur, frá farangri, til farangurs.

**fata** - Ef. ft. fatna.

**fax** - Fremur: bréfasími eða símbréf.

**faxa** - Fremur: senda símbréf.

**Fáskrúðsfjörður** - Á Fáskrúðsfirði (þéttbýli).

**feðgar** - Fleirtöluorð. Einir, tvennir, þrennir, fernir feðgar.

*Feðgarnir Jón Gunnarsson og Gunnar Jónsson eru tveir menn og einir feðgar. Feðgarnir Jón Gunnarsson og Gunnar Jónsson og feðgarnir Árni Sveinsson og Sveinn Árnason eru fjórir menn og tvennir feðgar.*

**feðgin** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern feðgin. *Feðginin Jón Gunnarsson og Ása Jónsdóttir eru tvær manneskjur og ein feðgin. Feðginin Jón Gunnarsson og Ása Jónsdóttir og feðginin Árni Sveinsson og Signý Árnadóttir eru fjórar manneskjur og tvenn feðgin.*

**feikn** - Kvenkynsorð (ef. et. feiknar) eða hvorugkynsorð í fleirtölu (þau feiknin). Ef. ft. í báðum tilvikum er *feikna* og sú mynd er algengust sem herðandi forliður (*feiknamikill* o.s.frv.).

**feimni** - Ef. feimni.

**felga** - Ef. ft. felgna.

**Felix** - Þgf. Felix. Ef. Felix.

**fellibylur** - Ft. fellibyljir. Sjá *bylur*.

**Fellsströnd** - Á Fellsströnd.

**felmtaður** - Ekki „flemtraður“.

**felmtsfullur** - Ekki „flemtsfullur“.

**felmtur** - Felmtri (ekki „flemtri“) sleginn.

**Feneyjar** - Venezia.

„ferðamannaíðnaður“ - Fremur: ferðapjónusta.

**ferðapjónusta** - Síður: „ferðamannaíðnaður“.

**ferja** - Ef. ft. ferja.

**fernir** - Fernir, fernar, fern. Töluorðin *einir, tvennir, þrennir, fernir* eru notuð til að telja ýmislegt sem ekki er hægt að telja með orðunum *einn, tveir, þrír* og *fjórir*, einkum orð sem aðeins eru til í fleirtölu: *buxur, skæri, verðlaun* o.s.frv. *Stofnuð voru ein heildarsamtök úr fernum eldri samtökum.*

**ferskja** - Ef. ft. ferskna.

**fertugsaldur** - Á fertugsaldri: á milli 30 og 40 ára.

**festi** - Merkir: keðja. Ef. festar.

- fé** - Fé, um fé, frá fé, til fjár. Með greini: féð, um féð, frá fénu, til fjárins.
- fégirni** - Ef. fégirni.
- Filippseyjar** - Filippseyingur; filippseyskur.
- filma** - Ef. ft. filmna.
- fimm** - Sjá *tölur*.
- fimmtugsaldur** - Á fimmtugsaldri: á milli 40 og 50 ára.
- finger** - Et. finger, um finger, frá fingri, til fingers. Ft. finger, um finger, frá fingrum, til fingra. *Kaldur finger. Kaldir finger* (ekki „kaldar finger“).
- finna** - Finna smjörþefinn af einhverju. Merkir skv. orðabók: Kenna á einhverju, þola óþægilegar afleiðingar einhvers. Orðtakið mun vera dregið af lykt af súru smjöri. Því þykir fara illa á að nota það t.d. um að fá sýnishorn af einhverju eða kynnast einhverju lítilla. Hins vegar: fá nasasjón af einhverju.
- Vera að finna. *Hana* (ekki „hún“) er þar að finna.
- finnandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- Finnbjörn** - Ef. Finnbjarnar eða Finnbjörns.
- Finnland** - Finni, ft. Finnar; finnskur.
- Finnmark** - Finnmörk.
- Finnmörk** - Á Finnmörk. Finnmark.
- Finnski flói** - Kirjálabotn. Flói inn af Eystrasalti, milli Eistlands og Finnlands.
- Firðirnir** - (Noregi.) Fjordane.
- fiski** - Merkir: fiskveiði. Ef. fiskjar, sbr. orðasambandið *róa til fiskjar*.
- fiskur** - Ef. fisks. (Ath. Eignarfallið er ekki „fiskjar“ – það er hins vegar eignarfall kvenkynsorðsins *fiski* (sem merkir: fiskveiði), sbr. orðasambandið *róa til fiskjar*.)
- Fídjeyjar** - Fídjeyingur; fídjeyskur.
- fíkja** - Ef. ft. fíkna.
- Fílabeinsströndin** - Fílabeinsstrendingur.
- fjallganga** - Ef. ft. fjallgangna.
- fjara** - Ef. ft. fjara.
- Fjarðarhorn** - Í Fjarðarhorni.
- Fjarðarkaup** - Fjarðarkaup, um Fjarðarkaup, frá Fjarðarkaupum, til Fjarðarkauða.



**Fjordane** - (Noregi.) Firðirnir.

**Fjón** - Ef. Fjóns. Fyn.

**fjórir** - Fjórir, um fjóra, frá fjórum, til fjögurra. Fjórar, um fjórar, frá fjórum, til fjögurra. Fjögur, um fjögur, frá fjórum, til fjögurra.

*Þarna munaði fjórum prósentum. Þarna munaði fjórum („ekki fjóru“) og hálfu prósentu. Hann fékk fjóra vinninga. Hann fékk fjóra (ekki „fjórán“) og hálfan vinning. Stofnunin hefur fjórar stöður. Stofnunin hefur fjórar (ekki „fjóra“) og hálfu stöðu.*

Sjá *tölur*.

**fjöldi** - Ýmis orð í íslensku vísa til margra þótt þau standi sjálf í eintölu. Beygingin miðast við form orðanna, þ.e. eintöluna, fremur en merkingu þeirra. Dæmi um þetta eru orðin *fjöldi, fólk, helmingur, hluti, meirihluti, minnihluti. Fjöldi skipa fékk góðan afla.*

**Fjölnir** - Fjölnir, um Fjölni, frá Fjölni, til Fjölnis.

**fjölskylda** - Ef. ft. fjölskyldna.

**Fjörður** - Fleirtöluorð í kvenkyni (svo!). *Út í Fjörður, norður í Fjörður.* Átt er við Hvalvatnsfjörð og Þorgeirsfjörð.

**Flaga** - Í Flögu.

**Flandern** - Flandur, Flæmingjaland.

**Flandur** - (Einnig *Flæmingjaland*.) Þgf. Flandri. Ef. Flandurs. Flæmingi, ft. Flæmingjar; flæmskur. Flandern.

**flaska** - Ef. ft. flaskna.

**Flatatunga** - Í Flatatungu.

**flatbaka** - Ef. ft. flatbakna. Tillaga um íslenskt nýyrði í stað tökuorðsins *pítsa*.

**Flatey** - Í Flatey.

**Flateyjardalur** - Á Flateyjardal.

**Flateyri** - Á Flateyri.

**flauta** - Ef. ft. flautna.

**fleira** - Ekki „fleirra“. Hvorugkyn eintölu.

Getur beygst í þgf. (*fleiru*) ef orðið stendur sjálfstætt. *Hún sagði frá þessu og fleiru.* Eða: *Hún sagði frá þessu og fleira.*

Hins vegar ávallt óbeygt með nafnorðum: *Hún sagði frá fleira fólki.*

**fleiri** - Ekki „fleirri“.

Getur beygst í þgf. ft. (*fleirum*) ef orðið stendur sjálfstætt. *Hún kom ásamt fleirum*. Eða: *Hún kom ásamt fleiri*. Hins vegar ávallt óbeygt með nafnorðum: *Hún kom ásamt fleiri konum*.

**FLEIRTALA** - Eintala eða fleirtala í dæmum á borð við: *Snjócoma og hrið var* (síður: „voru“) á heiðinni; sjá samsett frumlag.

„flemtraður“ - Afbökun. Sjá *felmtraður*.

„flemtsfullur“ - Afbökun. Sjá *felmtsfullur*.

„flemtur“ - Afbökun. Sjá *felmtur*.

**flétta** - Ef. ft. fléttna.

**Fljót** - 1) Fleirtöluorð. Í Fljótum. Nyrsta byggð Skagafjarðar að austan. 2) Styttling árheita: Hornafjarðarfljót (haft í fleirtölu), Lagarfljót (haft í eintölu).

**Fljótsdalshérað** - Á Fljótsdalshéraði. Einnig *Hérað*.

**Fljótshverfi** - Í Fljótshverfi.

**flótti** - *Það brast flótti í liðinu*.

**fluga** - Ef. ft. flugna.

**Flugleiðir** - Fleirtöluorð í kvenkyni. Flugleiðir, um Flugleiðir (ekki „Flugleiði“), frá Flugleiðum, til Flugleiða.

**Flúðir** - Fleirtöluorð í kvenkyni. Á Flúðum. Flúðir, um Flúðir (ekki „Flúði“), frá Flúðum, til Flúða.

**flytjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Flæmingjagrunn** - Síður: „Flæmski hatturinn“.

**Flæmingjaland** - (Einnig *Flandur*.) Flæmingi, ft. Flæmingjar; flæmskur. Flandern.

„Flæmski hatturinn“ - Fremur: Flæmingjagrunn.

**Fnjóskadalur** - Í Fnjóskadal.

**forða** - Forða einhverju. Merkir: bjarga einhverju.

Síður: „forða slysi“ o.s.frv. Fremur: afstýra slysum, koma í veg fyrir slys.

**foreldrar** - Fleirtöluorð í karlkyni. Einir, tvennir, þrennir, fernir foreldrar. Einnig er til hvorugkynsorðið *foreldri* sem hægt er að hafa eftir þörfum í eintölu eða fleirtölu. *Jón og Elín eru foreldrar hans. Jón og Elín eru tvö foreldri og einir foreldrar. Jóna og Elías eru foreldrar hennar. Jón og Elín og Jóna og Elías eru fjögur foreldri og tvennir foreldrar*.

**foreldri** - Hvorugkynsorð. Notað eftir þörfum í eintölu eða fleirtölu. Sjá *foreldrar*.



**Forint** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *fórinta*.

**formælandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**forsenda** - Ef. ft. forsendna.

**FORSETNINGAR MEÐ STAÐANÖFNUM** - Sjá *á, frá, í, úr*.

**forveri** - Merkir: sá maður sem var (næstur) á undan í starfi o.fl.

*Forveri hans í embætti var Vigdís Finnbogadóttir. Ekki er mælt með þessu orði um dauða hluti (t.d. „tækið var forveri bensínvélarinnar“) heldur þykir þá fara betur á orðinu fyrirrennari.*

**Foss** - Á Fossi.

**Fosshóll** - Á Fosshóli.

**fólk** - Ýmis orð í íslensku vísa til margra þótt þau standi sjálf í eintölu. Beygingin miðast við form orðanna, þ.e. eintöluna, fremur en merkingu þeirra. Dæmi um þetta eru orðin *fjöldi, fólk, helmingur, hluti, meirihluti, minnihluti. Allt fólkið, sem ég talaði við, ætlaði út að skemmta sér.*

**fórinta** - (Myntheiti.) Forint.

**fótboltabulla** - Ef. ft. *-bullna*. Einnig *knattspyrnubulla*.

**fótur** - Et. fótur, um fót, frá fæti, til fótur. Ft. fætur, um fætur, frá fótum, til fóta. *Kaldur fótur. Kaldir fætur* (ekki „kaldar fætur“).

**Frakkland** - Frakki, ft. Frakkar; franskur.

**fram** - Í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu getur *fram* merkt: suður. *Fram í fjörð* o.s.frv. (Andstætt er *út*.)

**framleiðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**framlengja** - *Framlengja frestinn* (ekki „frestinum“). *Framlengja lánið* (ekki „láninu“). *Framlengja víxilinn* (ekki „víxlinum“).

**framteljandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Franc** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *franki*.

**franki** - (Myntheiti.) Franc.

**frá** - Frá Húsavík, frá Akureyri o.s.frv.

Nefna má að víða tíðkast *frá* með sömu heitum og *á* (á Húsavík, frá Húsavík). (Víða er slíkt samband milli *úr* og *í* (í Borgarnesi, úr Borgarnesi) þótt forsetningin *frá* sé þó einnig notuð.)

**freistni** - Ef. freistni.

**Fremstafell** - Í Fremstafelli.

**Frey móður** - Ef. Freymóðar eða Freymóðs.

**Freyr** - Freyr, um Frey, frá Frey, til Freys.

**Friðbjörn** - Ef. Friðbjarnar eða Friðbjörns.

**friðhelgi** - Ef. friðhelgi.

**Friðný** - Þf. og þgf. Friðnýju.

**Friðrik** - Þgf. Friðrik eða Friðriki.

**friður** - Ef. friðar (nema í orðasambandinu *vera til friðs*).

**frilla** - Ef. ft. frillna.

**frír** - Fremur: ókeypis.

**Frísland** - Frísi, ft. Frísir; frísneskur.

**Fróðá** - Á Fróðá.

**fruma** - Ef. ft. frumna.

**fræði** - Ef. fræði. Athuga einnig mjög mörg samsett orð með *-fræði*, t.d. *stærðfræði*, *guðfræði* o.s.frv.

**fullorðinn** - Orðið hefur tvær aðalmerkingar: 1. uppkominn; 2. roskinn. Setningar á borð við: *ég sá fullorðinn mann á gangi á götunni* geta því verið tvíræðar nema efni frásagnarinnar að öðru leyti taki af öll tvímæli um merkinguna (þ.e. hvort átt er við mann sem kominn er af unglingsaldri (víðari merkingin) eða roskinn mann (þrengri merkingin)). Fyrir vikið getur orðið *fullorðinn* verið óheppilegt í talmiðli ef það dregur úr nákvæmni í frásögn.

**fundarboðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**fúlga** - Ef. ft. fúlgna.

**fylgjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**fylli** - Ef. fylli. Einnig *handfylli*, *kviðfylli* o.s.frv.

**Fyn** - Fjón.

**fyrirrennari** - Merkir: sá sem fer á undan. Sjá *forveri*.

**fyrirsát** - Kvenkynsorð.

**fyrirspyrjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**fyrirsæta** - Ef. ft. fyrirsætna.

**fyrirrum** - Atviksorð. Merkir: fyrr á tíð, hér áður fyrr. Óheppilegt er að segja um þann sem er nýlega hættur í starfi að hann sé t.d. „fyrirrum seðlabankastjóri“. Fremur: *fyrirverandi seðlabankastjóri*.

**fyrirverandi** - *Fyrirverandi seðlabankastjóri*. Í mörgum tilvikum er eðlilegra að nota orðið *fyrirverandi* en atviksorðið „fyrirrum“.

**fýsa** - *Hana fýsir að fara*.

**Færeyjar** - Í Færeyjum. Færeyingur; færeyskur.



**færsla** - Ef. ft. færslna.

**fæstur** - *Fæstir skiluðu sér.* (Ekki „fæðstir“.)

**föl** - Hvorugkynsorð eða kvenkynsorð. *Fölið* eða *fölin*.

**föt** - Fleirtöluorð í merkingunni: alklæðnaður. Ein, tvenn, þrenn, fern föt.

**Gabon** - Ef. Gabons. Gaboni, ft. Gabonar; gabonskur.

**gagnrýnandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**gallerí** - Tillaga um íslenskt orð: *listhús*.

**Galtafell** - Í Galtafelli.

**Galtará** - Á Galtará.

**gaman** - Gaman, um gaman, frá gamni, til gamans. Með greini:

gamanið, um gamanið, frá gamninu, til gamansins.

Hafa gaman af einhverju.

Henda gaman að einhverju.

Það er gaman að einhverju.

**Gambía** - Gambi, ft. Gambar; gambískur.

**Gana** - Ef. Gana. Ganverji; ganverskur.

**ganga** - Nafnorð. Ft. göngur. Ef. ft. gangna.

**ganga** - Sagnorð.

Ganga (fyrir sig). *Þetta gekk vel.* Viðbótin „fyrir sig“ er óþörf.

Ganga af einhverjum dauðum.

**gangagerð** - Rétt myndað orð um það að gera göng. (Ekki „gangnagerð“.)

**gangaop** - Rétt myndað orð um op á göngum. (Ekki „gangnaop“.)

**Garðabær** - Í Garðabæ.

**Garðar** - Í Görðum.

**Garður** - Í Garði(num).

**gata** - Ef. ft. gatna.

**gatnamót** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern gatnamót.

**Gautaborg** - Göteborg.

**Gautelfur** - Þf. og þgf. Gautelfi. Ef. Gautelfar. Göta älv.

**Gautland** - Götaland.

**gáfa** - Ef. ft. gáfna.

**gáta** - Ef. ft. gátna.

**gefinn** - Að (ekki „af“) gefnu tilefni.

**Geirmundur** - Ef. Geirmundar.

**Genf** - Ef. Genfar.

**Georg** - Þgf. Georg.

**Georgía** - Georgíumaður; georgískur.

**gera** - Gera grein fyrir einhverju (þ.e.: (hún) greinin er gerð fyrir einhverju). *Gerð* (ekki „gert“) *var grein fyrir atburðinum.*

Gera upptækt. Merkingarmunur er á orðasamböndunum *leggja hald á* og *gera upptækt*. (Lögregla getur lagt hald á eitthvað en dómsúrskurður er forsenda þess að hægt sé að gera eitthvað upptækt.)

**gerandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**gerðarbeiðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**gersemi** - Ef. et. gersemi. Ft. gersemar.

**geta** - Nafnorð. Ft. getur. Leiða getum að einhverju.

**gil** - Þgf. ft. giljum. Ef. ft. gilja.

**Gils** - Þgf. Gils. Ef. Gils.

**Gilsbakki** - Á Gilsbakka.

**Gissur** - Þgf. Gissuri. Ef. Gissurar.

**Gíbraltarsund** - Njörvasund.

**Gínea** - Ef. Gíneu. Gínei, ft. Gínear; gíneskur.

**Gínea-Bissá** - Ef. Gíneu-Bissár. Bissái, ft. Bissáar; bissáskur.

**gjald** - Há eða lág gjöld. (Ekki „dýr eða ódýr gjöld“.)

**gjalda** - Gjalda, galt, guldum, goldið.

Gjalda afhroð. Hins vegar: Bíða ósigur.

Gjalda í sömu mynt. Síður: „svara í sömu mynt“.

**Gjögur** - Á Gjögri.

**gleði** - Ef. gleði.

**gler** - Þgf. ft. glerum eða glerjum. Ef. ft. glera eða glerja.

**glettni** - Ef. glettni.

**glíma** - Ef. ft. glímna.

**Glomma** - Raumelfur.

**Glóra** - Í Glóru.

**glufa** - Ef. ft. glufna.

**glögg** - Kvenkynsorð eða hvorugkynsorð. Glögg, um glögg, frá glögg, til glaggar. Eða: Glögg, um glögg, frá glöggi, til glöggs.

**Godthåb** - Fremur: Nuuk.

**Góðrarvonarhöfði** - Klettahöfði á suðurodda Afríku.

**gómur** - *Fátæktina bar á góma.*

**grafa** - Ef. ft. grafna.



- gráfiþja** - Ef. ft. gráfiþna.
- grátur** - 1) Karlkynsorð. Ef. gráts (ekki „gráturs“). 2) Kvenkynsorð í fleirtölu (merkir: altarisgrindur og knébeður).
- gregorískur** - *Gregorískur kirkjusöngur* (kenndur við Gregoríus páfa fyrsta). *Gregorískt tímatal* (kennt við Gregoríus páfa þrettánda).
- greiðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- greiðsla** - Ef. ft. greiðslna.
- greiðsluhalli** - *Jafna greiðsluhalla. Laga greiðsluhalla.* (Ekki „brúa greiðsluhalla“.)
- greifynja** - Ef. ft. greifynja.
- grein** - Gera grein fyrir einhverju (þ.e.: (hún) greinin er gerð fyrir einhverju). *Gerð* (ekki „gert“) *var grein fyrir atburðinum.*
- greina** - Greina á. *Tvo menn greinir á. Sigríði og Guðnýju greinir á. Íslendinga og Finna greinir á.*
- gren** - Þgf. grenjum. Ef. grenja. (Einnig *greni.*)
- Grenada** - Ef. Grenada. Grenadamaður; grenadískur.
- greni** - Þgf. grenjum. Ef. grenja. (Einnig *gren.*)
- Grenivík** - Á Grenivík.
- Grenjaðarstaður** - Á Grenjaðarstað.
- gretta** - Ef. ft. grettna.
- Grettir** - Grettir, um Gretti, frá Gretti, til Grettis.
- grið** - Hvorugkynsorð í fleirtölu. (Þau) griðin. *Þær gáfu honum engin grið.*
- griðasamningur** - Ekki „griðarsamningur“.
- griðasáttmáli** - Ekki „griðarsáttmáli“.
- griðasvæði** - Ekki „griðarsvæði“.
- Grikkland** - Grikki, ft. Grikkir; grískur.
- Grindavík** - Í Grindavík.
- gríma** - Ef. ft. grímna.
- Grímsey** - Í Grímsey.
- Grímsstaðir** - Á Grímsstöðum.
- gruna** - *Hana grunar að hann hafi gert þetta. Hún grunar hann um verknaðinn.*
- Grund** - Á Grund.
- Grundarfjörður** - Í Grundarfirði.
- grunur** - *Ég renni grun í hvað þetta er. Grunur leikur* (ekki „liggur“) *á að þarna leynist fleira.*

*Hann liggur undir grun.*

*Mér býður í grun að þarna leynist fleira.*

**græðgi** - Ef. græðgi.

**Grænhöfðaeyjar** - Grænhöfðeyingur; grænhöfðeyskur.

**Grænland** - Á Grænlandi. Grænlendingur; grænlenskur.

**Gröf** - Í Gröf.

**gröftur** - Þgf. grefti. Ef. graftar. (Síður: „greftri, graftrar“.)

**Guðbjörn** - Ef. Guðbjarnar eða Guðbjörns.

**Guðborg** - Þf. og þgf. Guðborgu.

**Guðbrandur** - Ef. Guðbrands.

**Guðmundur** - Ef. Guðmundar.

**Guðný** - Þf. og þgf. Guðnýju.

**Guðröður** - Þgf. Guðröði. Ef. Guðröðar.

**guðspjónusta** - Ekki „guðspjónusta“.

**Guðvarður** - Ef. Guðvarðar eða Guðvarðs.

**Gufuskálar** - Á Gufuskálum.

**Guilder** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *gyllini*.

**gunga** - Ef. ft. gungna.

**Gunnbjörn** - Ef. Gunnbjarnar eða Gunnbjörns.

**Gunnvör** - Þf. og þgf. Gunnvöru. Ef. Gunnvarar.

**gúrka** - Ef. ft. gúrkna.

**Gústaf** - Þgf. Gústaf eða Gústafi.

**Gvatemala** - Ef. Gvatemala. Gvatemalamaður; gvatemalskur.

**Gvæjana** - Ef. Gvæjana. Gvæjanamaður; gvæjanskur.

**gyðja** - Ef. ft. gyðja.

**gyllini** - Ft. gyllini. (Myntheiti.) Guilder.

**gylta** - Ef. ft. gyltna.

**Gýgjarhóll** - Á Gýgjarhóli.

**gæði** - Fleirtöluorð. Athuga muninn á merkingu íslenska orðsins *gæði* (skylt *góður*) og erlendu orðanna *kvalitet*, *quality* o.s.frv. sem borið geta fremur hlutlausa merkingu: *eiginleikar*. Í íslensku er unnt að tala um góða eiginleika en illa er talið fara á orðalaginu „góð gæði“ og „léleg gæði“. Fremur: mikil gæði, lítil gæði.

**gærkvöld** - *Hann kom í gærkvöld* eða: *Hann kom í gærkvöldi*.

**gætur** - Kvenkynsorð í fleirtölu. Gefa einhverju (góðar) gætur.

**göng** - Fleirtöluorð. Ef. ganga. Ein, tvenn, þrenn, fern göng.

Jarðgöng. Hvalfjarðargöng.



- Göta älv** - Gautelfur.
- Götaland** - Gautland.
- Göteborg** - Gautaborg.
- hafa** - Hafa gaman af (ekki „að“) einhverju. (Hins vegar: Það er gaman að einhverju.)
- Hafnarfjörður** - Í Hafnarfirði.
- Hafnir** - Í Höfnum.
- Hafralækur** - Á Hafralæk.
- Hagi** - Í Haga.
- Hagkaup** - Hagkaup, um Hagkaup, frá Hagkaupi, til Hagkaups.
- Haítí** - Ef. Haítís. Haítímaður; haítískur.
- hal** - Ft. höl. (Ekki „hol“.) *Þeir fengu þrjú tonn í þessu hali.*
- hald** - Leggja hald á eitthvað. Merkingarmunur er á orðasamböndunum *leggja hald á* og *gera upptækt*. (Lögregla getur lagt hald á eitthvað en dómsúrskurður er forsenda þess að hægt sé að gera eitthvað upptækt.)
- halla** - Eiga hvergi höfði sínu að að halla. (Athuga: að að halla.)
- Hallbjörn** - Ef. Hallbjarnar eða Hallbjörns.
- Hallfreður** - Þgf. Hallfreði. Ef. Hallfreðar.
- Hallmundur** - Ef. Hallmundar.
- Hallormsstaður** - Á Hallormsstað.
- Hallvarður** - Ef. Hallvarðar eða Hallvarðs.
- Hälsingborg** - Helsingjaborg.
- Hälsingland** - Helsingjaland.
- Hamar** - Á Hamri.
- Hamborg** - Ef. Hamborgar.
- Hamrar** - Á Hömrum.
- handagangur** - Handagangur (ekki „hamagangur“) í öskjunni.
- Haraldur** - Ef. Haraldar eða Haralds.
- Hardanger** - Harðangur.
- Harðangur** - Harðangur, um Harðangur, frá Harðangri, til Harðangurs. Hardanger.
- harðýðgi** - Ef. harðýðgi.
- Haugasund** - Haugesund.
- Haugesund** - Haugasund.
- Haugur** - Á Haugi.
- Haukadalur** - Í Haukadal.
- Haukholt** - Fleirtöluorð. Í Haukholtum.

- hauskúpa** - Ef. ft. hauskúpna.
- Hákon** - Ef. Hákonar.
- hálf** - Af hálfu einhvers.
- Hálfdan** - Ef. Hálfdanar.
- Hálf dán** - Ef. Hálf dánar.
- Hálogaland** - Helgeland.
- Hámundur** - Ef. Hámundar.
- háreysti** - Ef. háreysti.
- hátíð** - Venjuleg fleirtala er *hátíðir* en í merkingunni: jól og áramót er fleirtölumyndin *hátíðar* (um *hátíðarnar*).
- Hávarður** - Ef. Hávarðar eða Hávarðs.
- Hebrides, The** - Suðureyjar.
- Hedmark** - Heiðmörk.
- hefja** - Hefja, hóf, hófum, hafið. *Þeir hófu leikinn. Þótt þeir hæfu leikinn. Þeir hafa hafið leikinn.* (Ath. að rugla ekki saman við sagnorðið *hafa* (hafði, haft).)
- Heiðarbær** - Á Heiðarbæ.
- heiði** - Ef. et. heiðar. Ft. heiðar.
- Heiði** - Á Heiði.
- Heiðmörk** - 1) Í eða á Heiðmörk (við Elliðavatn). 2) Á Heiðmörk. Hedmark.
- heiðni** - Ef. heiðni.
- heimanmundur** - Ef. heimanmundar.
- Heimir** - Heimir, um Heimi, frá Heimi, til Heimis.
- heita** - Um notkun í þolmynd, sjá *úthluta*.
- hel** - Ef. heljar.
- Helgafell** - Á Helgafelli.
- Helgeland** - Hálogaland.
- helgi** - 1) Helgidómur, friðhelgi. Ef. helgi. *Hömlur eru á umferð vegna helgi staðarins.* 2) Laugardagur og sunnudagur. Ef. helgar. *Ég hlakka til næstu helgar.*
- hella** - Ef. ft. hellna.
- Hella** - Á Hellu.
- hellast** - Ekki „hellast“ heldur: heltast úr lestinni.
- hellir** - Hellir, um helli, frá helli, til hellis. Hellar, um hella, frá hellum, til hella.
- Hellissandur** - Á Hellissandi.
- Hellnar** - Á Hellnum.



**Hellusund** - Dardanellasund.

**Helluvað** - Á Helluvaði.

**helmingur** - Ýmis orð í íslensku vísa til margra þótt þau standi sjálf í eintölu. Beygingin miðast við form orðanna, þ.e. eintöluna, fremur en merkingu þeirra. Dæmi um þetta eru orðin *fjöldi, fólk, helmingur, hluti, meirihluti, minnihluti. Helmingur þeirra sem spurðir voru fór í Þórsmörk.*

**Helsingfors** - Norrænt (sænskt) heiti um Helsinki.

**Helsingjaborg** - Hälsingborg.

**Helsingjabotn** - Hafið milli Finnlands og Svíþjóðar, norðan við Álandseyjar.

**Helsingjaeyri** - Helsingør.

**Helsingjaland** - Hälsingland.

**Helsingør** - Helsingjaeyri.

**Helsinki** - Norrænt (sænskt) heiti er *Helsingfors*.

**heltast** - Heltast úr lestinni. Ekki „hellast úr lestinni“.

**henda** - Henda gaman að einhverju. Ekki „henda gaman af einhverju“.

**hendi** - Sjá *hönd*.

**hentifáni** - Síður: „þægindafáni“.

**heppni** - Ef. heppni.

**her** - Þgf. ft. herjum. Ef. ft. herja.

**Herbert** - Þgf. Herbert eða Herberti.

**Herðubreið** - Kvenkynsorð. Ef. Herðubreiðar.

**Hergilsey** - Í Hergilsey.

**Hermóður** - Ef. Hermóðar eða Hermóðs.

**Hestur** - Á Hesti.

**hetja** - Ef. ft. hetja.

**heyja** - 1) Heyja baráttu, heyja stríð; beyging: heyja, háði, háð. 2) Afla heyja; beyging: heyja, heyjaði, heyjað.

**Héðinn** - Þgf. Héðni.

**Hérað** - Á Héraði. Einnig *Fljótsdalshérað*.

**hilla** - Ef. ft. hillna.

**Hilmir** - Hilmir, um Hilmi, frá Hilmi, til Hilmis.

**hinn** - „Hinnir ýmsu(stu)“. Ýmis er að uppruna fornafn og því er ekki talið æskilegt að segja „hinnir ýmsu menn“ eða „hinnir ýmsustu aðilar“ enda er orðið *ýmis* þá sett í stöðu lýsingarorðs.

Fremur: *Ýmsir menn, alls konar fólk, mismunandi aðilar*  
o.s.frv.

**Hinrik** - Þgf. Hinrik eða Hinriki.

**hirsla** - Ef. ft. hirslna.

**Hisingen** - Hísing.

**Hísing** - (Eyja.) Hisingen.

**Hítardalur** - Í Hítardal.

**Hítarnes** - Í Hítarnesi.

**Hjalli** - Á Hjalla.

**Hjaltastaðarþinghá** - Í Hjaltastaðarþinghá.

**Hjaltastaður** - Á Hjaltastað.

**Hjaltland** - Á Hjaltlandi. Shetland Islands.

**Hjarðarnes** - Á Hjarðarnesi.

**hjarta** - Ef. ft. hjartna.

**Hjálmholt** - Í Hjálmholti.

**hjólbörur** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar hjólbörur.

**hjón** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern hjón.

**Hjörleifshöfði** - Á Hjörleifshöfða.

**Hjörtur** - Þgf. Hirti. Ef. Hjartar.

**hlaða** - Ef. ft. hlaðna.

**hlakka** - *Hún hlakkar til. Þeir hlakka til.*

**Hleiðra** - Lejre.

**hlé** - Et. hlé, um hlé, frá hléi, til hlés. Með greini: hléið, um hléið, frá hléinu, til hlésins. Ft. hlé, um hlé, frá hléum, til hléa. Með greini: hléin, um hléin, frá hléunum, til hléanna.

**Hlésey** - Læsø.

**hliðstæða** - Ef. ft. hliðstæðna.

**Hlíð** - Í Hlíð.

**hljóðstofa** - (Í útvarpi.) Íslenskt nýyrði í stað „stúdíó“.

**hljóðver** - (Húsnæði utan útvarps og sjónvarps sem ætlað er fyrir tónlistarupptökur.) Íslenskt nýyrði í stað „stúdíó“.

**hljómkviða** - Ef. ft. hljómkviðna.

**hljómleikar** - Fleirtöluorð. Einir, tvennir, þrennir, fernir hljómleikar.

**hlustandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**hluti** - Ýmis orð í íslensku vísa til margra þótt þau standi sjálf í eintölu. Beygingin miðast við form orðanna, þ.e. eintöluna, fremur en merkingu þeirra. Dæmi um þetta eru orðin *fjöldi*,



*fólk, helmingur, hluti, meirihluti, minnihluti. Hluti kjósenda vill breytingar.*

**hlúa** - Hlúa að einhverju. Hlúa, hlúði, hlúð.

**hlýðni** - Ef. hlýðni.

**Hlöðver** - Þgf. Hlöðver eða Hlöðveri.

**hnekkir** - Eintala: hnekkir, um hnekki, frá hnekki, til hnekkis. Bíða hnekki.

**hné** - Et. hné, um hné, frá hné, til hnés. Með greini: hnéð, um hnéð, frá hnénu, til hnésins. Ft. hné, um hné, frá hnjám, til hnjáa.

Með greini: hnén, um hnén, frá hnjánum, til hnjánna.

**Hnífsdalur** - Í Hnífsdal.

**hnísa** - Ef. ft. hnísna.

**Hnjóskadalur** - Í Hnjóskadal.

**hnyttni** - Ef. hnyttni.

**hnýsni** - Ef. hnýsni.

**Hof** - Á Hofi.

**Hofsós** - Á eða í Hofsósi.

„**hol**“ - (Við fiskveiðar.) Fremur: hal, ft. höl.

**hola** - Ef. ft. holna.

**Holland** - (Einnig *Niðurlönd*.) Hollendingur eða Niðurlendingur; hollenskur eða niðurlenskur.

**Holstein** - Holtsetaland.

**Holsten** - Holtsetaland.

**Holt** - 1) Fleirtöluorð. Í Holtum (sveit milli Þjórsár og Ytri-Rangár, frá sjó og upp að Landi). 2) Eintöluorð. Í Holti.

**Holtsetaland** - Holstein, Holsten.

**Hondúras** - Hondúri, ft. Hondúrar; hondúrskur.

**Hordaland** - Hörðaland.

„**horfun**“ - Af sögnum, sem beygjast eins og *horfa* (horfði, horft), eru helst ekki mynduð nafnorð með viðskeytinu *-un*. Sögnum, sem beygjast eins og *hlusta* (hlustaði, hlustað), samsvara hins vegar kvenkynsnafnorð sem enda á *-un*, t.d. *hlusta – hlustun, hreinsa – hreinsun, loka – lokun* o.s.frv.

Áhorf er hins vegar rétt myndað nafnorð af orðasambandinu *horfa á*.

**Hornafjarðarfljót** - Fleirtöluorð. (Mynduð af Suðurfljótum og Austurfljótum.)

- Hornafjörður** - Á Hornafirði (þéttbýlið, Höfn). Í Hornafirði (um sveitina).
- Hornstrandir** - Fleirtöluorð. Á Hornströndum.
- hófsemi** - Ef. hófsemi. Gæta hófsemi.
- Hólar í Hjaltadal** - Á Hólum. Heim að Hólum.
- Hólmavík** - Á Hólmavík.
- hóta** - Um notkun í þolmynd, sjá *úthluta*.
- Hrafnkell** - Þgf. Hrafnkatli eða Hrafnkeli.
- Hraungerði** - Í Hraungerði.
- Hreggviður** - Ef. Hreggviðar eða Hreggviðs.
- hrinda** - Tvenns konar beyging: 1) hrinda, hrinti, hrint og 2) hrinda, hratt, hrundum, hrundið.  
 Merking sagnarinnar ræður því stundum hvor beygingin er valin. Í eiginlegri merkingu: *Þeir hrintu honum. Honum var hrint. Í afleiddri merkingu: Hún hratt þessu af stað. Hún hefur hrundið þessu af stað.*
- hringur** - Fleirtölumyndir eru mismunandi eftir merkingu. Hringar, um hringa, frá hringum, til hringa. Eða: hringir, um hringi, frá hringjum, til hringja.
- Hringur** - (Mannsnafn.) Þgf. Hring eða Hringi.
- hrífa** - Ef. ft. hrífna.
- Hrísey** - Í Hrísey.
- hrísla** - Ef. ft. hríslna.
- hrota** - Ef. ft. hrotna.
- Hróarskelda** - Roskilde.
- Hróðný** - Þf. og þgf. Hróðnýju.
- hrukka** - Ef. ft. hrukka.
- Hruni** - Í Hruna.
- hrúga** - Ef. ft. hrúgna.
- hryðja** - Ef. ft. hryðja.
- hryggur** - Et. hryggur, um hrygg, frá hrygg, til hryggjar. Ft. hryggir, um hryggi, frá hryggjum, til hryggja.
- hrylla** - *Hana hryllti við þessu.*
- hrynjandi** - Þetta og nokkur fleiri orð, sem enda á *-andi*, eru gjarna í kvenkyni frá fornu fari: *fögur hrynjandi, fögur kveðandi, mikil stígandi*. Aðeins notað í eintölu. Haft eins í öllum föllum.
- hryssa** - Ef. ft. hryssna.



**Hrönn** - Ef. Hrannar.

**hugi** - Et. hugi, um huga o.s.frv. Ft. hugar, um huga o.s.frv.

Hafa eitthvað í huga.

Einnig er til orðið *hugur*. (Einhverjum dettur eitthvað í hug o.s.frv.)

**Huginn** - Huginn, um Hugin, frá Hugin, til Hugins.

**hugprýði** - Ef. hugprýði.

**hugulsemi** - Ef. hugulsemi.

**hugur** - Et. hugur, um hug, frá hug, til hugar. Ft. hugir, um hugi, frá hugum, til huga.

Detta í hug.

Fella hugi saman.

Koma til hugar.

Einnig er til orðið *hugi* (hafa eitthvað í huga o.s.frv.).

**humar** - Þgf. humri.

**Humber** - Humra.

**Humra** - Kvenkynsorð (árheiti). Humber.

**hundrað** - Et. hundrað, um hundrað, frá hundraði, til hundraðs. Ft. hundruð, um hundruð, frá hundruðum, til hundraða.

Ýmist haft sem nafnorð (*hundrað manna; ég mætti hundruðum manna á leiðinni*) eða óbeygjanlegt lýsingarorð (*hundrað menn, hundrað manns; ég mætti hundrað mönnum á leiðinni*).

**hungra** - Hana *hungrar*.

**hungurverkfall** - Mörgum leiðist þetta orð (bein þýð. úr ensku *hunger strike*) og þykir það vera órökrétt og fara illa í íslensku. Í staðinn hefur verið stungið upp á orðinu *mótmælasveldi*.

**Hunkubakkar** - Á Hunkubökkum.

**hurð** - Ft. hurðir. Orðið *dyr* merkir op eða inngang, t.d. inn í hús, herbergi eða bíl. Hurð er hins vegar einhvers konar fleki sem nota má til að loka opinu, innganginum. Því er eðlilegt að tala um að *opna og loka dyrunum* (eins og talað er um að *opna og loka gati eða opi*). Síður: „opna hurðina, loka hurðinni“.

**húfa** - Ef. ft. húfna.

**húsakynni** - Fleirtöluorð. Í nýjum *húsakynnum*.

**Húsavík** - Á Húsavík (þéttbýli).

**húsbyggjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**húseigandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**húsfreyja** - Ef. ft. húsfreyja.

**hvaðanæva** - *Hvaðanæva af landinu.* (Síður: „hvaðanæva að af landinu“.)

**Hvalfjörður** - Í Hvalfirði.

**Hvammstangi** - Á Hvammstanga.

**Hvammur** - Í Hvammi.

**Hvanneyri** - Á Hvanneyri.

**Hvarf** - Kap Farvel.

**hver** - Um einn af þremur eða fleirum.

**hver annar** - Orðin *hver* og *annar* eiga ekki að beygjast saman.

*Hver* á að standa í sama falli og gerandinn (venjulega nefnifalli) en *annar* stendur nær aldrei í nefnifalli.

*Þeir ásökuðu hver annan* (ekki „hvern annan“).

*Þeir horfðu hver á annan* (ekki „á hvern annan“).

*Þeir ógnuðu hver öðrum* (ekki „hverjum öðrum“).

*Þeir stálu hver frá öðrum* (ekki „frá hverjum öðrum“).

*Þeir söknuðu hver annars* (ekki „hvers annars“).

*Þeir óku hver til annars* (ekki „til hvers annars“).

*Þeir girntust eigur hver annars* (ekki „hvers annars“).

*Þær stríddu hver annarri* (ekki „hverri annarri“).

*Hver og annar* eru í fleirtölu ef þau vísa til orða í fleirtölu eða til fleirtöluorða. *Íslendingar, Færeyingar og Grænlandingar hjálpa hverjir öðrum. Samtökin þrenn hjálpuðu hver öðrum.*

Stundum er gerandinn ekki í nefnifalli. Þá fylgir *hver*

gerandanum. *Siggu, Jónu og Gunnu dreymir hverja aðra.*

*Siggu, Jónu og Gunnu þykir vænt hverri um aðra. Sagan*

*fjallaði um róg frambjóðendanna hvers um annan.*

**hver sinn** - Orðin *hver* og *sinn* eiga ekki að beygjast saman.

*Bræðurnir komu hver á sínum bíl.* (Ekki: „Bræðurnir komu á sitthvorum bílnum.“) Sjá einnig *sinn hver*.

**Hveragerði** - Í Hveragerði.

**Hveravellir** - Á Hveravöllum.

**hvirfilbylur** - Ft. hvirfilbyljir. Sjá *bylur*.

**Hvíta-Rússland** - Hvít-Rússi, ft. Hvít-Rússar; hvítrússneskur.

**Hvítársíða** - Í Hvítársíðu.

**Hvoll** - Á Hvoli.



**Hvolsvöllur** - Á Hvolsvelli.

**hvor** - Um annan af tveimur.

**hvor annar** - Orðin *hvor* og *annar* eiga ekki að beygjast saman. Sjá *hver annar*.

**hvor sinn** - Orðin *hvor* og *sinn* eiga ekki að beygjast saman. Sjá *hver sinn*.

**hvor tveggja** - Fyrri liðurinn (*hvor*) beygist (um *hvorn*, frá *hvorum* o.s.frv.) en orðmyndin *tveggja* er venjulega óbeygð í nútímamáli.

Forn orðmynd er *hvortveggi* þar sem báðir orðliðir beygjast (um *hvortveggja* o.s.frv.). Einnig er til óbeygða myndin *hvorutveggja*, einkum í talmáli.

Hvorugkyn eintölu, *hvortveggja*, er haft um ýmislegt sem ekki er hægt að telja: *Hér er hvorki kyrrð né ró; ég sakna hvors tveggja. Það vantar sykur og salt; kaupu hvort tveggja.* (Hér væri ekki vandað málfar að segja „kaupu bæði“ o.s.frv. því að orðið *báðir* er einungis til í fleirtölu.)

**hvorki ... né** - Svokölluð fleyguð samtenging; nafnið er dregið af því að eitt eða fleiri orð eru venjulega á milli *hvorki* og *né*.

Athuga seinni lið tengingarinnar; tengingin missir óneitanlega svip sinn þegar sagt er *hvorki Jón eða Pétur* í stað *hvorki Jón né Pétur*.

**hvortveggi** - Sjá *hvor tveggja*.

**hvorutveggja** - Sjá *hvor tveggja*.

**hygla** - Hygla, hyglaði, hyglað.

**hylli** - Ef. hylli. Njóta hylli.

**hylur** - Ef. et. hyljar eða (oftar) hyls. Ft. hylir eða hyljir, um hyli eða hylji, frá hyljum, til hylja.

**hæðni** - Ef. hæðni.

**hækja** - Ef. ft. hækna.

**Hæll** - Á Hæli.

**hæsi** - Ef. hæsi.

**hæstur** - Ekki „hæðstur“.

**hætta** - Tefla á tvær hættur.

**höfða** - Höfða mál á hendur einhverjum (ekki „einhvers“).

**Höfðaborg** - Cape Town.

**Höfðabrekka** - Á Höfðabrekku.

**Höfn í Hornafirði** - Á Höfn í Hornafirði.

**höfuð** - Eiga hvergi höfði sínu að að halla. (Athuga: að að halla.)

**höfuðborgarsvæðið** - Síður: „Stór-Reykjavíkursvæðið“.

**höfundur** - Ef. höfundar.

**höldur** - Höldur, um höld, frá höldi, til hölds.

**hönd** - Hönd, um hönd, frá hendi, til handar.

Höfða mál á hendur einhverjum (ekki „einhvers“).

Lýsa einhverju á hendur sér (verknaði, t.d. mannvígum).

*Samtökin lýstu sprengjutilræðinu á hendur sér.* „Lýsa ábyrgð á hendur sér“ er hæpið orðalag.

Taka einhverjum tveim höndum. (Ekki „opnum höndum“; hins vegar: opnum örmum.)

**Hörðaland** - Hordaland.

**Hörður** - Þgf. Herði. Ef. Harðar.

**Höskuldur** - Ef. Höskuldar eða Höskulds.

**höttur** - Þgf. hetti. Ef. hattar.

**iðnaður** - Ef. iðnaðar.

**iðnrekandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Indland** - Indverji; indverskur.

**Indónesía** - Indónesi, ft. Indónesar; indónesískur.

**Ingimar** - Þgf. Ingimar.

**Ingimundur** - Ef. Ingimundar.

**Ingjaldur** - Ef. Ingjalds.

**inn** - Víðast hvar á Íslandi er atviksorðið *inn* notað um stefnu inn til landsins.

Á Suðurnesjum getur *inn* merkt: til höfuðborgarsvæðisins. *Inn til Reykjavíkur, fara inn eftir.*

Í Þingeyjarsýslu getur *inn* merkt u.þ.b.: vestur. *Inn í Eyjafjörð, inn til Akureyrar, fara inn eftir.*

**Internetið** - Einnig *Netið*.

**Isle of Man** - Mön.

**Istanbul** - Gamalt íslenskt heiti er *Mikligarður*.

**í** - Forsetning með mörgum staðanöfnum. Í Borgarnesi, í Bolungarvík o.s.frv. Gæta verður vel að því hvar málvenja krefst þess að notað sé *í* og hvar *á*.

Forsetningar með kaupþúna- og kaupstaðanöfnum sem enda á *-vík*: *í* er notað frá og með Vík í Mýrdal vestur og norður um land til Ísafjarðardjúps (í Vík – í Súðavík) en *á*



með slíkum nöfnum frá og með Hólmavík austur á bóginn og suður með Austfjörðum (á Hólmavík – á Breiðdalsvík).

Nefna má að víða tíðkast *úr* með sömu heitum og *í* (úr Borgarnesi, úr Bolungarvík) þótt forsetningin *frá* sé þó einnig notuð. (Víða er slíkt samband milli *á* og *frá* (á Húsavík, frá Húsavík).)

**ígulker** - Þgf. ft. ígulkerum. Ef. ft. ígulkera.

**Írak** - Ef. Íraks. Íraki, ft. Írakar; íraskur.

**Íran** - Ef. Írans. Írani, ft. Íranar; íranskur.

**Íris** - Þf. og þgf. Íris eða Írisi.

**Írland** - Íri, ft. Írar; írskur.

**Ísafjörður** - Á Ísafirði (þéttbýli við Skutulsfjörð). Í Ísafirði (firði innst í Ísafjarðardjúpi).

**Ísak** - Þgf. Ísak.

**íslam** - Ef. íslams. Síður: múhameðstrú.

**íslamskur** - Síður: „múslímskur“.

**Ísland** - Íslendingur; íslenskur.

**Ísrael** - Ef. Ísraels. Ísraeli, ft. Ísraelar; ísraelskur.

**Ítalía** - Ítali, ft. Ítalir; ítalskur.

**íturvaxinn** - Merkir: íturskapaður, fagurvaxinn. (Síður: feitur, mikill um sig.) Orðið *ítur* merkir: fagur.

**Ívar** - Þgf. Ívari.

**Jaðar** - 1) Á Jaðri (Hrunamannahreppi). 2) Jæren.

**jafngildi** - *Jafngildi fjögurra milljóna króna*. En: *Að verðmæti fjórar milljónir króna*.

**jakkaföt** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern jakkaföt.

**Jakob** - Þgf. Jakob eða Jakobi.

**Jamaíka** - Þf., þgf. og ef. Jamaíku. Jamaíki, ft. Jamaíkar; jamaískur.

**Jamtaland** - Jämtland.

**Jämtland** - Jamtaland.

**Japan** - Ef. Japans. Japani, ft. Japanar; japanskur.

**Jarðbrú** - Á Jarðbrú.

**jarðgangagerð** - Rétt myndað orð um það að gera jarðgöng. (Ekki „jarðgangnagerð“.)

**jarðlest** - Tillaga að liprara orði í stað *neðanjarðarlest*.

**jarðýta** - Ef. ft. jarðýtna.

**Jarlhettur** - Fleirtala. Ef. Jarlhettna.

**Jason** - Ef. Jasonar.

- jákvæður** - Varast skyldi að ofnota þetta orð þar sem betur gæti farið t.d. á *góður*, *efnilegur* o.s.frv.
- játa** - Um notkun í þolmynd, sjá *úthluta*.
- Jemen** - Ef. Jemens. Jemeni, ft. Jemenar; jemenskur.
- jen** - (Myntheiti.) Yen.
- Jenný** - Þf. og þgf. Jennýju.
- Jens** - Þf., þgf. og ef. Jens.
- Jerúsalem** - Ef. Jerúsalem. Gamalt íslenskt heiti er *Jórsalir*.
- Jesús** - Jesús (ávarpsfall: Jesús), um Jesúm, frá Jesú, til Jesú.
- Jóhannes** - Þgf. Jóhannesi.
- jól** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern jól.
- Jónatan** - Þgf. Jónatan.
- Jórdan** - Árheiti. Ef. Jórdanar. *Vesturbakki Jórdanar*.
- Jórdanía** - Jórdani, ft. Jórdanar; jórdanskur.
- Jórsalir** - Fleirtöluorð. Gamalt íslenskt heiti um Jerúsalem.
- Jórvík** - York.
- Jótland** - Jylland.
- júan** - (Myntheiti.) Yuan.
- Júgóslavía** - Júgóslavi, ft. Júgóslavar; júgóslavneskur.
- Jylland** - Jótland.
- Jæren** - Jaðar.
- jöfnuður** - Ef. jafnaðar. Ath. þó að orðið *viðskiptajöfnuður* og fleiri samsett orð hafa ef. -jöfnuðar.
- jöfur** - Þgf. jöfri. Ef. jöfurs.
- Jökuldalur** - Á Jökuldal.
- Jörundur** - Ef. Jörundar.
- kala** - *Hana kelur. Mennina kól.*
- Kaldaðarnes** - Í Kaldaðarnesi.
- Kaldakinn** - Í Kaldakinn (einkum málvenja heimamanna) eða Köldukinn.
- kaldavermsl** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern kaldavermsl.
- Kaldbakur** - Á Kaldbak.
- Kaldidalur** - Á Kaldadal.
- Kambódía** - Kambódíumaður; kambódískur.
- Kamerún** - Ef. Kamerúns. Kamerúni, ft. Kamerúnar; kamerúnskur.
- Kanada** - Ef. Kanada. Kanadamaður; kanadískur.
- Kantaraborg** - Canterbury.
- Kap Farvel** - Hvarf.



**kapella** - Ef. ft. kapellna.

„**karabískur**“ - Síður: „Karabíska hafið“. Fremur: Karíbahaf.

**Karelía** - Kirjálaland.

**Karen** - Þf. og þgf. Karen eða Karenu.

**karfa** - Ef. ft. karfna.

**Karíbahaf** - Síður: „Karabíska hafið“ eða „Karabíahafið“.

Karíbahaf er kennt við Karíba.

**Karítas** - Þgf. Karítas. Ef. Karítasar.

**kartafla** - Ft. kartöflur. Ef. ft. kartaflna.

**Kasakstan** - Ef. Kasakstans. Kasaki, ft. Kasakar; kasakskur.

**Katar** - Ef. Katars. Katari, ft. Katarar; katarskur. (Qatar.)

**katólskur** - Einnig *kaþólskur*.

**kaupa** - Bh. et. kaupu. *Kaupa inn. Kaupa vörur. Kaupa sér vörur.*

**kaupandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Kaupmannahöfn** - Ef. Kaupmannahafnar.

**kaupmáttur** - Ef. kaupmáttar.

**kauptaxti** - Ekki „kauptexti“.

**kaþólskur** - Einnig *katólskur*.

**káeta** - Ef. ft. káetna.

**Kálfafell** - Á Kálfafelli.

**kápa** - Ef. ft. kápna.

**Keflavík** - Í Keflavík.

**keila** - Ef. ft. keilna.

**kelda** - Ef. ft. keldna.

**Keldur** - Fleirtala. Ef. Keldna.

**kempa** - Ef. ft. kempna.

**Kenía** - Ef. Kenía eða Keníu. Keníamaður eða Keníumaður;  
kenískur.

**keppandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**keppinautur** - Fer oft betur en orðið „samkeppnisaðili“.

**keppni** - Ef. keppni.

**ker** - Þgf. ft. kerum. Ef. ft. kera.

**Kerlingarskarð** - Á Kerlingarskarði.

**kerra** - Ef. ft. kerra.

**Ketill** - Þgf. Katli.

**keyra** - *Hún keyrði Guðmund* (síður: „Guðmundi“) *í bæinn*.

**kilja** - Ef. ft. kilja.

**kippa** - Ef. ft. kippna.

- Kirgisistan** - (Einnig *Kirgisía*.) Ef. Kirgisistans. Kirgisi, ft.  
Kirgisar; kirgiskur.
- Kirgisía** - (Einnig *Kirgisistan*.) Kirgisi, ft. Kirgisar; kirgiskur.
- Kirjálabotn** - Finnski flói. Flói inn af Eystrasalti, milli Eistlands og Finnlands.
- Kirjálaland** - Karelía.
- kirkja** - Ef. ft. kirkna.
- Kirkjuból** - Á Kirkjubóli.
- Kirkjubæjarklaustur** - Á Kirkjubæjarklaustri.
- kista** - Ef. ft. kistna.
- Kíev** - Kænugarður.
- kíkir** - Ft. kíkjar, um kíkja, frá kíkjum, til kíkja.
- kílómetri** - Síður: „kílómeter“.
- kímni** - Ef. kímni.
- Kína** - Ef. Kína. Kínverji; kínverskur.
- Kípur**- (Einnig *Kýpur*.) Á Kípur. Ef. Kípur. Kípverji eða Kýpverji; kípverskur eða kýpverskur.
- Kíríbatí** - Ef. Kíríbatís. Kíríbatí, ft. Kíríbatar; kíríbatískur.
- Kjalarnes** - Á Kjalarnesi.
- Kjartan** - Þgf. Kjartani.
- Kjós** - Í Kjós.
- kjósandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- Kjølen** - Kjölur.
- Kjölur** - Þgf. Kili. Ef. Kjalar. 1) Skarð milli Hofsjökuls og Langjökuls. 2) Kjølen.
- kjölfar** - Eitthvað kemur (eða siglir) í kjölfar einhvers (síður: „í kjölfarið á einhverju“).
- kjör** - Eintala (kjörið) merkir: kosning, val. Ná kjöri, vera í kjöri. Fleirtala (kjörin) merkir: skilmálar. Greiðslukjör, launakjör. Búa við kröpp kjör. Fá/kaupa eitthvað með góðum kjörum.
- Klemens** - Þgf. Klemens eða Klemensi. Ef. Klemens eða Klemensar.
- klemma** - Ef. ft. klemmna.
- klessa** - Ef. ft. klessna.
- Klettafjöll** - Rocky Mountains.
- klíka** - Ef. ft. klíkna.
- Klofi** - Í Klofa.



**kló** - Ef. et. klóar. Ft. klær.

**klukka** - Ef. ft. klukkna.

Setninguna: *klukkan er fimm mínútur í sjö* má skilja á tvo vegu (6.05 og 6.55) og fyrir vikið er slíkt orðalag óheppilegt í talmiðli. Ótvíræðar setningar væru: *klukkan er fimm mínútur gengin í sjö* og: *klukkuna vantar fimm mínútur í sjö*.

**knattspyrnubulla** - Ef. ft. -bullna. Einnig *fótboltabulla*.

**kolla** - Ef. ft. kollna.

**Kollafjarðarnes** - Á Kollafjarðarnesi.

**Kollafjörður** - Í Kollafirði.

**koma** - Koma í veg fyrir. *Koma í veg fyrir slys, gjaldþrot* o.s.frv. (síður: „forða slysum, gjaldþrotum o.s.frv.“).

Koma til með. Þetta orðasamband er oft óþarft: „Koma til með að verða áberandi“ merkir ekki annað en: *verða áberandi*.

Koma við sögu. Svo og svo margar persónur koma við sögu í tiltekinni frásögn. *Hann hefur oft komið við sögu skattsvikamála áður*. (Athuga að blanda þessu ekki saman við orðasambandið *komið sögu*.)

Koma til móts við eitthvað. *Hún kom til móts* (ekki „á móts“)  
*við óskir þeirra*.

Komið sögu. *Þegar hér var komið sögu ákvað lögreglan að skerast í leikinn*, þ.e.: á tilteknum stað í sögunni (frásögninni) ákvað lögreglan að skerast í leikinn. (Athuga að blanda þessu ekki saman við orðasambandið *koma við sögu*; í dæminu hér á undan er ekki sagt að neinn hafi komið við þá sögu heldur var þar komið sögunni.)

**kona** - Ef. ft. kvenna.

**Kongó** - Ef. Kongós. Kongómaður eða Kongói (ft. Kongóar);  
kongóskur.

**Konráð** - Þgf. Konráð eða Konráði.

**Korsíka** - Á Korsíku.

**korter** - Einnig *stundarfjórðungur*.

**Koruna** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *króna*.

**kosning** - Huga þarf að því hvort orðið er notað í eintölu eða fleirtölu. *Formaðurinn var kjörinn lögmætri kosningu*.

*Sveitarstjórnarkosningarnar voru í maí. Ráðgerðar eru einar alþingiskosningar fyrir aldamót. Flokkurinn hefur sigrað í síðustu tvennum (ekki „tveimur“) kosningum.*

Sumum þykir betra mál að tala um *atkvæðagreiðslu* fremur en *kosningu* þegar sagt er já eða nei við tiltekinni hugmynd eða tillögu.

**kostandi** - Nafnorð. Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Kostaríka** - Ef. Kostaríku. Kostaríkumaður; kostarískur.

**Kotlaugar** - Á Kotlaugum.

**Kólumbía** - Kólumbíumaður eða Kólumbi (ft. Kólumbar); kólumbískur.

**Kómoreyjar** - Kómoreyingur; kómoreyskur.

**Kópasker** - Á Kópaskeri.

**Kópavogur** - Í Kópavogi.

**Kórea** - Ef. Kóreu. Kóreumaður eða Kórei (ft. Kórear); kóreskur.

**krafa** - Ef. ft. krafna.

**krá** - Ef. et. krár eða kráar. Ft. krár.

**kreik** - *Orðrómur er á kreiki um þetta.* Merkir: orðrómur er um þetta. Athuga að rugla ekki saman við orðasambandið *vera á reiki* (merkir: vera óstöðugur).

**kreppa** - *Bændurnir vita hvar skórin* (ekki „skóinn“) *kreppir.*

**kringumstæður** - Fleirtöluorð. Ef. kringumstæðna.

**Kristbjörn** - Ef. Kristbjarnar eða Kristbjörns.

**Kristinn** - Þgf. Kristni.

**Kristmundur** - Ef. Kristmundar.

**Kristófer** - Þgf. Kristófer.

**kría** - Ef. ft. kría.

**Krít** - Ef. Krítar.

**Krona** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *króna*.

**Krone** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *króna*.

**Kroon** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *króna*.

**Króatía** - Króati, ft. Króatar; króatískur.

**króna** - Ef. ft. króna. *Þrjátíu milljónir króna* (ekki „þrjátíu milljón krónur“). Koruna, Krona, Krone, Kroon.

**krukka** - Ef. ft. krukna.

**krytur** - Karlkynsorð í eintölu. Merkir: misklíð. *Alvarlegur krytur.*

**krækja** - Ef. ft. krækna.

**Kúba** - Ef. Kúbu. Kúbverji eða Kúbumaður; kúbverskur.



**kúla** - Ef. ft. kúlna.

**Kúveit** - Ef. Kúveits. Kúveiti, ft. Kúveitar; kúveiskur.

**kveða** - Kveða, kvað, kváðum, kveðið.

Ummæli: *Peir kváðu sig reiðubúna. Peir kváðust reiðubúnir.*

*Hann kvað vera kominn.*

Kveða á um. *Reglurnar kveða skýrt á um þetta.*

Kveða eitthvað upp. *Hún kvað upp dóm.*

Kveða upp úr. *Þær kváðu upp úr með þetta eða: um þetta.*

Ath. merkingarmun á kveða upp úr með eitthvað og kveða upp úr um eitthvað (úrskurða).

Kveða við annan tón. *Í yfirlýsingunni kveður við annan tón.*

Athuga muninn á sögnunum kveða og kveðja (kveðja, kvaddi, kvatt).

**kveðandi** - Þetta og nokkur fleiri orð, sem enda á *-andi*, eru gjarna í kvenkyni frá fornu fari: *fögur hrynjandi, fögur kveðandi, mikil stígandi*. Aðeins notað í eintölu. Haft eins í öllum föllum.

**kveðja** - Kveðja, kvaddi, kvatt.

Kvaðning: *Hún kvaddi þá til fundar. Þeir voru kvaddir til fundar. Hún hefur kvatt saman fund.*

Kveðja dyra. *Hann kvaddi dyra.*

Kveðja sér hljóðs. *Tveir hafa kvatt sér hljóðs.*

Athuga muninn á sögnunum kveðja og kveða (kveða, kvað, kváðum, kveðið).

**Kvennabrekka** - Á Kvennabrekku.

**kvikna** - *Eldur kviknar*. (Ekki „kveiknar“.)

**kvíða** - *Hún kvíðir þessu*.

**Kvígindisdalur** - Í Kvígindisdal.

**Kvísker** - Fleirtala. Á Kvískerjum.

**kvænast** - Merkir: giftast konu.

**kylfa** - Ef. ft. kylfna.

**kyn** - Þgf. kynjum. Ef. kynja.

**kynda** - *Kynda undir átökum. Kynda undir deilum*. (Ekki: „kynda undir átök“, „kynda undir deilur“.)

**kynferðislegur** - Síður: „kynferðisleg misnotkun“. Fremur: kynferðisofbeldi.

**kynferðisofbeldi** - Síður: „kynferðisleg misnotkun“.

**kynjaskipting** - Síður: „kynskipting“ t.d. í skólum.

- kynjaskiptur** - Síður: t.d. „kynskiptir“ bekkir.
- kynmök** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern kynmök.
- Kyrrahaf** - *Guam er eyja á Kyrrahafi. Straumar í Kyrrahafi.*
- Kýpur** - (Einnig *Kípur*.) Á Kýpur. Ef. Kýpur. Kípverji eða Kípverji; kípverskur eða kípverskur.
- kýr** - Et. kýr, um kú, frá kú, til kýr. Með greini: kýrin, um kúna, frá kúnni, til kýrinnar. Ft. kýr, um kýr, frá kúm, til kúa. Með greini: kýrnar, um kýrnar, frá kúnum, til kúnna.
- Kænugarður** - Ef. Kænugarðs. Kíev.
- kæra** - Ef. ft. kæra.
- kærandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- kæti** - Ef. kæti.
- Köln** - Ef. Kölnar.
- lagbaka** - Tillaga um íslenskt orð í stað „lasagna“.
- Lambavatn** - Á Lambavatni.
- Land** - Á Landi (sveit milli Þjórsár og Ytri-Rangár, fyrir ofan Holt).
- Landbrot** - Í Landbroti.
- landeigandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- Landeyjar** - Í Landeyjum.
- Landmannalaugar** - Í Landmannalaugum.
- landnorður** - Merkir: norðaustur.
- landnyrðingur** - Merkir: norðaustanátt.
- Landsbjörg** - Landsbjörg, um Landsbjörg, frá Landsbjörg, til Landsbjargar.
- landsuður** - Merkir: suðaustur.
- landsynningur** - Merkir: suðaustanátt.
- langa** - *Hana langar í sund.*
- Langaland** - Langeland.
- Langanes** - Á Langanesi.
- Langeland** - Langeland.
- Langidalur** - Í Langadal.
- langreyður** - Et. langreyður, um langreyði, frá langreyði, til langreyðar. Ft. langreyðar, um langreyðar, frá langreyðum, til langreyða.
- Laos** - Laosi, ft. Laosar; laoskur.
- Lappland** - Lappi, ft. Lappar; lappneskur. Fremur: Samaland. Sami, ft. Samar; samískur.
- „lasagna“** - Tillaga um íslenskt orð: *lagbaka*.



**Laufás** - Í Laufási.

**Laufey** - Þf. og þgf. Laufeyju.

**Laug** - Á Laug.

**Laugaból** - Á Laugabóli.

**Laugar** - Fleirtala. Á Laugum.

**Laugarás** - Í Laugarási.

**Laugardalur** - Í Laugardal.

**Laugarvatn** - Á Laugarvatni.

**laun** - Fleirtöluorð í merkingunni: endurgjald, kaup. Ein, tvenn, þrenn, fern mánaðarlaun.

**Laxamýri** - Á Laxamýri.

**Laxárdalur** - Í Laxárdal.

**lá** - Lá, láði, láð. *Ég get ekki láð þér þótt þér sárni. Ég láí þér það ekki.*

**Láland** - Lolland.

**lánardrottinn** - Merkir: sá sem veitt hefur einhverjum lán.

**lást** - Lást, láðist, láðst. *Henni hefur láðst að tilkynna þetta.*

**leggja** - Leggja eitthvað af (ekki „að“) mörkum.

Leggja hald á eitthvað. Merkingarmunur er á orða-samböndunum *leggja hald á* og *gera upptækt*. (Lögregla getur lagt hald á eitthvað en dómsúrskurður er forsenda þess að hægt sé að gera eitthvað upptækt.)

**leiða** - Í ýmsum samböndum er síðra mál að nota *leiða* en að segja t.d. *vera í forystu, stjórna*.

Eitthvað leiðir af einhverju. *Af þessu leiðir* (síður: „leiða“) *ýmsar afleiðingar*.

Leiða getum að einhverju.

Leiða líkur að einhverju.

**leiðbeinandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**leiði** - *Þau fengu leiða* (ekki „leið“) *á efninu*.

**leiðsla** - Ef. ft. leiðslna.

**leifð** - T.d. arfleifð (ekki „arfleið“).

**leiga** - Ef. ft. leigna.

**leigjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**leika** - *Enginn vafi leikur á þessu. Grunur leikur á að þarna leynist fleira*.

**leikandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**leiksmiður** - Tillaga um íslenskt orð í stað *dramatúrg*.

**leiktið** - Keppnistímabil í íþróttum.

**leikur** - Nafnorð. Ef. et. leiks.

Enginn er annars bróðir í leik.

Gera sér leik að einhverju.

Fleirtölumyndir eru mismunandi eftir merkingu. Ft.

leikar (um leika, frá leikum, til leika) eða leikir (um leiki, frá leikjum, til leikja). *Hvernig standa leikar? Ólympíuleikarnir.*

*Tveir leikir voru í fyrstu deild í dag.*

**leikur** - Lýsingarorð. Merkir: ó(prest)lærður. *Lærðir og leikir.*

**Lejre** - Hleiðra.

**LENGD ORÐA** - Sjá *löng orð*.

**lengja** - Ef. ft. lengna.

**lengja** - Sagnorð. *Mig er farið að lengja eftir þessu.*

**Leó** - Ef. Leós.

**lesandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Lesótó** - Ef. Lesótós. Lesótómaður eða Lesótói (ft. Lesótóar);

lesótóskur.

**Letland** - Letti, ft. Lettar; lettneskur.

**léð** - Sjá *ljá*.

**léði** - Sjá *ljá*.

**liður** - Ef. et. liðar.

**Liechtenstein** - Ef. Liechtensteins. Liechtensteini, ft. Liechtensteinar; liechtensteinskur.

**lifa** - *Það sem eftir lifir vetrar, dags, nætur, mánaðarins, vikunnar, ársins* o.s.frv.

**lifur** - Ef. et. lifrar. Ft. lifrar.

**liggja** - Liggja undir grun. *Hann liggur undir grun.*

**lilja** - Ef. ft. lilja.

**Lille Bælt** - Litlabelti.

**Lindesnes** - Líðandisnes.

**Lira** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *líra*.

**listhús** - Tillaga um íslenskt orð í stað orðsins *gallerí*.

**Lithá** - (Einnig *Litháen*.) Ef. Lithár. Lithái, ft. Litháar; litháskur eða litháískur.

**Litháen** - (Einnig *Lithá*.) Ef. Litháens. Lithái, ft. Litháar; litháskur eða litháískur.

**Litlabelti** - Lille Bælt.



**litur** - Þgf. lit. Ef. litar.

**Líbanon** - Ef. Líbanons. Líbani, ft. Líbanar; líbanskur.

**Líbería** - Líberíumaður eða Líberi (ft. Líberar); líberískur.

**Líbía** - Líbíumaður; líbískur.

**Líðandisnes** - Lindesnes.

**líki** - Merkir: jafnoki. *Hún á engan sinn líka.*

**líkur** - Fleirtöluorð. Leiða líkur að einhverju.

**lína** - Ef. ft. lína.

**Líney** - Þf. og þgf. Líneyju.

**líra** - Ef. ft. líra. (Myntheiti.) Lira.

**líttri** - Síður: „lítter“.

**ljá** - Ljá, léði, léð. *Hann ljær ekki máls á þessu. Hann léði ekki máls á þessu. Þeir hafa ekki léð máls á því.* (Ekki „ljáir“, „ljáði“, „hafa ljáð“.)

**ljós** - Láta í ljós. Láta í ljósi.

**Ljósavatn** - Á Ljósavatni.

**Loðmundarfjörður** - Í Loðmundarfirði.

**lofa** - Um notkun í þolmynd, sjá *úthluta*.

**Lofoten** - Lófótur.

**loka** - *Versluninni er lokað kl. 18.* (Síður: „Verslunin lokar kl. 18.“)  
*Fólk opnar eða lokar en stöðum er lokað.*

**Lolland** - Láland.

**London** - Lundúnir, kv. ft.

**lota** - Ef. ft. lotna.

**Lófótur** - Þf. og þgf. Lófót. Ef. Lófótar. Lofoten.

**Lómatjörn** - Á Lómatjörn.

**Lón** - Í Lóni.

**Lund** - Lundur.

**Lundarbrekka** - Á Lundarbrekku.

**Lundur** - Lund.

**Lundúnir** - Kvenkynsorð í fleirtölu. Lundúnir, um Lundúnir, frá Lundúnum, til Lundúna. London.

**lunga** - Ef. ft. lungna.

**lungi** - Karlkynsorð. *Lunginn* (ekki „lungað“) *úr deginum.*

**lúða** - Ef. ft. lúðna.

**Lúðvík** - Þgf. Lúðvík.

**Lúxemborg** - Ef. Lúxemborgar. Lúxemborgari, ft. Lúxemborgarar; lúxemborgskur.

**lyf** - Þgf. ft. lyfjum. Ef. ft. lyfja.

**lyfta** - Ef. ft. lyftna.

**lygi** - Ef. et. lygi. Ft. lygar.

**lykkja** - Ef. ft. lykkna.

**lysta** - *Hún gat gert það sem hana lysti.*

**Lýður** - Þgf. Lýð eða Lýði.

**lýsa** - Lýsa einhverju á hendur sér (verknaði, t.d. mannvígum).

*Samtökin lýstu sprengjutilræðinu á hendur sér.* „Lýsa ábyrgð á hendur sér“ er hæpið orðalag.

**læða** - Ef. ft. læðna.

**lægja** - *Vindinn* (ekki „vindurinn“) *lægir. Öldurnar lægir* (ekki „lægja“).

**lægstur** - Ekki „læðstur“.

**Læsø** - Hlésey.

**lækur** - Ef. et. lækjar.

**lævísi** - Ef. lævísi.

**lög** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern lög.

**löggiltur** - Sbr. sagnorðið *löggilda* (löggilti, löggilt). *Löggiltur* (ekki „löggildur“) *endurskoðandi.*

**Lögurinn** - Þgf. Leginum. 1) Efri hluti Lagarfljóts. Heimildarmenn af Héraði telja heitið *Löginn* nýtilkomið. (Fyrrum var hann stundum nefndur Vatnið.) 2) Mälaren.

**LÖNG ORÐ** - Það heyrir til undantekninga í íslensku að orð séu lengri en átta atkvæði og til algerra undantekninga að í orði séu fleiri en níu atkvæði. Orð(skrípi) á borð við „ullarkarlmannajakkastórútsala“ (ellefu atkvæði) er því mjög óeðlilegt í íslensku. (Sem dæmi um níu atkvæða orð má þó nefna orðið *undirstöðuatvinnuvegur* og orðið *atvinnuleysistrygginga-sjóður* er reyndar tíu atkvæði.)

**Madagaskar** - Ef. Madagaskars. Madagaski, ft. Madagaskar; madagaskur.

**Madríd** - Ef. Madrídar.

**magn** - Oft óparft orð. „Mikið magn af bensíni“ merkir í raun aðeins: *Mikið af bensíni.*

**Mähren** - Mæri.

**Makedónía** - Makedóníumaður; makedónskur.

**Mälaren** - Lögurinn.

**Malasía** - Malasi, ft. Malasar; malasískur.



- Malaví** - Ef. Malavís. Malaví, ft. Malavar; malavískur.
- Maldíveyjar** - Maldíveyingur; maldíveyskur.
- Malí** - Ef. Malís. Malímaður eða Mali (ft. Malar); malískur.
- Malta** - Ef. Möltu. Möltumaður eða Maltverji; maltneskur eða maltverskur.
- Man** - (Isle of Man.) Mön.
- Manche, La** - Ermarsund.
- MANNANÖFN** - Sjá *nöfn*.
- manneskja** - Ef. ft. manneskna.
- Margrét** - Þf. og þgf. Margréti eða Margrétu.
- margur** - *Margir bílar, margar flugvélar, margt fólk*. Síður: „mikið af bílum, mikið af flugvélum, mikið af fólki“.
- Mariehamn** - Maríuhöfn.
- Marinó** - Ef. Marinós.
- Maríuhöfn** - Mariehamn.
- mark** - (Myntheiti.) Mark, Markka.
- Mark** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *mark*.
- markaður** - Ef. markaðar eða markaðs.
- Markka** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *mark*.
- Marokkó** - Ef. Marokkós. Marokkómaður eða Marokkói (ft. Marokkóar); marokkóskur.
- Marshalleyjar** - Marshalleyingur; marshalleyskur.
- mat** - Fer illa í fleirtölu. Síður: „þrjú hættumöt“. Fremur: *þrenns konar hættumat, þrennt hættumat, þrjár hættumatsskýrslur, hættumat var gert þrisvar, hætta var metin þrisvar* o.fl.
- mál** - Vera ekki myrkur í máli. Vera ómyrkur í máli. Merkir: tala tæpitungulaust, segja hug sinn skýrt og vafningalaust, nota stór orð. Þveröfugrar merkingar væri: Vera myrkur í máli.
- Málmey** - 1) Eyja á Skagafirði. 2) Malmö (einnig *Málmhaugar*).
- Málmhaugar** - Karlkynsorð í fleirtölu. Íslenskt heiti um Malmö. (Einnig *Málmey*.)
- mánaðamót** - Ekki „mánaðarmót“.
- mánaðarlaun** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern mánaðarlaun.
- mánuður** - Et. mánuður, um mánuð, frá mánuði, til mánaðar. Ft. mánuðir, um mánuði, frá mánuðum, til mánaða.
- Már** - Már, um Má, frá Má, til Más.
- Máritanía** - Máritani, ft. Máritanar; máritanskur.
- Máritíus** - Máritíusmaður eða Máriti (ft. Máritar); máritískur.

**Meðalland** - Í Meðallandi.

**meðan** - Notað þar sem um tíma eða dvöl er að ræða: *Hann eldaði (á) meðan hún lagði sig.* Ekki er talin vönduð íslenska að nota (á) *meðan* í stað *en* í samanburði. (Sú tilhneiging er talin stafa af enskum áhrifum því að *while* getur ýmist þýtt (á) *meðan* eða *en*.) Síður: „Bílar eru með fjögur hjól meðan vélhjól hafa tvö.“ Fremur: *Bílar eru með fjögur hjól en vélhjól hafa tvö.*

**meðmæli** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern meðmæli.

**meira** - Hvorugkyn eintölu. Getur beygst í þgf. et. (*meiru*) ef orðið stendur sjálfstætt. *Ég get ekki torgað meiru.* Eða: *Ég get ekki torgað meira.* Hins vegar ávallt óbeygt með nafnorðum: *Ég get ekki torgað meira slátri.*

**meirihluti** - Ýmis orð í íslensku vísa til margra þótt þau standi sjálf í eintölu. Beygingin miðast við form orðanna, þ.e. eintöluna, fremur en merkingu þeirra. Dæmi um þetta eru orðin *fjöldi*, *fólk*, *helmingur*, *hluti*, *meirihluti*, *minnihluti*. *Meirihlutinn vill breytingar.*

**Melrakkaslétta** - Á Melrakkasléttu.

**Melur** - Á Mel.

**meri** - Ef. merar.

**messa** - Ef. ft. messna.

**metri** - Síður: „meter“.

**Mexíkó** - Ef. Mexíkós. Mexíkómaður eða Mexíkói (ft. Mexíkóar); mexíkóskur.

**mey** - Et. mey, um mey, frá meyju, til meyjar. Ft. meyjar, um meyjar, frá meyjum, til meyja. Einnig er til nf. et. *mær* en það orð beygist að öðru leyti eins og *mey*. Enn fremur er til orðið *meyja*.

**meyja** - Ef. ft. meyja. Einnig eru til orðin *mey* og *mær*.

**miða** - Miðað við. Um eins konar forsendur eða mælikvarða.

*Ferðamenn voru margir í júlí miðað við fjölda þeirra í júní. Heildarverðmætið er 20 milljónir miðað við að hvert kíló seljist á 300 krónur. Því er spáð að verðbólgan verði 2% í ár miðað við óbreytta kjarasamninga.*

Síður: „Ferðamenn voru 3000 í júlí miðað við 1000 í júní.“

„Verðbólgan verður nú 2% miðað við 5% í fyrra.“



Fremur: *Ferðamenn voru 3000 í júlí en voru 1000 í júní.*

*Verðbólgan verður nú 2% en var 5% í fyrra.*

**Mið-Afríkulýðveldið** - Mið-Afríkumaður; miðafrískur.

**Miðbaugs-Gínea** - Ef. Miðbaugs-Gíneu. Miðbaugs-Gíneumaður; miðbaugsgíneskur.

**Miðfell** - Í Miðfelli.

**Miðfjörður** - Í Miðfirði.

**miðnætti** - Á *miðnætti í nótt*. Síður: „á miðnætti í kvöld“.

**mikið** - *Mikið af einhverju. Mikil mjólk. Mikið af mjólk.* Illa getur farið á því að nota orðasambandið *mikið af einhverju* um það sem er teljanlegt og eðlilegra væri að nota um lýsingarorðið *margur*: *Margir bílar* (síður: „mikið af bílum“), *margar flugvélar* (síður: „mikið af flugvélum“). Einnig þykir mörgum sem lýsingarorðið *margur* fari betur með orðinu *fólk*: *margt fólk* (síður: „mikið af fólki“).

**Miklibær** - Á Miklabæ.

**Miklagarður** - Ef. Miklagarðs. Gamalt íslenskt heiti um Istanbúl (Konstantínópel).

**mildi** - Kvenkynsorð. Ef. mildi. *Mikil mildi var að enginn skyldi slasast.*

**millilítri** - Síður: „millilíter“.

**millimetri** - Síður: „millimeter“.

**milljarður** - Ft. milljarðar (ekki „milljarðir“). *Tíu milljarðar króna. Um er að ræða tíu milljarða króna halla. Útflutningurinn nemur tíu milljörðum króna. Einn milljarður manna líður skort. Tveir milljarðar kvenna eru kúgaðir.*

**milljón** - Ft. milljónir. *Tíu milljónir króna. Um er að ræða tíu milljóna króna halla. Útflutningurinn nemur tíu milljónum króna. Ein milljón manna líður skort. Tvær milljónir manna eru fátækar.*

**minna** - Lýsingarorð í miðstigi í hvorugkyni eintölu. Getur beygst í þgf. (*minnu*) þegar orðið stendur sjálfstætt. *Hann fleygði minnu nú en áður.* Eða: *Hann fleygði minna nú en áður.* Hins vegar ávallt óbeygt með nafnorðum: *Hann fleygði minna drasli nú en áður.*

**minna** - Sagnorð. *Mig minnir það.*

**minnihluti** - Ýmis orð í íslensku vísa til margra þótt þau standi sjálf í eintölu. Beygingin miðast við form orðanna, þ.e. eintöluna,

fremur en merkingu þeirra. Dæmi um þetta eru orðin *fjöldi, fólk, helmingur, hluti, meirihluti, minnihluti. Minnihluti nefndarinnar skilaði séráliti.*

**mismunur** - Ef. mismunar.

**misnotkun** - Síður: „kynferðisleg misnotkun“. Fremur: kynferðisofbeldi.

**mistö** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern mistök.

**míla** - Ef. ft. mílna.

**mínúta** - Ef. ft. mínútna.

**mjaltir** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar mjaltir.

**Mjanmar** - (Einnig *Burma.*) Ef. Mjanmars. Burmamaður eða Mjanmari (ft. Mjanmarar); burmneskur eða mjanmarskur.

**Mjóifjörður** - Í Mjóafirði.

**mjöður** - Þgf. miði. Ef. mjaðar.

**Moldavía** - (Einnig *Moldóva.*) Moldavi (ft. Moldavar) eða Moldóvi (ft. Moldóvar); moldavískur eða moldóvskur.

**Moldóva** - (Einnig *Moldavía.*) Ef. Moldóvu. Moldóvi (ft. Moldóvar) eða Moldavi (ft. Moldavar); moldóvskur eða moldavískur.

**Mongólía** - Mongólíumaður eða Mongóli (ft. Mongólar); mongóliskur.

**Montenegro** - Svartfjallaland.

**Moravia** - Mæri.

**Mosfellsbær** - Í Mosfellsbæ.

**Moskva** - Ef. Moskvu.

„**módem**“ - Íslenskt nýyrði er: *mótald.*

**móðir** - Móðir, um móður, frá móður, til móður. Með greini: móðirin, um móðurina, frá móðurinni, til móðurinnar.

**Mónakó** - Ef. Mónakós. Mónakómaður eða Mónakói (ft. Mónakóar); mónakóskur.

**Mósambík** - Ef. Mósambíks. Mósambíki, ft. Mósambíkar; mósambískur.

**mótald** - Íslenskt nýyrði í stað „módem“.

**mótmælandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**mótmælasveldi** - Má nota í stað orðsins *hungurverkfall* sem

mörgum þykir órökrétt og fara illa í íslensku.

**mótmæli** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern mótmæli.



**muna** - *Mig munar ekkert um það. Það munar mikið um þessa viðbót. Hún munar miklu. Miklu munaði að hann næði kjöri.*

**munaður** - Ef. munaðar.

**Muninn** - Muninn, um Munin, frá Munin, til Munins.

**munur** - Ef. munar.

**múhameðstrú** - Fremur: íslam.

**múhameðstrúarmaður** - Fremur: múslími.

**múslími** - Ft. múslímar. Síður: múhameðstrúarmaður.

„**múslímskur**“ - Fremur: íslamskur.

**mútur** - Kvenkynsorð í fleirtölu. Ef. mútna. Þiggja mútur.

**myndband** - Síður: „vídeó“.

**myndbandaleiga** - Ef. ft. myndbandaleigna. Síður: „vídeóleiga“.

**myndbandstæki** - Síður: „vídeó, vídeótæki“.

**myndver** - (Í sjónvarpi.) Íslenskt nýyrði í stað „stúdíó“.

**myrkur** - Lýsingarorð. Vera ekki myrkur í máli (vera ómyrkur í máli). Merkir: tala tæpitungulaust, segja hug sinn skýrt og vafningalaust, nota stór orð. (*Myrkur* vísar til þess sem er óljóst eða hulið.) Þveröfugar merkingar væri: Vera myrkur í máli.

**Mýrar** - Á Mýrum.

**Mýrdalur** - Í Mýrdal.

**mýri** - Ef. mýrar.

**Mýri** - Á Mýri.

**Mývatn** - Við Mývatn, í Mývatnssveit. Síður: „fara á Mývatn“ (nema svo vilji til að ferðinni sé heitið út á vatnið sjálf). Fremur: fara í Mývatnssveit, fara að Mývatni.

**mæðgin** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern mæðgin. *Mæðginin Gréta Aradóttir og Finnur Friðriksson eru tvær manneskjur og ein mæðgin. Mæðginin Gréta Aradóttir og Finnur Friðriksson og mæðginin Svava Ólafsdóttir og Bjarni Karlsson eru fjórar manneskjur og tvenn mæðgin.*

**mæðgur** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar mæðgur. *Mæðgurnar Jóna Gunnarsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir eru tvær konur og einar mæðgur. Mæðgurnar Jóna Gunnarsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir og mæðgurnar Sjöfn Ólafsdóttir og Ólöf Sveinsdóttir eru fjórar konur og tvennar mæðgur.*

**mælandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**mællir** - Í ríkara mæli, í ríkari mæli. Fyrri beygingin er fornleg, hin síðari í samræmi við beygingar í nútímamáli. Eldri beygingin veldur því e.t.v. að sumir telja að í orðasambandinu komi fyrir hvorugkynsorðið *mæli* (rödd, rómur, málfar; orðspor, eitthvað sem sagt er). Svo er þó ekki; þetta er karlkynsorðið *mællir*, sbr. orðasamböndin *mællirinn er fullur, eitthvað er kornið sem fyllir mællinn* o.fl.

**mær** - Et. mær, um mey, frá meyjju, til meyjjar. Ft. meyjjar, um meyjjar, frá meyjjum, til meyjja. Einnig er til nf. et. *mey* en orðið beygist að öðru leyti eins og *mær*. Enn fremur er til orðið *meyja*.

**Mæri** - Ef. Mæris. 1) Møre. 2) Moravia (þý. Mähren).

**Möðrudalur** - Í Möðrudal.

**mögur** - Ef. magar.

**mök** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern mök.

**mökkur** - Et. mökkur, um mökk, frá mekki, til makkar (einnig „mökks“ en sú orðmynd samræmist beygingarflokknum ekki eins vel). Ft. mekkir, um mekki, frá mökkum, til makka.

**Mön** - Ef. Manar. 1) Møn (í Eystrasalti). 2) Isle of Man (á Írlandshafi).

**Møn** - Mön.

**Mörður** - Þgf. Merði. Ef. Marðar.

**Møre** - Mæri.

**mörk** - Leggja eitthvað af (ekki „að“) mörkum.

**NAFN** - Sjá *nöfn*.

**Namibía** - Namibíumaður eða Namibi (ft. Namibar); namibískur.

**nasasjón** - Hafa nasasjón af einhverju.

**nauðsyn** - Ef *brýna* (ekki „brýn“) *nauðsyn ber til*.

**Nárú** - Ef. Nárús. Nárúi, ft. Nárúar; nárúskur.

**neðanjarðarlest** - Tillaga um liprara orð: *jarðlest*.

**neikvæður** - Varast skyldi að ofnota þetta orð þar sem betur gæti farið t.d. á *slæmur, lélegur* o.s.frv.

**nemandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Nepal** - Ef. Nepals. Nepali, ft. Nepalar; nepalskur.

**Nes** - 1) Í Nesi. 2) Fleirtöluorð. Byggðin milli Hornafjarðarfljóta og Vestrahorns. Í Nesjum.

**Neskaupstaður** - Í Neskaupstað.

**Netið** - Einnig *Internetið*.



**Newfoundland** - Nýfundnaland.

**neytandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Niðarós** - Gamalt heiti um Þrándheim.

**niðri** - Um dvöl: *Vera niðri í fjöru*. Hins vegar: *Fara niður í fjöru*.

Taka niðri (niður): *Togarinn* (ekki „togarann“) *tók niðri*.

Um *niðri* og *suður*, sjá *niður*.

**niður** - Um hreyfingu: *Fara niður í fjöru*. Hins vegar: *Vera niðri í fjöru*.

Athuga ber að tala fremur um *norður* og *suður* í heiminum en „upp“/„uppi“ og „niður“/„niðri“. Sagt er *suður til Afríku*, *suður í Afríku*, *norður til Kanada*, *norður í Kanada* (ekki „niður til Afríku“, „niðri í Afríku“, „upp til Kanada“, „uppi í Kanada“).

**niðurgreiðsla** - Ef. ft. niðurgreiðslna.

**Niðurlönd** - (Einnig *Holland*.) Hollendingur eða Niðurlendingur; hollenskur eða niðurlenskur.

**niðurstaða** - Ef. ft. niðurstaðna.

**Níkaragúa** - (Einnig *Níkaragva*.) Ef. Níkaragúu. Níkaragúi (ft. Níkaragúar) eða Níkaragvamaður; níkaragúskur eða níkaragskur.

**Níels** - Þgf. Níels eða Níelsi. Ef. Níels eða Níelsar.

**Níger** - Ef. Nígors. Nígermaður; nígerskur.

**Nígería** - Nígeríumaður; nígerískur.

**Níkaragva** - (Einnig *Níkaragúa*.) Ef. Níkaragva. Níkaragúi (ft. Níkaragúar) eða Níkaragvamaður; níkaragúskur eða níkaragskur.

**Níl** - Ef. Nílar.

**níræðisaldur** - Á níræðisaldri: á milli 80 og 90 ára.

**níu** - Sjá *tölur*.

**Njarðvík** - Í Njarðvík.

**Njörður** - Þgf. Nirði. Ef. Njarðar.

**Njörvasund** - Gíbraltarsund.

**nokkuð** - *Er nokkuð þarna?* Sbr. *nokkur*.

**nokkur** - Ef. ft. nokkurra (ekki „nokkra“). *Ég sakna nokkurra úr hópnum*. Hk. et. *nokkuð* (stendur sjálfstætt) eða *nokkurt* (stendur með nafnorði). *Er nokkuð þarna?* *Er nokkurt mjöl þarna?*

**nokkurt** - *Er nokkurt mjöl þarna?* Sbr. *nokkur*.

**Nordland** - Norðland.

**Norðfjörður** - Á Norðfirði (þéttbýli, þ.e.: í Neskaupstað). Í Norðfirði (dreifbýli).

**Norðland** - Nordland.

**Norðurárdalur** - Í Norðurárdal.

**Norðurland** - Á Norðurlandi.

**Norðurlönd** - Fleirtöluorð. Norðurlönd eru ein heild og Ísland er venjulega talið hluti hennar. Fleirtöluorðið *Norðurlönd*, í þessari merkingu, er ekki fleirtala orðsins *Norðurland* enda er eintöluorðið *Norðurland* sérnafn um norðurhluta lands (Norður-Ísland).

Miðað við þetta stenst ekki að segja að Noregur sé eitt „Norðurland“, Danmörk sé annað „Norðurland“ o.s.frv. en Noregur, Danmörk, Ísland, Finnland og Svíþjóð eru hins vegar *ríki á Norðurlöndum* og *norræn lönd, norræn ríki*. (Til samanburðar má benda á að Japan er ekki „Austurland“ heldur *ríki í Austurlöndum, austrænt land, austrænt ríki*.)

Ekki stenst heldur að nota orðið *Norðurlönd* um einhvern hluta heildarinnar til aðgreiningar frá öðrum hluta hennar. Ísland er hluti Norðurlanda og því eru eftirfarandi setningar í raun hæpnar: „Fjölskyldur á Íslandi eru stærri en á Norðurlöndunum.“ „Óskir um þetta hafa einkum borist hingað til Íslands frá Norðurlöndum.“ (Hugsunin í fyrrgreindum setningum er ámóta og ef sagt væri: „Fjölskyldur í Reykjavík eru stærri en á Íslandi.“ „Óskir um þetta hafa einkum borist hingað til Reykjavíkur frá Íslandi.“)

Í stað þess að segja að „þrjú Norðurlönd“ séu í Evrópusambandinu má t.a.m. tala um *þrjár norrænar þjóðir* eða *þrjú norræn ríki* í Evrópusambandinu. Í stað þess að segja að „kona frá einu Norðurlandanna“ sé framkvæmdastjóri hjá Sameinuðu þjóðunum má t.d. tala um að *kona frá Norðurlöndum* eða *kona frá einhverju norrænu landanna* sé framkvæmdastjóri hjá Sameinuðu þjóðunum.

Í stað þess að segja að eitthvað sé „öðruvísi á Íslandi en á Norðurlöndunum“ eða „öðruvísi á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum“ má t.d. tala um að það sé *öðruvísi á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum* eða *öðruvísi á Íslandi en í öðrum norrænum löndum*.



**Norðursjór** - Hafið milli austurstrandar Bretlands og vesturstrandar meginlands Evrópu og Suður-Noregs.

**Noregur** - Norðmaður; norskur.

**norrænn** - Sjá *Norðurlönd*.

**notandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**nóta** - Ef. ft. nótna.

**Nuuk** - Síður: Godthåb.

**Núpsstaður** - Á Núpsstað.

**Núpur** - Á Núpi.

**Nýfundnaland** - Newfoundland.

**Nýja-Sjáland** - Nýsjálendingur; nýsjálenskur.

**Nýkaup** - Nýkaup, um Nýkaup, frá Nýkaupi, til Nýkaups.

**nýlenda** - Ef. ft. nýlendna.

**nýra** - Ef. ft. nýrna.

**Næfurholt** - Í Næfurholti.

**næla** - Ef. ft. nælna.

**nærbuxur** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar nærbuxur. Ef. nærbuxna.

**nærleggjandi** - Fremur: nálægur, nærri, í grenndinni.

**næstkomandi** - Athuga að í stað „næstkomandi laugardag“ getur farið betur á að segja *á laugardaginn* eða *á laugardaginn kemur*.

**næstur** - Athuga að í stað „næsta laugardag“ getur farið betur á að segja *á laugardaginn* eða *á laugardaginn kemur*.

**NÖFN** - Að því er varðar tvínefni er nauðsynlegt að hyggja að fullri beygingu beggja nafna: *til Jóns Óskars, til Birnu Sjafnar, til Gunnars Víðis, til Írisar Daggar*.

Oft er fólk í vafa um beygingu erlendra nafna og innlendra ættarnafna í eignarfalli. Mælt er með eftirfarandi reglum (sjá nánara um þetta efni rit Ingólfs Pálmasonar, *Um ættarnöfn og erlend mannanöfn í íslensku* (1987)):

1. Ættarnöfn kvenna, innlend sem erlend, eru að jafnaði ekki beygð: *að sögn Sigríðar Snævarr, þáttur Guðrúnar Kvaran; stefna (Margrétar) Thatcher, hæfileikar (Hillary) Clinton*. Ekki: „hæfileikar Hillarys Clintons“ o.s.frv. enda óeðlilegt að nota *s*-endingu með nöfnum kvenna því að *-s* er ekki eignarfallsending í kvenkyni í neinum íslenskum beygingarflokki.

2. Erlend nöfn og innlend ættarnöfn fá oftast *s*-endingu í eignarfalli ef þau eru borin af körlum: *stjórn Tonys Blairs, stjórn Görans Perssons, dóttir Alis Bhuttos, að sögn Árna Snævars, verk Einars Kvarans* o.s.frv. (Endi nafnið sjálf á *s*-i eða öðru blísturshljóði þarf ekki sérstakt eignarfalls-*s* (*stjórnir Landsbergis, Bush og Milosevic*) en reyndar grípa sumir þá til endingarinnar *-ar* í eignarfalli: *bók Örnólfs Thorlaciussar, stjórn Mitsotakisar*.)

Þegar erlend nöfn karla og innlend ættarnöfn enda á sérhljóðinu *-a* eru nöfnin hins vegar að jafnaði óbeygð og er það í samræmi við (agnarsmáan) íslenskan beygingarflokk karlkynsorða sem enda á *-a* (*Esra, herra, séra*), t.d. *stjórn Gamsakurdia, mynd Kurosawa, útgerð Geirs Zoëga*. Endi nafn á öðru sérhljóði en *-a* ætti að styðjast við aðalregluna og nota eignarfalls-*s*, t.d. *fylgismenn Benitos Mussolinis* o.s.frv. (enda er það í samræmi við ýmis íslensk mannanöfn sem enda á öðrum sérhljóðum en *-a*, sbr. *til Leós, Ottós* o.fl. – þótt til séu að vísu endingarlausar orðmyndir nafna á borð við *Leví* o.fl. í Biblíunni).

3. Rökrétt telst og í bestu samræmi við íslenska málhefð að beygja í eignarfalli bæði skírnarnafn og ættarnafn sem karl ber, þ.e. *verk Einars Kvarans, fylgismenn Benitos Mussolinis, Stofnun Sigurðar Nordals*. Þetta atriði hefur verið dálítið á reiki í málsamfélaginu á öldinni og til eru þær málvenjur að beygja annaðhvort aðeins skírnarnafn eða aðeins ættarnafn (t.a.m. *ákvörðun Halldórs Blöndal, stjórn Bills Clinton, stjórn Bill Clintons*). Hér er ekki mælt með þeirri aðferð sem meginreglu. (Vissulega verður þó smekkur stundum að fá að ráða einhverju um hve langt skuli gengið í beygingu erlendra nafna, einkum um það hvort öll nöfn skuli beygð í sumum fleirnefnum á borð við *Poul Nyrup Rasmussen*.)

Framangreindum reglum til áréttingar má vitna til orða Árna Böðvarssonar í *Íslensku málfari* (1992, bls. 237): „Tuttugustu aldar Íslendingum er ekki stætt á því að skila til næstu aldar málvenju beygingarleysis sem sprettur af því að útlendingar kunnu ekki að beygja íslensk nöfn á 18. og 19. öld.“

**Oddný** - Þf. og þgf. Oddnýju.

**Odense** - Óðinsvé, ft.

**olli** - Sjá *valda*.



**ollið** - Lýsingarháttur af sagnorðinu *vella*, ekki *valda*. (Ekki: „óveðrið hafði ollið/ollað erfiðleikum“ heldur: *óveðrið hafði valdið erfiðleikum*.)

**opna** - *Verslunin er opnuð kl. 9.* (Ekki: „Verslunin opnar kl. 9.“)  
Fólk *opnar* en staðir *eru opnaðir*.

„opnunartími“ - Fremur: afgreiðslutími, þjónustutími.

**Oppland** - Upplönd.

**ORÐATILTÆKI** - Varast ætti að blanda saman orðatiltækjum eða afbaka þau á annan hátt. Dæmi: *Rétta einhverjum hjálparhönd*. Ekki: „veita einhverjum hjálparhönd“ (en: *veita hjálp*). *Bregða á það ráð*. Ekki: „grípa á það ráð“ (en: *grípa til einhvers ráðs*).

Sjá *Merg málsins* (1993) eftir Jón G. Friðjónsson.

**orðheldni** - Ef. orðheldni.

**orðstír** - Orðstír, um orðstír, frá orðstír, til orðstírs. *Þær gátu sér góðan orðstír*.

**Orkney Islands** - Orkneyjar.

**Orkneyjar** - Orkney Islands.

**Ottó** - Ef. Ottós.

**óa** - *Hana óar við þeirri tilhugsun*.

„óásættanlegur“ - Fremur: óviðunandi.

**ódýr** - Dýrar eða ódýrar ferðir. En: há eða lág fargjöld. (Ekki: „dýr eða ódýr gjöld“.)

**Óðinsvé** - Fleirtöluorð. Þgf. Óðinsvéum. Ef. Óðinsvéa. Odense.

**óeirðir** - Fleirtala. Óeirðalögregla, óeirðaseggur (ekki „óeirðar-“).

**ófreskja** - Ef. ft. ófreskna.

**ófriður** - Ef. ófriðar.

**óhultur** - Eða *hultur* (sama merking, þ.e.: öruggur).

**ókeypis** - Síður: „frír“.

**Ólafsfjörður** - Á eða í Ólafsfirði (þéttbýli).

**Ólafsvík** - Í Ólafsvík.

**Ólympíuleikar** - Fleirtöluorð. Einir, tvennir, þrennir, fernir  
Ólympíuleikar.

**Óman** - Ef. Ómans. Ómani, ft. Ómanar; ómanskur.

**ómyrkur** - Vera ómyrkur í máli (vera ekki myrkur í máli). Merkir: tala tæpitungulaust, segja hug sinn skýrt og vafningalaust, nota stór orð. (*Myrkur* vísar til þess sem er óljóst eða hulið.)  
Þveröfugrar merkingar væri: Vera myrkur í máli.

**óra** - *Mig óraði ekki fyrir þessu.*

**Ósabakki** - Á Ósabakka.

**ósigur** - Bíða ósigur. Hins vegar: Gjalda afhroð.

**Ósló** - Ef. Óslóar.

**ósvífní** - Ef. ósvífní.

**Ósvör** - Ósvör, um Ósvör, frá Ósvör, til Ósvarar.

**ótryggur** - *Ótryggt rafmagn. Sala á ótryggu rafmagni (ekki „ótryggðu rafmagni“).*

**óviðunandi** - Síður: „óásættanlegur“.

**padda** - Ef. ft. paddna.

**Pakistan** - Ef. Pakistans. Pakistani, ft. Pakistanar; pakistanskur.

**Palestína** - Ef. Palestínu. Palestínumaður; palestínskur.

**Panama** - Ef. Panama. Panamamaður; panamskur.

**Papúa** - Ef. Papúa. Papúamaður; papúskur.

**Paragvæ** - Ef. Paragvæs. Paragvæi, ft. Paragvæjar; paragvæskur.

**París** - Ef. Parísar.

**Patreksfjörður** - Á Patreksfirði (þéttbýli).

**páskavika** - Vikan eftir páska. (Vikan fyrir páska nefnist *dymbilvika, efsta vika, kyrra vika.*)

**Peking** - Nýja umritunin „Beijing“ (t.d. í ensku) er óþörf og fer illa í íslensku.

**perla** - Ef. ft. perlna.

**Perú** - Ef. Perú. Perúmaður eða Perúi (ft. Perúar); Perúskur.

**Peseta** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *peseti*.

**peseti** - (Myntheiti.) Peseta.

**pesi** - (Myntheiti.) Peso.

**Peso** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *pesi*.

**pítsa** - Tillaga um íslenskt orð: *flatbaka*.

**pípa** - Ef. ft. pípna.

**planta** - Ef. ft. plantna.

**plata** - Ef. ft. platna.

**plága** - Ef. ft. plágna.

**Portúgal** - Ef. Portúgals. Portúgali, ft. Portúgalar; portúgalskur.

**Pound** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *pund*.

**Pólland** - Pólverji; pólskur.

**prósent** - *Prósent* er nafnorð sem beygist líkt og t.d. orðið *tonn*.

(Orðið *hundraðshluti* er sömu merkingar. Einnig er talað um *svo og svo marga af hundraði*.) *Fyrirtækið var rekið með*



*fimm prósentu halla. Verðið er sjö prósentum lægra. Fimmtán prósent landsmanna horfðu (ekki „horfði“) á þáttinn.*

**prósentu** - Ef. ft. prósentna.

**prósentustig** - Orðið *prósentustig* er oft notað þegar bornar eru saman tölur sem tákna hundraðshluta. Ef skattur hækkar úr 10% í 12% er þá sagt að *hann hafi hækkað um tvö prósentustig*. Þetta er talið ótvíræðara orðalag en að segja að *skatturinn hafi hækkað um tvö prósent* því að hækkan úr 10 í 12 má kalla fimmtungshækkun.

**prýði** - Ef. prýði. *Þetta er til mikillar prýði.* (Í orðinu *prýðisvel* er hljóðið s tengihljóð í orðmyndun en ekki eignarfallsending.)

**pund** - (Myntheiti.) Pound.

**Qatar** - Ísl. ritmynd *Katar*.

**rafveita** - Ef. ft. rafveitna.

**rakna** - Rakna úr roti. Rakna við. Athuga annað sagnorð í: *ranka við sér*.

**rall** - Síður: „rallí“.

**rallakstur** - Síður: „rallí“.

**rallí** - Fremur: rall, rallakstur.

**Randver** - Þgf. Randver eða Randveri.

**Rangárvellir** - Á Rangárvöllum.

**ranka** - Ranka við sér. Athuga annað sagnorð í: *rakna úr roti, rakna við*.

**Rauðafell** - Á Rauðafelli.

**Rauðisandur** - Á Rauðasandi.

**Raufarhöfn** - Á Raufarhöfn.

**Raumaríki** - Einnig *Rómaríki*. Romerike.

**Raumelfur** - Glomma.

**Raumsdalur** - Romsdal.

**raun** - Eins og raun ber vitni.

**raunsær** - Miðstig: raunsærri.

**ráð** - Af ásettu ráði.

Leggja á ráðin.

**ráða** - Þt. réð (eldra) eða réði (yngra).

**Real** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rial*.

**refur** - Ft. refir.

**Reginn** - Reginn, um Regin, frá Regin, til Regins.

- regla** - Ef. ft. reglna.
- reglusemi** - Ef. reglusemi.
- reiði** - Ef. reiði.
- reiðtygi** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern reiðtygi.
- reik** - *Verðmæti fyrirtækisins er nokkuð á reiki* (merkir: mat á verðinu er breytilegt). Athuga að rugla ekki saman við orðasambandið *vera á kreiki* (merkir: vera á ferli).
- reka** - *Bátinn rak frá landi. Mig rekur minni til þess.*
- rekast** - Rekast á. *Bílarnir rákust á* (sbr. orðið *árekstur*).
- rekstur** - Ef. rekstrar eða reksturs.
- renna** - Renna grun í. *Ég renni grun í hvað þetta er.*
- Reyðarfjörður** - Á Reyðarfirði (þéttbýli).
- Reykholt** - Í Reykholti.
- Reykholtsdalur** - Í Reykholtsdal.
- Reykhólar** - Á Reykhólum.
- Reykir** - Á Reykjum.
- Reykjadalur** - Í Reykjadal.
- Reykjahlíð** - Í Reykjahlíð.
- Reykjalundur** - Á Reykjalandi.
- Reykjanes** - 1) Á Reykjanesi (suðvesturtanga Reykjaneskaga). 2) Í Reykjanesi (við Ísafjarðardjúp).
- reykjarmökkur** - Sjá *mökkur*.
- Reykjavík** - Í Reykjavík.
- reykur** - Ef. reykjar eða reyks.
- Reynir** - Reynir, um Reyni, frá Reyni, til Reynis.
- réna** - *Áin rénar*: áin er í rénun.
- rénun** - *Áin er í rénun* (ekki „rénum“): áin rénar.
- réttarhald** - Ft. réttarhöld. Ein, tvenn, þrenn, fern réttarhöld.
- réttindi** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern réttindi.
- réttvísi** - Ef. réttvísi.
- Rhein** - Rín.
- Rial** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rial*.
- Ribe** - Rípar.
- Riel** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rial*.
- rif** - Þgf. ft. rifjum. Ef. ft. rifja.
- rifa** - Ef. ft. rifna.
- Riyal** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rial*.
- rial** - (Myntheiti.) Real, Rial, Riel, Riyal.



- Ríkharður** - Ef. Ríkharðs.
- Ríkiskaup** - Fleirtöluorð. *Hjá Ríkiskaupum.*
- ríkur** - Í ríkara mæli, í ríkari mæli. Sjá *mæli*.
- ríma** - Ef. ft. rímna.
- Rín** - Ef. Rínar. Rhein.
- Rípar** - Fleirtöluorð í karlkyni. Ribe.
- rjúpa** - Ef. ft. rjúpna.
- Rocky Mountains** - Klettafjöll.
- rolla** - Ef. ft. rollna.
- Romerike** - Raumaríki, Rómaríki.
- Romsdal** - Raumsdalur.
- Roskilde** - Hróarskelda.
- rot** - Rakna úr rotinu.
- rotta** - Ef. ft. rotna.
- rotþró** - Ef. et. rotþróar. Ft. rotþrær.
- Rouen** - Rúðuborg.
- róa** - Þátíð: reri. Róa að einhverju öllum árum.
- Róbert** - Þgf. Róbert eða Róberti.
- róður** - Ef. róðrar eða róðurs.
- rófa** - Ef. ft. rófna.
- rógur** - Þgf. rógi.
- róla** - Ef. ft. rólna.
- Róm** - Ef. Rómar.
- Rómaríki** - (Noregi.) Einnig *Raumaríki*. Romerike.
- Ruble** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rúbla*.
- Rufiyaa** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rúpía*.
- Rupee** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rúpía*.
- Rupiah** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *rúpía*.
- Rut** - Ef. Rutar.
- Rúanda** - Ef. Rúanda. Rúandamaður; rúandskur.
- rúbla** - Ef. ft. rúblna. (Myntheiti.) Ruble.
- rúða** - Ef. ft. rúðna.
- Rúðuborg** - Ef. Rúðuborgar. Rouen.
- Rúmenía** - Rúmeni, ft. Rúmenar; rúmenskur.
- Rún** - Ef. Rúnar.
- rúpía** - (Myntheiti.) Rufiyaa, Rupee, Rupiah.
- Rússland** - Rússi, ft. Rússar; rússneskur.
- rúta** - Ef. ft. rútna.

**ræða** - Nafnorð. Ef. ft. ræðna.

**ræða** - Sagnorð. Um að ræða. *Hér er um margar ólíkar gerðir að ræða.* (Varast ætti ofnotkun sbr. þetta dæmi úr fréttum: „Ekki var um áflog að ræða heldur virðist hafa verið um fólkskulega og tilefnislaus árás að ræða og telur lögregla líklegt að um ránstíraun hafi verið að ræða.“)

**rækja** - Ef. ft. rækna.

**Rögnvaldur** - Ef. Rögnvaldar eða Rögnvalds.

**rök** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern rök.

**Saaremaa** - Eysýsla.

**saga** - Ef. ft. sagna.

**Saír** - (Einnig *Zaire*.) Ef. Saírs. Saírmaður eða Zairemaður; saírneskur eða zaireskur.

**saka** - *Hún er sökuð um að hafa brotið af sér.*

**Saloniki** - Fremur: Þessaloníka.

**Salóme** - Ef. Salóme.

**Salómonseyjar** - Salómonseyingur; salómonseyiskur.

**salur** - Þgf. sal. Ef. salar eða sals.

**Salvör** - Þf. og þgf. Salvöru. Ef. Salvvarar.

**Samaland** - Sami, ft. Samar; samískur. Síður: Lappland.

**Sambía** - Sambíumaður; sambískur.

**samfarir** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar samfarir.

**Samkaup** - Samkaup, um Samkaup, frá Samkaupum, til Samkaupa.

„samkeppnisaðili“ - Oft getur farið betur á orðinu *keppinautur*.

**samkvæmt** - *Samkvæmt þessum heimildum. Samkvæmt skýrslunni.*

(Síður: „Samkvæmt Gunnari.“)

**Samóa** - Ef. Samóa. Samóamaður; samóskur.

**SAMSETT FRUMLAG** - Beyging getur ráðist af því hvort um er að ræða huglæg (óteljanleg) eða hlutlæg (teljanleg) nafnorð og röð liðanna getur skipt máli. Ef vafi leikur á er góð regla að miða við þann lið sem næstur er vafaorðinu: *Snjócoma og hríð var* (síður: „voru“) *á heiðinni; aukin rannsóknartengsl og tilvist margra vísindastofnana kallar* (síður: „kalla“) *á meiri samskipti við útlönd; vonir, ánægja og tilhlökkun skein* (síður: „skinu“) *úr andliti hans.* Þetta er í samræmi við langa íslenska hefð en fleirtölumynd sagnar í dæmum af þessu tagi er nýjung í málinu. Nokkur eldri dæmi: *Vindur og sjór hlýðir boði þínu. Hans náttúra og hans afl var með öllu*



*Þrotið. Allt hans megin og máttur var brott horfinn. Grátur og sút var mikil. Prang og lausamennska er nú bönnuð. Kuldi og frost sakar ekki.*

Ef þessi grunnregla leiðir til óþægilegrar niðurstöðu má einnig benda á þá leið að snúa við röð liðanna en láta beyginguna sem fyrr ráðast af þeim lið sem næstur er vafaorðinu, t.a.m.: *Tilvist margra vísindastofnana og aukin rannsóknartengsl kalla á meiri samskipti við útlönd; ánægja, tilhlökkun og vonir skinu úr andliti hans.*

**SAMSETT NAFNORÐ** - Í venjulegri tölubeygingu samsettra nafnorða í íslensku er síðari eða síðasti liður hinn eini sem tekið getur formbreytingu. Þannig er fleirtalan af *sveitarstjórn sveitarstjórnir* (ekki „sveitastjórnir“) rétt eins og *landsleikur* er í fleirtölu *landsleikir*, ekki „landaleikir“, talað er um marga *sparisjóðsstjóra*, ekki „sparisjóðastjóra“ o.s.frv. (Einstaka sinnum fá þó samsett orð á vissan hátt ítrekaða tölutáknun þannig að hvor eða hver aðalhluti samsetningar tekur sjálfstæðan þátt í beygingunni. Orðið *mannsnafn* er þannig í fleirtölu *mannanöfn* en ekki „mannsnöfn“.)

Samsett nafnorð eru stundum búin til að óþörfu þar sem betur færi á öðru orðalagi. Síður: „Það er mikill umferðarþungi á þessari götu.“ Fremur: *Það er mikil umferð um þessa götu.*

**samskeyti** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern samskeyti.

**Samskip** - Fleirtöluorð. Samskip, um Samskip, frá Samskipum, til Samskipa.

**samskipti** - Fleirtöluorð. *Samskiptin eru góð.*

**Samson** - Ef. Samsonar.

**samsvara** - *Þetta samsvarar því að hver Íslendingur hafi farið þrisvar.* Sbr. *svara til einhvers: Þetta svarar til þess.*

**Samsø** - Sámsey.

**samtök** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern samtök. *Hvor tveggja samtökin* (síður: „bæði samtökin“).

**Samúel** - Þgf. Samúel.

**samvistir** - Slíta samvistir. Slíta samvistum.

**Sandgerði** - Í Sandgerði.

- sandreyður** - Et. sandreyður, um sandreyði, frá sandreyði, til sandreyðar. Ft. sandreyðar, um sandreyðar, frá sandreyðum, til sandreyða.
- Sandur** - Á Sandi.
- sannsögli** - Ef. sannsögli.
- Sauðafell** - Á Sauðafelli.
- Sauðárkrókur** - Á Sauðárkróki.
- Sauðkrækingur** - Einnig *Sauðkrækingur*.
- Sauðkrækingur** - Einnig *Sauðkrækingur*.
- sauður** - Ef. sauðar.
- Saurar** - Á Saurum.
- Saxelfur** - Þf. og þgf. Saxelfi. Ef. Saxelfar. Elbe.
- Sádi-Arabía** - Sádi-Arabi, ft. Sádi-Arabar; sádiarabískur.
- sál** - Ft. sálir.
- sála** - Ft. sálur. Ef. ft. sálna.
- Sámsey** - Samsø.
- sápa** - Ef. ft. sápa.
- Schleswig** - Slésvík.
- Schwarzwald** - Svartiskógur.
- Seglbúðir** - Í Seglbúðum.
- Seine** - Signa.
- sekúnda** - Ef. ft. sekúndna.
- Selfoss** - Á Selfossi.
- seljandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- Selsund** - Í Selsundi.
- Seltjarnarnes** - Á Seltjarnarnesi.
- selur** - Þgf. et. sel. Ef. et. sels. Ft. selir.
- Selvogur** - Í Selvogi.
- Senegal** - Ef. Senegals. Senegali, ft. Senegalar; senegalskur.
- sentímetri** - Ekki „sentímeter“.
- Serbía** - Serbi, ft. Serbar; serbneskur.
- seta** - Ef. ft. setna.
- Setberg** - Á Setbergi.
- Seychelleseyjar** - Seychelleseyingur; seychelleseyskur.
- Seyðisfjörður** - Á Seyðisfirði (þéttbýli).
- sex** - Sjá *tölur*.
- sextugsaldur** - Á sextugsaldri: á milli 50 og 60 ára.
- sér** - Sjá *afturbeygingu*.



- Shekel** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *sikill*.
- Shetland Islands** - Hjaltland.
- Sif** - Ef. Sifjar.
- sig** - Sjá *afturbeygingu*.
- Sigbjörn** - Ef. Sigbjarnar eða Sigbjörns.
- Sighvatur** - Ef. Sighvats (einnig eru dæmi um ef. Sighvatar).
- Siglufjörður** - Á eða í Siglufirði (þéttbýli).
- Sigmar** - Þgf. Sigmari.
- Sigmundur** - Ef. Sigmundar.
- Signa** - Seine.
- Signý** - Þf. og þgf. Signýju.
- sigra** - *Sigra andstæðing. Sigra í leik.* (Ekki „sigra leik“.)
- Sigtryggur** - Þgf. Sigtryggi. Ef. Sigtryggs.
- Sigtuna** - Sigtúnir.
- Sigtúnir** - Fleirtöluorð. Sigtuna.
- Sigurbjörn** - Ef. Sigurbjarnar eða Sigurbjörns.
- Sigurborg** - Þf. og þgf. Sigurborgu.
- Sigurður** - Ef. Sigurðar.
- Sigurvin** - Þgf. Sigurvin eða Sigurvini.
- Sigurþór** - Þgf. Sigurþór eða Sigurþóri.
- Sigþór** - Þgf. Sigþóri.
- sikill** - (Myntheiti.) Shekel.
- Silfrastaðir** - Á Silfrastöðum.
- sillingur** - Einnig *skildingur*. (Myntheiti.) Schilling.
- Simbabve** (Einnig *Zimbabwe*.) Ef. Simbabves. Simbabvi (ft. Simbabvar) eða Zimbabwemaður; simbabveskur eða zimbabweskur.
- Singali** - Ft. Singalar; singalskur.
- Singapúr** - Ef. Singapúrs. Singapúri, ft. Singapúrar; singapúrskur.
- sinn** - Sjá *afturbeygingu*.
- sinn hver** - Orðin *sinn* og *hver* eiga ekki að beygjast saman. *Börnin hlupu sitt í hverja áttina.* (Ekki: „Börnin hlupu í sitthverja áttina.“)  
Sjá einnig *hver sinn*.
- sinn hvor** - Sjá *sinn hver*.
- sinnast** - *Nefndarmönnum sinnaðist.*
- „**sinnhver**“ - Sjá *hver sinn* og *sinn hver*.
- sitt** - Sjá *afturbeygingu*.

„sitthvor“ - Sjá *hver sinn og sinn hver*.

síða - Ef. ft. síðna.

Síða - Á Síðu.

síðastliðinn - Athuga að í stað „síðastliðinn laugardag“ getur farið

betur á að segja *á laugardaginn* eða *á laugardaginn var*.

síðastur - Athuga að í stað „síðasta laugardag“ getur farið betur á

að segja *á laugardaginn* eða *á laugardaginn var*.

Á *síðasta ári* getur einnig verið síðra orðalag en *í fyrra*.

Sierra Leóne - Ef. Sierra Leónes. Síerra-Leónemaður; síerra-leónskur.

Síle - (Einnig *Chile*.) Sílemaður eða Chilemaður; síleskur eða chileskur.

símbréf - Síður: fax. Senda símbréf. Síður: faxes.

Símon - Ef. Símonar.

sín - Sjá *afturbeygingu*.

„sínhor“ - Sjá *hver sinn og hvor sinn*.

Sjælland - Sjælland.

Sjálfsbjörg - Sjálfsbjörg, um Sjálfsbjörg, frá Sjálfsbjörg, til Sjálfsbjargar.

sjár - (Einnig *sjór* og *sær*.) Sjár, um sjá, frá sjá, til sjávar.

sjór - (Einnig *sjár* og *sær*.) Sjór, um sjó, frá sjó, til sjós eða sjóar.

(Algengasta ef. er *sjávar*, af orðinu *sjár*).

sjúkrabeður - Karlkynsorð. Við sjúkrabeð. Á sjúkrabeði.

Sjælland - Sjælland.

sjö - Sjá *tölur*.

Sjöfn - Ef. Sjafnar.

sjötugsaldur - Á sjötugsaldri: á milli 60 og 70 ára.

Skaftafell - Í Skaftafelli.

Skagafjörður - Í Skagafirði.

Skagaströnd - Á Skagaströnd.

skammt - Atviksorð. Miðstig: skemur.

skammur - Lýsingarorð. Skammur, skemmri, skemmstur. Skömm, skemmri, skemmst. Skammt, skemmra, skemmst. *Það leið*

*skemmra en áður*. Sama sem: *Það leið skemmri tími en áður*.

*Hún gekk skemmra en áður*. Sama sem: *Hún gekk skemmri*

*leið en áður*. *Búvörulögin ganga skemmra* (ekki „skemur“) *en*

*búist var við*.

Skåne - Skánn.



- Skarösströnd** - Á Skarösströnd.  
**Skarphéðinn** - Þgf. Skarphéðni.  
**skarpskyggni** - Ef. skarpskyggni.  
**Skálholt** - Í Skálholti.  
**Skánn** - Ef. Skánar. Skåne.  
**Skeið** - Hvorugkynsorð í fleirtölu. Á Skeiðum.  
**skeifa** - Ef. ft. skeifna.  
**skel** - Ef. et. skeljar. Ft. skeljar.  
**skella** - Ef. ft. skellna.  
**skemmri** - Sjá *skammur*.  
**skemmstur** - Sjá *skammur*.  
**skemur** - (Miðstig af ao. *skammt*.) Merkir: í styttri tíma. *Hún dvaldi skemur en áður*. Hins vegar: *Það leið skemmra en áður*. Sama sem: *Það leið skemmri tími en áður*. Ekki: „Það leið skemur en áður.“ *Búvörulögin ganga skemmra en búist var við*. Ekki: „Búvörulögin ganga skemur en búist var við.“  
**sker** - Þgf. ft. skerjum. Ef. ft. skerja.  
**Skerjafjörður** - Í Skerjafirði.  
**skilaboð** - Ein, tvenn, þrenn, fern skilaboð.  
**skildingur** - Einnig *sillingur*. (Myntheiti.) Schilling.  
**skilinn** - *Þau eru skilin*. *Hann á skilið að fá þakkir*. *Hann á þakkir skildar*.  
**skilnaður** - Ef. skilnaðar.  
**Skipholt** - Í Skipholti.  
**skífa** - Ef. ft. skífna.  
**Skírnir** - Skírnir, um Skírni, frá Skírni, til Skírnis.  
**skjaldbaka** - Ef. ft. skjaldbakna.  
**Skjaldbreiður** - Karlkynsorð. Skjaldbreiður, um Skjaldbreið, frá Skjaldbreið, til Skjaldbreiðar eða Skjaldbreiðs.  
**skjár** - Ef. skjás. Ft. skjáir.  
**Skjöldur** - Skjöldur, um Skjöld, frá Skildi, til Skjaldar.  
**Skorradalur** - Í Skorradal.  
**skorta** - *Hana skortir ekkert*.  
**Skotland** - Skoti, ft. Skotar; skoskur.  
**skófla** - Ef. ft. skóflna.  
**Skógar** - Í Skógum (undir Eyjafjöllum).

- skólahald** - Skólahald er starfræksla skóla. Kennsla getur fallið niður dag og dag t.d. vegna veðurs en ekki skólahaldið í sjálfu sér (nema skólinn sem stofnun verði lagður niður).
- skór** - *Tvennir skór*: tvö skópör (þ.e. fjórir skór).  
*Bændurnir vita hvar skórin* (ekki „skóinn“) *kreppir*.
- skrá** - Ef. skrár í merkingunni: listi o.fl. Ef. skrár eða skráar í merkingunni: læsing.
- skreið** - Ef. skreiðar.
- skriða** - Ef. ft. skriðna.
- Skrúður** - Ef. Skrúðs.
- skrúfa** - Ef. ft. skrúfna.
- skurðgrafa** - Ef. ft. skurðgrafna.
- skurður** - Ef. skurðar.
- skutbíll** - Íslenskt orð í stað „station“-bíll.
- skúti** - (Myntheiti.) Escudo.
- skylda** - Ef. ft. skyldna.
- skyndikynni** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern skyndikynni.
- skytta** - Ef. ft. skyttna.
- skýla** - Ef. ft. skýlna.
- skýrsla** - Ef. ft. skýrslna.
- skækja** - Ef. ft. skækna.
- skæri** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern skæri.
- slagsmál** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern slagsmál.
- slanga** - Ef. ft. slangna.
- slá** - *Það sló* (ekki „slóst“) *í brýnu milli þeirra* (eða: *með þeim*).
- Slésvík** - Schleswig.
- slíta** - Slíta samvistir. Slíta samvistum.
- sljór** - Miðstig: sljórri.
- slot** - (Myntheiti.) Zloty.
- slota** - *Óveðrinu slotaði*.
- Slóvakía** - Slóvaki, ft. Slóvakar; slóvakískur.
- Slóvenía** - Slóveni, ft. Slóvenar; slóvenskur.
- Smáland** - Smálönd.
- Smálönd** - Smáland.
- smiðja** - Ef. ft. smiðja.
- smíð** - Oftast kvenkynsorð (sem merkir: það að smíða, ef. smíðar) en þó til sem hvorugkynsorð (ágætt smíð). *Eitthvað er vandað að (allri) smíð*. Vegna brúarsmíðarinnar. *Leggja*



- stund á smíðar.* Annað orð en *smíði* en að hluta sömu merkingar.
- smíði** - Kvenkynsorð (ef. *smíði*) eða hvorugkynsorð (sem merkir: það sem smíðað er, ef. *smíðis*). *Vegna brúarsmíðinnar. Ekkert smásmíði.* Annað orð en *smíð* en að hluta sömu merkingar.
- smjörþefur** - Orðasambandið *finna smjörþefinn af einhverju* merkir skv. orðabók: kenna á einhverju, þola óþægilegar afleiðingar einhers. Orðtakið mun vera dregið af lykt af súru smjöri. Því þykir fara illa á að nota það t.d. um að fá sýnishorn af einhverju eða kynnast einhverju lítillega. Hins vegar: fá nasasjón af einhverju.
- snara** - Ef. ft. snara.
- snjór** - Snjór, um snjó, frá snjó, til snjós (eða snjóar). Einnig er til orðið *snær*.
- snuðra** - Sagnorð sem merkir: njósna, forvitnast.
- snurða** - *Það hljóp snurða á þráðinn* (ekki „snuðra“).
- snurðulaust** - Ekki „snuðrulaust“.
- snúa** - Snúa bókum saman. Merkir: sýna samstöðu.
- Snæbjörn** - Ef. Snæbjarnar eða Snæbjörns.
- Snæfellsnes** - Á Snæfellsnesi.
- snælda** - Ef. ft. snældna.
- snær** - Snær, um snæ, frá snæ (eða snævi, sbr. *snævi þakinn*), til snævar.
- Snær** - Snær, um Snæ, frá Snæ, til Snæs.
- Sofía** - (Í Búlgaríu.) Ef. Sofíu.
- Sog** - Hvorugkynsorð. Við Sogið.
- Sogn** - Ef. Sogns.
- Sognefjorden** - Sognsær.
- Sognsær** - Sognefjorden.
- sokkabuxur** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar sokkabuxur.
- sokkur** - *Tvennir sokkar*: tvö sokkapör (þ.e. fjórir sokkar).
- sorpbrennsla** - Ef. ft. sorpbrennslna.
- Sorø** - Sórey.
- Sóley** - Þf. og þgf. Sóleyju.
- Sómalía** - Sómali, ft. Sómalar; sómalískur.
- sónata** - Ef. ft. sónatna.

**Sórey** - Sorø.

**spariföt** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern spariföt.

**sparsemi** - Ef. sparsemi.

**spá** - Ef. spár. Ft. spár.

**Spánn** - Ef. Spánar. Spánverji; spænskur.

**spánska** - Fremur: spænska.

**spánskur** - Fremur: spænskur (nema í orðasambandinu *einhverjum kemur eitthvað spánskt fyrir sjónir*).

**speki** - Ef. speki.

**spellvirki** - 1) Karlkynsorð. 2) Fleirtöluorð í hvorugkyni. *Mikil spellvirki hafa verið unnin.*

**spilda** - Ef. ft. spildna.

**sporður** - Standa einhverjum á sporði. Merkir: vera jafnoki einhvers.

**sporna** - *Nefndin vildi sporna við þessum breytingum.*

**sprauta** - Ef. ft. sprautna.

**sprengja** - Ef. ft. sprengna.

**sprunga** - Ef. ft. sprungna.

**spyrja** - Bh. spyrðu, spyrjið.

**spyrjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**spýta** - Ef. ft. spýtna.

**spænska** - Síður: spánska.

**spænskur** - Síður: spánskur (nema í orðasambandinu *einhverjum kemur eitthvað spánskt fyrir sjónir*).

**Spölur** - Spölur, um Spöl, frá Speli, til Spalar.

**spöng** - Ft. spengur eða spangir.

**Srí Lanka** - Ef. Srí Lanka. Srí-Lankamaður; srílanskur.

**staða** - Ef. ft. staðna.

**Staðarbakki** - Á Staðarbakka.

**Staðarfell** - Á Staðarfelli.

**Staðarstaður** - Á Staðarstað.

**staðsettur** - Oft óþarft orð. „Bíllinn var staðsettur við pósthúsið“  
merkir: *Bíllinn var við pósthúsið.*

**Staður** - Á Stað.

**Stafangur** - Stafangur, um Stafangur, frá Stafangri, til Stafangurs.  
Stavanger.

**Stafholtstungur** - Ef. Stafholtstungna. Í Stafholtstungum.



**STAGL** - Endurtekningastíll eða stagl getur verið hvítleitt, ekki síst í töluðu máli. Dæmi: „á kirkjulofti Fríkirkjunnar“, „hann hefur smíðað bátslíkön af mörgum bátum“, „viðhorfsbreyting á viðhorfi“ og slíkt. Í þessum dæmum hefði t.d. farið betur á því að komast að orði eitthvað á þessa leið: *á loftinu í Fríkirkjunni, hann hefur smíðað líkön af mörgum bátum* o.s.frv.

**standa** - Standa í stykkinu (ekki „standa sig í stykkinu“).

Standa einhverjum að baki. Merkir: vera slakari en einhver.

Standa einhverjum á sporði. Merkir: vera jafnoki einhvers.

**STARFSHEITI** - Starfsheiti koma á eftir nöfnum. *Sigríður Sveinsdóttir prófessor* (fremur en „prófessor Sigríður Sveinsdóttir“); *Karl Sigurbjörnsson biskup* (fremur en „biskup Karl Sigurbjörnsson“) o.s.frv. Rétt er að taka fram að fyrir kemur að nöfn eru höfð sem viðurlög með starfsheitum og geta þá staðið aftan við starfsheitin. *Prófessor í Háskólanum, Sigríður Sveinsdóttir, segir að ...; biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, segir að ...* Hér eru nöfnin viðbót og setningarnar stæðust formlega án þeirra sbr.: *Prófessor í Háskólanum segir að ...; biskup Íslands segir að ...*

Hins vegar tíðkast fáeinir titlar (*herra, frú, doktor* o.fl.) og þá skyldi hafa á undan nöfnum: *Doktor Sigríður Sveinsdóttir prófessor; herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands* o.s.frv.

„**station**“-**bíll** - Tillaga um íslenskt orð: *skutbíll*.

**Stavanger** - Stafangur.

**stef** - Et. stef, um stef, frá stafi, til stefs. Ft. stef, um stef, frá stefjum, til stefja.

**stefnandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**stelpa** - Ef. ft. stelpna.

**steypireyður** - Et. steypireyður, um steypireyði, frá steypireyði, til steypireyðar. Ft. steypireyðar, um steypireyðar, frá steypireyðum, til steypireyða.

**stika** - Ef. ft. stikna.

**stífla** - Ef. ft. stíflna.

**stígandi** - Þetta og nokkur fleiri orð, sem enda á *-andi*, eru gjarna í kvenkyni frá fornu fari: *fögur hrynjandi, fögur kveðandi*,

- mikil stígandi*. Aðeins notað í eintölu. Haft eins í öllum föllum.
- stígur** - Ef. stígs.
- stígvél** - *Tvenn stígvél*: tvö stígvélapör (þ.e. fjögur stígvél).
- stjórnandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- stjórnmalasamtök** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern stjórnmalasamtök.
- stofa** - Ef. ft. stofa.
- stofnandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- Stokkhólmur** - Ef. Stokkhólms. Í Stokkhólmi.
- Stokkseyri** - Á Stokkseyri.
- Store Bælt** - Stórabelti.
- stór** - Eitthvað er of stór biti fyrir einhvern. Merkir: Eitthvað reynist einhverjum of erfitt.
- Stórabelti** - Store Bælt.
- stórfelldur** - *Stórfelldur ávinningur var að þessu*. (Hins vegar: *Hún er stórtæk við þetta*.)
- Stórhöfði** - Á Stórhöfða.
- Stórólshvoll** - Á Stórólshvoli.
- „**Stór-Reykjavíkursvæðið**“ - Fremur: höfuðborgarsvæðið.
- stórtækur** - *Hún er stórtæk við þetta*. (Hins vegar: *Stórfelldur ávinningur var að þessu*.)
- Strandhöfn** - Í Strandhöfn.
- Strandir** - Fleirtöluorð. Á Ströndum.
- Strassborg** - Ef. Strassborgar.
- strengur** - Þgf. et. streng. Ef. et. strengs.
- strönd** - Ft. strendur (nema sem sérnafn: Hornstrandir, Strandir).
- stundarfjórðungur** - Hátíðlegra orð en *korter*.
- stunga** - Ef. ft. stungna.
- stuttbuxur** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar stuttbuxur. Ef. stuttbuxna.
- „**stúdíó**“ - Fremur: hljóðstofa, hljóðver, myndver (fer eftir merkingu hvaða orð er valið).
- stúlka** - Ef. ft. stúlkna.
- stykki** - Standa í stykkinu (ekki „standa sig í stykkinu“).
- Stykkishólmur** - Í Stykkishólmi.
- styrkur** - Þgf. et. styrk. Ef. et. styrks. Ft. styrkir.
- Styrmir** - Styrmir, um Styrmir, frá Styrmir, til Styrmis.



**stytta** - Ef. ft. styttna.

**stærstur** - Ekki „stæðstur“.

**stöð** - Ef. et. stöðvar. Ft. stöðvar.

**stöðva** - *Bílstjórinn stöðvaði bílinn.* Ekki: „Bíllinn stöðvaði.“ Hins vegar: *Bíllinn nam staðar. Bíllinn stansaði.*

**Stöðvarfjörður** - Á Stöðvarfirði (péttbýli).

**stöng** - Ft. stengur eða stangir.

**Suður-Afríka** - Suður-Afríkumaður; suðurafrískur.

**Suðureyjar** - 1) Eyjabálkurinn sem liggur úti fyrir Klofningi og í mynni Hvammsfjarðar (stærst er Brokey). 2) The Hebrides.

**Suðureyri** - Á Suðureyri.

**Suðurland** - Á Suðurlandi.

**Suðurlönd** - Fleirtöluorð. Ekki fleirtala orðsins *Suðurland*. Spánn er ekki „Suðurland“ heldur *ríki í Suðurlöndum, suðrænt land, suðrænt ríki*. Sbr. *Norðurlönd*.

**Suðurmannaland** - Södermanland.

**Suðurnes** - Fleirtöluorð. Á Suðurnesjum.

**sumar** - Með greini: Et. sumarið, um sumarið, frá sumrinu, til sumarsins. Ft. sumurin eða sumrin, um sumurin eða sumrin, frá sumrunum, til sumranna. *Sumurin fyrr á öldinni voru hlý. Við töluðum um sumurin fyrr á öldinni. Sumrin eru minn eftirlætistími. Mér finnst gaman á sumrin.*

**Súdan** - Ef. Súdans. Súdani, ft. Súdanar; súdanskur.

**Súðavík** - Í Súðavík.

**súla** - Ef. ft. súlna.

**súpa** - Ef. ft. súpna.

**Súrínam** - Ef. Súrínams. Súrínami, ft. Súrínamar; súrínamskur.

**svala** - Ef. ft. svalna.

**Svalbard** - Svalbarði.

**Svalbarð** - Á Svalbarði.

**Svalbarði** - Svalbard.

**Svalbarðsströnd** - Á Svalbarðsströnd.

**svalir** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar svalir.

**Svanbjörn** - Ef. Svanbjarnar eða Svanbjörns.

**Svanborg** - Þf. og þgf. Svanborgu.

**Svanhvít** - Þf. og þgf. Svanhvíti.

**svara** - Um notkun í þolmynd, sjá *úthluta*.

Svara til einhvers. *Þetta svarar til þess að hver Íslendingur hafi farið þrisvar. Sbr. samsvara: Þetta samsvarar því.*

Síður: „svara í sömu mynt.“ Fremur: gjalda í sömu mynt.

**Svarfaðardalur** - Í Svarfaðardal.

**Svartfjallaland** - Montenegro.

**Svartiskógur** - Schwarzwald.

**Svasíland** - Svaslendingur; svaslenskur.

**sveifla** - Ef. ft. sveiflna.

**Sveinbjörn** - Ef. Sveinbjarnar eða Sveinbjörns.

**sveitarstjórn** - Ekki „sveitastjórn“. Sjá *samsett nafnorð*.

**Sverrir** - Sverrir, um Sverri, frá Sverri, til Sverris.

**svik** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern svik.

**Sviss** - Ef. Sviss. Svisslendingur; svissneskur.

**sviða** - *Mig sviður í sárið. En: Mér sveið (þ.e. sárnaði) hvað hann brást illa við bón minni.*

**Svíþjóð** - Svíi, ft. Svíar; sænskur.

**syfja** - *Hana syfjar.*

**sykur** - Þgf. sykri.

**sylla** - Ef. ft. syllna.

**synja** - Synja einhverju. *Hún synjaði erindi(nu).*

Synja einhverjum um eitthvað. Synja einhverjum einhvers.

**syrgjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**systir** - Systir, um systur, frá systur, til systur. Með greini: systirin, um systurina, frá systurinni, til systurinnar.

**systkin** - *Jón á Hóli á tvö systkin. Systkinin tvö leika sér oft saman.*

*Í Holti eru líka systkin. Systkinin á Hóli leika sér oft við systkinin í Holti. Systkinin tvenn leika sér oft saman.*

Einnig *systkini*.

**systkini** - Einnig *systkin*.

**Sýrland** - Sýrlendingur; sýrlenskur.

**sýsla** - Ef. ft. sýslna.

**Sæbjörn** - Ef. Sæbjarnar eða Sæbjörns.

**sækjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Sæmundur** - Ef. Sæmundar.

**sæng** - Ef. et. sængur. Ft. sængur.

**sær** - (Einnig *sjár* og *sjór*.) Sær, um sæ, frá sæ eða sævi, til sævar.



**sæta** - Sæta lagi. Sæta færi. Ath. að sögnin *sæta* með eignarfalli í orðasambandinu *sæta færir* er til orðið úr eldra *sæta færi* (þgf.). *Menn þurfa að sæta einhverju. Hverju sætir þetta?* (Líkleg ástæða er áhrif frá orðasambandinu *neyta færir*.)

**Sæviðarsund** - Bospórusund.

**Södermanland** - Suðurmanneland.

**söknuður** - Ef. saknaðar.

**söngur** - Ef. et. söngs. Ft. söngvar, um söngva, frá söngvum, til söngva.

**Tadsjikistan** - Ef. Tadsjikistans. Tadsjikí, ft. Tadsjikar; tadsjikskur.

**tafla** - Ef. ft. taflna.

**Taíland** - Taílendingur; taílenskur.

**Taívan** - Ef. Taívans. Taívani, ft. Taívanar; taívanskur.

**taka** - Taka djúpt í árinna (ekki „árina“).

Taka einhverjum opnum örmum.

Taka einhverjum tveim höndum.

Taka niðri (niður). *Togarinn tók niðri* (ekki „togarann“).

Taka traustataki. Orðasambandið merkir strangt til tekið:

Taka eitthvað án leyfis en í trausti þess að leyfi hefði fengist. (Gerður er greinarmunur á merkingu þessa orðasambands og *taka eitthvað ófrjálsri hendi*.)

„Taka yfir.“ Það er ekki talið vandað málfar að segja að einhver „taki yfir“ t.a.m. starfsemi, samning, rekstur. („Sveitarfélög tóku yfir rekstur grunnskóla.“ „Fyrirtækið tók yfir verslunina.“) Fremur: taka við, taka að sér, taka í sínar hendur o.fl. eftir atvikum. *Sveitarfélög tóku við rekstri grunnskóla. Sveitarfélög tóku að sér að reka grunnskóla. Sveitarfélög tóku rekstur grunnskóla í sínar hendur.*

Taka þátt í einhverju (fremur en einungis „taka þátt“).

**tala** - Nafnorð. Ef. ft. talna. (Sjá *tölur*.)

**tala** - Sagnorð. „Talandi um“ er talið endurómur frá ensku orðalagi.

Fremur: *Úr því að talið berst að, fyrst rætt er um* o.fl.

„talva“ - Fremur: tölva.

**Tamíli** - Ft. Tamílar; tamílskur.

**Tansanía** - Tansaníumaður, Tansani, ft. Tansanar; tansanískur.

**taxti** - Kauptaxti, ekki „-texti“. Hins vegar: söngtexti.

**Tálknafröður** - Á Tálknafröði (þéttbýli).

**tefla** - Tefla á tvær hættur.

Tefla á tæpasta vað.

**Teigarhorn** - Á Teigarhorni.

**Teitur** - Þgf. Teiti. Ef. Teits.

**tekjur** - Fleirtala. Ef. tekna.

**Telemark** - Þelamörk.

**telpa** - Ef. ft. telpna.

**Tem(p)sá** - Thames.

**tengdur** - Dálítið ber á því að sett sé þágufall í stað annarra falla í ýmsum orðasamböndum með orðinu *tengdur*. Þetta ætti að varast. Dæmi: „ætlar að áfrýja dómi sem hann hlaut fyrir fjármálamisferli tengdu gjaldþroti Barings-bankans“ í stað: *fyrir fjármálamisferli tengt gjaldþroti Barings-bankans*; „sem annast hefur ákveðin verkefni tengdum kynbótum á laxi“ í stað: *sem annast hefur ákveðin verkefni tengd kynbótum á laxi*; „taka tillit til sérstakra starfa tengdum aldri“ í stað t.d. *taka tillit til sérstakra starfa sem tengjast aldri*. (Ath. að „réttá“ beygingin í síðasta dæminu (þ.e. *sérstakra starfa tengdra aldri*) hljómar ekki vel þótt hún sé skárri en „sérstakra starfa tengdum aldri“.)

**texti** - Söngtexti. Texti frumvarpsins. Hins vegar: kauptaxti.

**Tékkland** - Tékki, ft. Tékkar; tékkneskur.

**Thames** - Tem(p)sá.

**tilefni** - Að (ekki „af“) gefnu tilefni.

Af (ekki „að“) einhverju tilefni.

**tilgáta** - Ef. ft. tilgátna.

**tillaga** - Ef. ft. tillagna.

**tillitssemi** - Ef. tillitssemi.

**TITILL** - Fáeinir titlar tíðkast í íslensku (*herra, frú, doktor* o.fl.) og þá skal hafa á undan nöfnum: *Doktor Sigríður Sveinsdóttir*; *herra Karl Sigurbjörnsson* o.s.frv.

Hins vegar koma *starfsheiti* á eftir nöfnum. *Sigríður Sveinsdóttir prófessor* (síður: „prófessor Sigríður Sveinsdóttir“); *Karl Sigurbjörnsson biskup* (síður: „biskup Karl Sigurbjörnsson“) o.s.frv. Rétt er að taka fram að fyrir kemur að nöfn eru höfð sem viðurlög með starfsheitum og geta þá staðið aftan við starfsheitin. *Prófessor í Háskólanum, Sigríður Sveinsdóttir, segir að ...; biskup Íslands, Karl*



*Sigurbjörnsson, segir að ...* Hér eru nöfnin viðbót og setningarnar stæðust formlega án þeirra: *Prófessor í Háskólanum segir að ...; biskup Íslands segir að ...*

**TÍÐASAMRÆMI** - *Hann segir að þeir sjái þetta. Hann hefur sagt að þeir sjái þetta* (nútið haldið í báðum tilvikum). *Hann sagði að þeir sæju þetta. Hann hafði sagt að þeir sæju þetta* (þátíð haldið í báðum tilvikum). Í þessum málsgreinum er samræmi í tíðum og fer yfirleitt betur á því en misræmi (t.d. „hann hafði sagt að þeir sjái þetta“).

**tíðindi** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern tíðindi.

**TÍÐIR SAGNA** - Sjá *tíðasamræmi*.

**tímamót** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern tímamót.

**tíræðisaldur** - Á tíræðisaldri: á milli 90 og 100 ára.

**Tjörn** - Á Tjörn.

**Tjörnes** - Á Tjörnesi.

**Tonga** - (Einnig *Vináttueyjar*.) Ef. Tonga. Tongverji; tongverskur.

**tófa** - Ef. ft. tófna.

**Tógó** - Ef. Tógós. Tógómaður eða Tógói (ft. Tógóar); tógóskur.

**tónleikar** - Fleirtöluorð. Einir, tvennir, þrennir, fernir tónleikar.

**traustatak** - Taka eitthvað traustataki. Orðasambandið merkir strangt til tekið: Taka eitthvað án leyfis en í trausti þess að leyfi hefði fengist. Gerður er greinarmunur á merkingu þessa orðasambands og *taka eitthvað ófrjálsri hendi*.

**tré** - Et. tré, um tré, frá tré, til trés. Með greini: tréð, um tréð, frá trénu, til trésins. Ft. tré, um tré, frá trjám, til trjáa. Með greini: trén, um trén, frá trjánum, til trjána.

**trilla** - Ef. ft. trillna.

**Trínidad og Tóbagó** - Trínidadi, ft. Trínidadar; trínidadískur.

**Trondheim** - Þrándheimur. Gamalt heiti er *Niðarós*.

**trumba** - Ef. ft. trumbna.

**trúarbrögð** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern trúarbrögð.

**trúfesti** - Ef. trúfesti.

**Tröllatunga** - Í Tröllatungu.

**Trøndelag** - Þrændalög, ft.

**Tsjad** - Ef. Tsjads. Tsjadi, ft. Tsjadar; tsjadneskur.

**Tsjetsjenía** - Tsjetsjeni, ft. Tsjetsjenar; tsjetsjenskur.

**tugur** - Ef. et. tugar. Ft. tugir.

**tunga** - Ef. ft. tungna.

**Tungufell** - Í Tungufelli (Hrun.).

**tuska** - Ef. ft. tuskna.

**Tún** - Í Túni.

**Túnis** - Túnisi, ft. Túnisar; túniskur.

**Túnsberg** - Tønsberg.

**Túrkménistan** - Ef. Túrkménistans. Túrkméni, ft. Túrkménar; túrkmenskur.

**Túvalú** - Ef. Túvalús. Túvalúi, ft. Túvalúar; túvalúskur.

**tveir** - Þgf. ft. tveim eða tveimur. (Ekki „tvemur“.) Sjá *tölur*.

**tvennir** - Tvennir, tvennar, tvenn. Töluorðin *einir, tvennir, þrennir, fernir* eru notuð til að telja ýmislegt sem ekki er hægt að telja með orðunum *einn, tveir, þrír* og *fjórir*, einkum orð sem aðeins eru til í fleirtölu: *buxur, skæri, verðlaun* o.s.frv. *Guðrún tók við þrennum verðlaunum fyrir hönd tvennra samtaka.*

**tvíburi** - *Ég þekki annan tvíburann. Ég þekki annan tvíburanna. Jón og Guðrún eru tvíburar og sömuleiðis Signý og Davíð. Jón, Guðrún, Signý og Davíð eru tvennir tvíburar.*

**TVÍNEFNI** - Sjá *nöfn*.

**tvítugsaldur** - Merkir skv. *Íslenskri orðabók*: aldur manns sem er kominn nálægt tvítugu (t.d. frá 16-18 ára aldri).

**tvöfeldni** - Ef. tvöfeldni.

**Tyrkland** - Tyrki, ft. Tyrkir; tyrkneskur.

**tækni** - Ef. tækni.

**tæpur** - *Tæpt ár.*

**töfrar** - Fleirtöluorð. *Miklir töfrar.*

**TÖLUORÐ** - Sjá *tölur*.

**TÖLUR** - Tölur geta haft áhrif á tölubeygingu annarra orða í setningum. Beygingin miðast að jafnaði við niðurlag töluorðsins, þ.e. síðustu tölu sem nefnd er. *Ein komma átta (1,8) milljónir eru í vanskilum. Átta komma ein (8,1) milljón er í vanskilum. Fjörutíu og sjö komma fimm (47,5) prósent styðja flokkinn. Fimmtán komma eitt (15,1) prósent styður flokkinn. Áttatíu og eitt (81) málverk er á sýningunni. Fjörutíu og einn (41) maður var yfirheyrður.*

**tölva** - Ef. ft. tölva. Ekki „talva“.

**töng** - Ft. tengur eða tangir.

**Tønsberg** - Túnsberg.



**ugga** - Ft. uggði. *Hana uggir að ekki sé allt með felldu. Hún uggir ekki að sér.*

**ullu** - Þátíð af sagnorðinu *vella*, ekki *valda*. (Ekki: „rotturarnar ullu vandanum“ heldur: *rotturarnar ollu vandanum*.)

**um** - Um að ræða. *Hér er um margar ólíkar gerðir að ræða.*  
(Varast ætti ofnotkun, sbr. þetta dæmi úr fréttum: „Ekki var um áflog að ræða heldur virðist hafa verið um fólkskulega og tilefnislausu árás að ræða og telur lögregla líklegt að um ránstilraun hafi verið að ræða.“)

**umbjóðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**umbúðir** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar umbúðir.

**umbætur** - Fleirtala. Þgf. umbótum. Ef. umbóta. *Miklar umbætur voru gerðar.*

**umfangsmikill** - *Reksturinn hjá Jónu hefur verið umfangsmikill undanfarin ár.* (Hins vegar: *Jóna hefur verið umsvifamikil undanfarin ár.* Þ.e.: *Hún hefur haft mikil umsvif undanfarin ár.*)

„**umferðarpungi**“ - Síður: „Það er mikill umferðarpungi á þessari götu.“ Fremur: *Það er mikil umferð um þessa götu.*

**umhugað** - *Honum er umhugað um þetta.*

**ummæli** - Fleirtöluorð. *Jákvæð ummæli.*

**umræða** - Ft. umræður. Ef. ft. umræðna.

**umskipti** - Fleirtöluorð. *Mikil umskipti.*

**umsvifamikill** - *Jóna hefur verið umsvifamikil undanfarin ár.* Þ.e.: *Jóna hefur haft mikil umsvif undanfarin ár.* (Hins vegar: *Reksturinn hjá Jónu hefur verið umfangsmikill undanfarin ár.*)

**umsækjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

„**umvörpum**“ - Fremur: unnvörpum.

**una** - Una, ég uni, ég undi, ég hef unað. *Hann unir við þetta enda er þetta viðunandi. Þau una glöð við sitt.* (Athuga að rugla ekki saman við *unna*.)

**unaður** - Ef. unaðar.

**undanþága** - Ef. ft. undanþágna.

**undirtök** - Fleirtöluorð.

Hafa undirtökin.

Ná undirtökunum.

**ungabarn** - Fremur: ungbarn.

**ungbarn** - Síður: ungabarn.

**Ungverjaland** - Ungverji; ungverskur.

**unna** - Unna, ann, unni, unnt eða unnað. *Hann ann sér aldrei hvíldar. Þau unna ljóðum. Ég get vel unnt þér þess.* (Athuga að rugla ekki saman við *una*.)

**unnandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**unnvörpum** - Ekki: „umvörpum“.

**upp** - Um hreyfingu: *Fara upp á heiði.* Hins vegar: *Vera uppi á heiði.*

Athuga ber að tala fremur um *norður* og *suður* í heiminum en „upp“/„uppi“ og „niður“/„niðri“. Sagt er *suður til Afríku, suður í Afríku, norður til Kanada, norður í Kanada* (ekki „niður til Afríku“, „niðri í Afríku“, „upp til Kanada“, „uppi í Kanada“).

**uppi** - Um dvöl á stað: *Vera uppi á heiði.* Hins vegar: *Fara upp á heiði.* Um *uppi* og *norður*, sjá *upp*.

**uppblástur** - Uppblástur, um uppblástur, frá uppblæstri, til uppblásturs.

**uppgröftur** - Þgf. uppgrefti. Ef. uppgraftar. (Síður: „uppgreftri, uppgraftrar“.)

**Uppland** - (Svíþjóð.) Upplönd.

**Upplönd** - 1) Oppland (Noregi). 2) Uppland (Svíþjóð).

**Uppsala** - Uppsalir, ft.

**Uppsalir** - Fleirtöluorð. Uppsala.

**uppskrift** - Uppskrift að einhverju.

**uppsteytur** - Karlkynsorð. *Þeir voru ekki með neinn uppsteyt.*

**upptaka** - Ef. ft. upptakna.

**upptækur** - Gera eitthvað upptækt. Merkingarmunur er á orðasamböndunum *leggja hald á* og *gera upptækt*. (Lögregla getur lagt hald á eitthvað en dómsúrskurður er forsenda þess að hægt sé að gera eitthvað upptækt.)

**upptök** - Fleirtöluorð. *Upptök árinna eru þarna.*

„**utari**“ - Fremur: ytri.

„**utastur**“ - Fremur: ystur.

**Úganda** - Ef. Úganda. Úgandamaður; úgandskur.

**Úkraína** - (Athuga: ekki „Úkranía“.) Ef. Úkraínu. Úkraínumaður eða Úkraíni (ft. Úkraínar); úkraínskur.



**úr** - Forsetning með ýmsum staðanöfnum. Úr Borgarnesi, úr Bolungarvík o.s.frv. Nefna má að víða tíðkast *úr* með sömu heitum og *í* (í Bolungarvík, úr Bolungarvík) þótt forsetningin *frá* sé þó einnig notuð. (Víða er slíkt samband milli *frá* og *á* (á Húsavík, frá Húsavík).)

**úrkostur** - Ft. úrkostir.

Eiga ekki annars úrkosti.

Ath. Ekki: „eiga einskis annars úrkosta“.

Eiga ekki annað úrkosta.

Ath. Ekki: „eiga einskis annars úrkosta“.

**úrslit** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern úrslit.

**Úrúgvæ** - Ef. Úrúgvæs. Úrúgvæi, ft. Úrúgvæjar; úrúgvæskur.

**Úsbekistan** - Ef. Úsbekistans. Úsbeki, ft. Úsbekar; úsbekskur.

**út** - Víðast hvar á Íslandi er *út* notað um stefnu út til strandar.

Á Suðurlandi allt austur í Fljótshverfi getur *út* merkt: vestur. (T.a.m. er Hrunamannahreppur oft nefndur *Ytri-hreppur* en Gnúpverjahreppur *Eystrihreppur*.)

Í Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu merkir *út*: norður. *Út á Sauðárkrók* (t.d. úr Varmahíð) o.s.frv. (Andstætt er *fram*.)

**útblástur** - Útblástur, um útblástur, frá útblæstri, til útblásturs.

**útgefandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**úthluta** - Sagnirnar *ansa*, *heita*, *hóta*, *játa*, *lofa*, *svara*, *úthluta* taka með sér tvo þágufallsliði í germynd: *úthluta stöðinni rásum*; *heita Sigríði stuðningi*, *hóta honum refsingu* o.s.frv. og báðir liðirnir eiga að halda þágufallinu í þolmynd: *Stöðinni var úthlutað rásum*; *Sigríði var heitið stuðningi*, *honum var hótað refsingu* o.s.frv. (Andlög í þolfalli fá hins vegar nefnifall í þolmynd. *Hún veitti Sigríði stuðning* (þf.) verður: *Sigríði var veittur stuðningur* (nf).)

Athuga að hægt er að tala um að *fá eitthvað úthlutað*: *fá rásir úthlutaðar*.

**útnorður** - Merkir: norðvestur.

**útnyrðingur** - Merkir: norðvestanátt.

**útséð** - *Það er útséð um þetta*. Merkir: þetta verður (gerist) ekki.

**útsuður** - Merkir: suðvestur.

**útsynningur** - Merkir: suðvestanátt.

**vað** - Hafa vaðið fyrir neðan sig.

Tefla á tæpasta vað.

**vaka** - *Hún vakir. Hún hefur vakað. Hvað vakir fyrir henni? Hvað hefur vakað fyrir henni?* (Ath. að rugla ekki saman við *vekja*: vekur, hefur vakið.)

**Valbjörn** - Ef. Valbjarnar eða Valbjörns.

**Valborg** - Þf. og þgf. Valborgu.

**valda** - *Hún olli þessu. Þau hafa valdið þessu. Óveðrið olli erfiðleikum. Rotturnar ollu vandanum. Óveðrið hafði valdið erfiðleikum. Rotturnar höfðu valdið vandanum.* (Ekki: „Rotturnar ullu vandanum“; „óveðrið hafði ollið erfiðleikum“; „rotturnar höfðu ollið vandanum“.)

**Valdimar** - Þgf. Valdimar.

**Valgarður** - Ef. Valgarðs.

**Vallanes** - Í Vallanesi.

**Valtýr** - Valtýr, um Valtý, frá Valtý, til Valtýs.

**Valur** - Þgf. Val.

**Valþjófsstaður** - Á Valþjófsstað.

**vandkvæði** - Fleirtöluorð. *Mikil vandkvæði.*

**vandræði** - Fleirtöluorð. *Í vandræðum.*

**Vänern** - Gamalt heiti er *Vænir*.

**vanta** - *Hana vantar vettlinga.*

**Vanúatú** - Ef. Vanúatús. Vanúatúi, ft. Vanúatúar; vanúatúskur.

**var** - *Hann varð ekki var við neitt. Hún varð ekki vör við neitt.*

**vara** - Nafnorð. Ef. ft. vara.

**vara** - Sagnorð. Vara við. Síður: „aðvara“.

**varða** - Nafnorð. Ef. ft. varðna.

**varða** - Sagnorð. *Hana varðar ekkert um þetta.*

**Värmland** - Vermaland.

**Varsjá** - Ef. Varsjár.

**Västmanland** - Vestmannaland.

**Vatnshorn** - Í Vatnshorni.

**Vatnsleysuströnd** - Á Vatnsleysuströnd.

**vá** - Kvenkynsorð. Ef. vár. *Mikil vá.*

**veðurspá** - Ef. veðurspár. Ft. veðurspár.

**vefengja** - Síður: „véfengja“.

**vefur** - Ef. vefjar (sbr. orðið *vefjarhöttur*) eða vefs.

**vegfarandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**veggur** - Ef. veggjar.



**vegur** - 1) Ef. vegar. Merking: leið o.s.frv. *Færa til betri vegar*. Þf. ft. nú *vegi* en fyrir *vega* (sbr. *alla vega*) eða *vegu* (sbr. *á marga vega*). 2) Ef. *vegs*. Merking: heiður. *Til vegs og virðingar*.

**veiði** - Ef. veiðar (sbr. *veiðarfæri*) eða veiði (*vegna mikillar veiði*).

**veiki** - Ef. veiki.

**veikindi** - Fleirtöluorð. *Í þrálátum veikindum*.

**veisla** - Ef. ft. veislna.

**veita** - Nafnorð. Ft. veitur. Ef. ft. veitna.

**veita** - Sagnorð. Stýrir ýmist þolfalli eða þágufalli, eftir merkingu. *Veita peninga* (þf.) *til einhvers verks*. *Veita vatni* (þgf.) *á akra*.

„Þolfallsmerkingunni“ samsvarar nafnorðið *veiting* (sbr. *fjárveiting*) en „þágufallsmerkingunni“ samsvarar nafnorðið *veita* (sbr. *vatnsveita*). Oft er þó sagt að „miklum fjármunum“ (þgf.) hafi verið veitt til einhvers verkefnis. Þá er e.t.v. um að ræða áhrif frá sagnorðinu *verja* (*miklum fjármunum hefur verið varið til einhvers verkefnis*) en aðrir líta á þetta sem myndmál þar sem líkingin sé sótt til áveitu.

**vekja** - *Hún vekur hann. Hún hefur vakið hann*. (Ath. að rugla ekki saman við *vaka*: vakir, hefur vakað.)

**Venesúela** - Ef. Venesúela. Venesúelamaður; venesúelskur.

**Venezia** - Feneyjar.

**vensl** - Fleirtöluorð. *Vegna vensla*.

**vera** - Nafnorð. Ef. ft. vera.

**vera** - Sagnorð.

Vera að gera eitthvað. Vísar til verknaðar sem stendur yfir eða dvalarmerkingar sem afmörkuð er í tíma. *Hún er að skrifa bréf. Þau eru að leika sér*. Samkvæmt málvenju eru nokkrar hömlur á notkun þessa orðasambands. Það er t.d. ekki notað til að vísa til þess sem er tímalaust, t.d. ekki með sögnum sem tákna eiginleika né ástand sem varir; ekki: „hún er að skrifa vel“ heldur: *hún skrifar vel*; ekki: „hún er að sofa“ heldur: *hún sefur*; ekki: „kennarinn er að sitja í stólnum“ heldur: *kennarinn situr í stólnum* o.s.frv. Það væri því í ósamræmi við þessa málvenju að segja „markmaðurinn er að verja vel

í þessum leik“, „fyrirtækið er að hagnast vel á þessu ári“  
o.s.frv. Fremur: *markmaðurinn ver vel í þessum leik, fyrirtækið hagnast vel á þessu ári* o.s.frv.

Vera eftir. *Verkið er eftir. Það er eftir að vinna verkið.* (En: *Þú átt verkið eftir. Þú átt eftir að vinna verkið.*)

Vera um að ræða. *Hér er um margar ólíkar gerðir að ræða.*  
(Varast ætti ofnotkun, sbr. þetta dæmi úr fréttum: „Ekki var um áflog að ræða heldur virðist hafa verið um fólkskulega og tilefnislausu árás að ræða og telur lögregla líklegt að um ránstíraun hafi verið að ræða.“)

**verð** - Gott verð, lágt verð. Síður: „góð verð, lág verð“.

**verðlaun** - Fleirtöluorð. Ein, tvenn, þrenn, fern verðlaun.

**verðmæti** - *Að verðmæti fjórar milljónir króna.* En: *Jafngildi fjögurra milljóna króna.*

**verja** - Ef. ft. verja.

**verjandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**verkja** - *Hana verkjar í höndina.*

**Vermaland** - Värmland.

**verpa** - Verpa, varp, urpum, orpið og verpa, verpti, verpt. *Við urpum öndinni léttara. Fuglinn verpur* eða: *fuglinn verpir. Fuglinn verpti. Fuglinn hefur verpt.* (Sumir segja: *Fuglinn er orpinn* en það mun ekki vera algeng málvenja.) *Nýorpin egg* (ekki „fersk“ egg).

**Versailles** - Versalir.

**Versalir** - Fleirtöluorð. Í Versölum. Versailles.

**versla** - Merkir: kaupa og selja. *Versla með vörur. Versla við einhvern.* Síður: „versla inn“, „versla vörur“, „versla sér vörur“. Hins vegar: *Kaupa inn, kaupa vörur, kaupa sér vörur.*

**vertíð** - Um keppnistímabil í íþróttum fremur: leiktíð.

**Vestfirðir** - Á Vestfjörðum.

**Vestmannaeyjar** - Í Vestmannaeyjum.

**Vestmannaland** - Västmanland.

**Vesturland** - Á Vesturlandi.

**Vesturlönd** - Fleirtöluorð. Á Vesturlöndum. Ekki fleirtala orðsins *Vesturland*. Bretland er ekki „Vesturland“ heldur *ríki á Vesturlöndum, vestrænt land, vestrænt ríki*. Sbr. *Norðurlönd*.



- (Vestur-)Samóa - Ef. (Vestur-)Samóa. (Vestur-)Samóamaður;  
(vestur)samóskur.
- vetfang** - Í einu vetfangi.
- vettlingur** - *Tvennir vettlingar*: tvö vettlingapör (þ.e. fjórir vettlingar).
- vetur** - Ef. et. vetrar. Ft. vetur. Á veturna (síður: „á vetrin“).
- vélsleði** - Vélsleði er vélknúinn sleði til að nota í snjó. Síður: „snjósleði“.
- Véný** - Þf. og þgf. Vénýju.
- vér** - Vér, um oss, frá oss, til vor.
- viðbrigði** - Fleirtöluorð. *Mikil viðbrigði*.
- Viðey** - Í Viðey.
- viðmælandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- viðræður** - Ef. viðræðna.
- viðsjárverður** - Ekki „viðsjárverður“.
- viðskipti** - *Mikil viðskipti*.
- viðtakandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- viðunandi** - Síður „ásættanlegur“.
- viðurlög** - Fleirtöluorð. *Pung viðurlög*.
- viðvörðun** - Myndað úr: *vara við*. Síður: „aðvörðun“.
- Viggó** - Ef. Viggós.
- Vignir** - Vignir, um Vigni, frá Vigni, til Vignis.
- Vigur** - Í Vigur.
- vika** - Ef. ft. vikna.
- vikur** - Karlkynsorð. Þgf. vikri (ekki „vikur“).
- Vilborg** - Þf. og þgf. Vilborgu.
- vilja** - *Ég vil. Hann vill. Hún vill*. Ekki: „Ég vill.“
- villa** - Ef. ft. villna.
- Villingaholt** - Í Villingaholti.
- villur** - Lýsingarorð. Merkir: villtur. *Þeir fara villir vegar. Hún fer vill vegar*. (Ekki: „Þeir fara villur vegar.“ „Hún fer villur vegar.“)
- Vilmundur** - Ef. Vilmundar.
- Vináttueyjar** - (Einnig *Tonga*.) Tongverji; tongverskur.
- vinnubrögð** - Fleirtöluorð. *Góð vinnubrögð*.
- vinnuveitandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.
- vinur** - Þgf. et. vin eða vini. Ef. et. vinar.
- Visla** - Kvenkynsorð (árheiti). Þý. Weichsel, póll. Wisla.

- vitni** - *Þetta er til vitnis um stöðuna. Sagan ber því vitni að höfundur er orðhagur.*  
Eins og raun ber vitni.
- „**vídeó**“ - Íslensk nýyrði eru: *myndband; myndbandstæki.*
- „**vídeóleiga**“ - Betra orð er: *myndbandaleiga.*
- „**vídeótæki**“ - Betra orð er: *myndbandstæki.*
- Víðir** - Víðir, um Víði, frá Víði, til Víðis.
- Víetnam** - Ef. Víetnams. Víetnami, ft. Víetnamar; víetnamskur.
- Víglundur** - Ef. Víglundar.
- vígstöðvar** - Fleirtöluorð. Einar, tvennar, þrennar, fernar vígstöðvar.
- Vík í Mýrdal** - Í Vík í Mýrdal.
- víking** - Kvenkynsorð. Fara í víking.
- víkja** - Þátíð: veik eða vék.
- Vín** - Ef. Vínar. Einnig *Vínarborg.*
- Vínarborg** - Ef. Vínarborgar. Einnig *Vín.*
- vísa** - Ef. ft. vísna.
- Vogar** - Í Vogum (á Vatnsleysuströnd).
- von** - Eiga von á einhverju. – Þetta orðasamband er nú yfirleitt notað í svipaðri merkingu og *búast við*, þ.e. úr tengslum við merkingu orðanna *von* og *vona*. *Ég á von á rigningarsumri.* Þetta getur verið neyðarlegt og jafnvel meiðandi, t.d. í setningum á borð við: *Hann á jafnvel von á að fleiri hafi farist í jarðskjálftanum.* Orðið *von* hefur skýra merkingu í málinu og þ.a.l. getur verið óheppilegt að nota orðasambandið *eiga von á einhverju* þegar um eitthvað slæmt er að ræða. Sbr. *vænta*.
- vonbrigði** - Fleirtöluorð. *Verða fyrir sárum vonbrigðum.*
- vonn** - (Myntheiti.) Won.
- Vopnafjörður** - Á Vopnafirði (þéttbýli).
- vottur** - *Þetta ber vott um vandvirkni. Þetta ber þess vott að hún er vandvirk.*
- Vænir** - Karlkynsorð í eintölu. Gamalt heiti um Vänern.
- vænta** - Sagnorðið *vænta* er sögulega skylt orðunum *von* og *vona*, sbr. einnig nafnorðið *vænting*. Fyrir vikið leiðist mörgum þegar sagnorðið *vænta* er notað um eitthvað slæmt (sem enginn „vonar“), t.d. *hún „væntir“ þess að ástandið eigi enn eftir að versna*. Sbr. *von* og *eiga von á einhverju*.



**Völundur** - Ef. Völundar.

**vörður** - Standa vörð um eitthvað. *Staðinn verður vörður um þetta fyrirkomulag.* (Ekki: „Staðið verður vörð um þetta fyrirkomulag.“)

**Weichsel** - Visla.

**Wisla** - Visla.

**Won** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *vonn*.

**yen** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *jen*.

**yfirhönd** - Hafa yfirhöndina.

Ná yfirhöndinni (svo).

**yfirráð** - Hvorugkynsorð í fleirtölu. Yfirráðaréttur.

**„yfirtaka“** - Það er ekki talið vandað málfar að segja að einhver „yfirtaki“ t.a.m. starfsemi, samning, rekstur. („Sveitarfélög yfirtóku rekstur grunnskóla.“ „Fyrirtækið yfirtók verslunina.“) Fremur: *taka við, taka að sér, taka í sínar hendur* o.fl. eftir atvikum. *Sveitarfélög tóku við rekstri grunnskóla. Sveitarfélög tóku að sér að reka grunnskóla. Sveitarfélög tóku rekstur grunnskóla í sínar hendur.*

**yfirvöld** - Fleirtala. *Bréf til yfirvalda.*

**York** - Jórvík.

**Ystafell** - Í Ystafelli.

**ystur** - Síður: „utastur“.

**ytri** - Síður: „utari“.

**Yuan** - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *júan*.

**ýkjur** - Fleirtala. Ef. ýkna.

**ýmis** - Ef. ft. ýmissa (síður: ýmsra) en ekki ef. ft. „ýmsa“. *Ég sakna ýmissa úr hópnunum.*

*Ýmis* er að uppruna fornafn og því er ekki talið æskilegt að segja „hinir ýmsu menn“ eða „hinir ýmsustu aðilar“ enda er orðið *ýmis* þá sett í stöðu lýsingarorðs. Fremur: *Ýmsir menn, alls konar fólk, mismunandi aðilar* o.s.frv.

**Ýr** - Þf. og þgf. Ýri. Ef. Ýrar.

**ýsa** - Ef. ft. ýsna.

**ýta** - Ef. ft. ýtna.

**Zaire** - (Einnig *Saír*.) Ef. Zaires. Saírmaður eða Zairemaður; saírneskur eða zaireskur.

**Zimbabwe** (Einnig *Simbabve*.) Simbabvi (ft. Simbabvar) eða Zimbabwemaður; simbabveskur eða zimbabweskur.

Zloty - (Myntheiti.) Ísl. mynd: *slot*.

þakka - Sögnin *þakka* getur tekið með sér tvo liði, annan í þágufalli og hinn í þolfalli: *Hún þakkar ríkisstjórninni efnahagsbatann. Hún þakkar miklum æfingum þennan árangur.* Eða: *Hún þakkar efnahagsbatann ríkisstjórninni. Hún þakkar þennan árangur miklum æfingum.* (Ekki: „Hún þakkar þessum árangri miklum æfingum“ o.s.frv.)

þátttakandi - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

þáttur - Þgf. et. þætti. Ef. et. þáttar. Ft. þættir.

Taka þátt í einhverju (síður einungis „taka þátt“).

Þelamörk - 1) Á Þelamörk (Eyjafirði). 2) Telemark.

Þessalóníka - Síður: Saloniki.

þér - Þér, um yður, frá yður, til yðar.

þiggjandi - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

Þingeyri - Á Þingeyri.

þinghelgi - Ef. þinghelgi.

Þingskálar - Á Þingskálum.

Þingvellir - Á Þingvöllum.

Þistilfjörður - Í Þistilfirði.

Þjóðhagsspá - Ef. þjóðhagsspár. Ft. þjóðhagsspár.

Þjónustutími - Einnig *afgreiðslutími*. Síður „opnunartími“.

Þjórsárdalur - Í Þjórsárdal.

þolandi - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

Þorbjörn - Ef. Þorbjarnar eða Þorbjörns.

Þorkell - Þgf. Þorkatli eða Þorkeli.

Þorlákshöfn - Í Þorlákshöfn.

Þormóður - Ef. Þormóðar eða Þormóðs.

Þorvaldur - Ef. Þorvaldar eða Þorvalds.

Þorvarður - Ef. Þorvarðar eða Þorvarðs.

þota - Ef. ft. þotna.

Þór - Þgf. Þór.

Þórarinn - Þgf. Þórarni.

Þórður - Ef. Þórðar.

Þórey - Þf. og þgf. Þóreyju.

Þórhallur - Ef. Þórhalls.

Þórir - Þórir, um Þóri, frá Þóri, til Þóris.

Þórmundur - Ef. Þórmundar.

Þórný - Þf. og þgf. Þórnýju.



**Þórshöfn** - Ef. Þórshafnar. 1) Á Þórshöfn á Langanesi. 2) Í Þórshöfn í Færeyjum.

**Þórsmörk** - Í Þórsmörk.

**þráast** - Þráast við. *Þau þráast enn við að hlíta úrskurðinum.*

**Þráinn** - Þráinn, um Þráin, frá Þráni, til Þráins.

**Þrándarholt** - Í Þrándarholti.

**Þrándheimur** - Trondheim. Gamalt heiti er *Niðarós*.

**Þrándur** - Ef. Þrándar.

**þrátt fyrir** - Fer oft illa á undan setningum: „Hann kom ekki þrátt fyrir að hún hefði beðið hann“ eða: „Hann kom ekki þrátt fyrir það að hún hefði beðið hann.“ Í staðinn færi betur á þótt eða enda þótt: *Hann kom ekki þótt hún hefði beðið hann. Hann kom ekki enda þótt hún hefði beðið hann.*

*Þrátt fyrir á fremur heima á undan nafnorðum (ásamt fylgiorðum): Hann kom ekki þrátt fyrir beiðni hennar. Þrátt fyrir góðan undirbúning komst liðið ekki í úrslit.*

**Þrengsli** - Fleirtöluorð. Í Þrengslum.

**þrennir** - Þrennir, þrennar, þrenn. Töluorðin *einir, tvennir, þrennir, fernir* eru notuð til að telja ýmislegt sem ekki er hægt að telja með orðunum *einn, tveir, þrír* og *fjórir*, einkum orð sem aðeins eru til í fleirtölu: *buxur, skæri, verðlaun* o.s.frv. *Guðrún tók við þrennum verðlaunum fyrir hönd tvennra samtaka.*

**þrír** - Þgf. ft. þrem eða þremur. Sjá *tölur*.

**þrítugsaldur** - Á þrítugsaldri: á milli 20 og 30 ára.

**þrjóskast** - Þrjóskast við. *Þau þrjóskast enn við að hlíta úrskurðinum.*

**þró** - Ef. et. þróar. Ft. þrær.

**þrúga** - Ft. þrúgur. Ef. ft. þrúgna.

**Þrændalög** - Fleirtöluorð. Trøndelag. *Íbúar Þrændalaga nefnast Þrændir eða Þrændur.*

**Þrændir** - Íbúar Þrændalaga. Þrændur.

**Þrændur** - Íbúar Þrændalaga. Þrændir.

**þröng** - Kvenkynsorð.

Þröng á þingi. Nú er þröng á þingi. (Ekki: „Nú er þröngt á þingi.“)

**Þröstur** - Þgf. Þresti. Ef. Þrastar.

**þula** - Ef. ft. þulna.

**þulur** - Et. þulur, um þul, frá þul, til þular. Ft. þulir, um þuli, frá þulum, til þula.

**þú** - Ekki er talið vandað málfar að nota orðið *þú* sem svokallað óákveðið fornafn (þ.e. að segja t.a.m. „þegar þú kaupir í matinn áttu margra kosta vól“) þegar átt er við fólk almennt en ekki verið að ávarpa tiltekinn viðmælanda.

**þúfa** - Ef. ft. þúfna.

**þúsund** - Stundum notað sem lýsingarorð (*eitt þúsund myndir voru sýndar, hann eyddi fimmtán þúsund krónum*) en stundum sem nafnorð og þá ýmist hvorugkynsorð (*eitt þúsund, mörg þúsund*) eða kvenkynsorð (þá yfirleitt einungis í ft.: *margar þúsundir, þúsundir manna*). *Eitt þúsund manns hefur flúið að heiman. Mörg þúsund manns hafa flúið að heiman. Margar þúsundir manna hafa flúið að heiman.*

**þverra** - Þverra, þvarr, þurru, þorrið. *Kraftarnir þurru. Kraftarnir hafa þorrið.*

**Þykkvabæjarklaustur** - Á Þykkvabæjarklaustri.

**Þykkvibær** - Í Þykkvabæ.

**Þyri** - Þyri, um Þyri, frá Þyri, til Þyri.

**þyrla** - Ef. ft. þyrlna.

**þyrsta** - *Hana þyrstir í hitanum.*

**þýðandi** - Í eintölu er *-and-* en í fleirtölu er *-end-*.

**Þýskaland** - Þjóðverji; þýskur.

„**þægindafáni**“ - Fremur: hentifáni.

**Æðey** - Í Æðey.

**æður** - Æður, um æði, frá æði, til æðar. Æðar, um æðar, frá æðum, til æða. Æðarfugl.

**Ægir** - Ægir, um Ægi, frá Ægi, til Ægis.

**ær** - Et. ær, um á, frá á, til ær. Með greini: ærin, um ána, frá ánni, til ærinnar. Ft. ær, um ær, frá ám, til áa. Með greini: ærnar, um ærnar, frá ánum, til áanna.

**ÆTTARNÖFN** - Sjá *nöfn*.

**ævi** - Ef. ævi.

**öfgar** - Kvenkynsorð í fleirtölu: öfgarnar. *Þetta gengur út í öfgar. Þau ræddu málið án öfga.*

**Ögmundur** - Ef. Ögmundar.

**Ögur** - Í Ögri.

**Öland** - Eyland.



öld - Ef. ft. alda.

Ölduhryggur - Á Ölduhrygg.

öldur - Sjá *alda*.

Ölfus - Í Ölfusi.

Ölver - Karlmannsnafn. Þgf. Ölver eða Ölveri.

Ölvir - Ölvir, um Ölvi, frá Ölvi, til Ölvis.

Önundarfjörður - Í Önundarfirði.

Önundur - Ef. Önundar.

Øresund - Eyrarsund.

Örfirisey - Í Örfirisey.

Örlygur - Þgf. Örlygi. Ef. Örlygs.

Örn - Þgf. Erni. Ef. Arnar.

öræfi - Fleirtöluorð í hvorugkyni. *Öræfin heilla*.

Öræfi - Í Öræfum.

Össur - Þgf. Össuri. Ef. Össurar.

Østfold - Austfold.

Öxnadalur - Í Öxnadal.




Ari Páll Kristinsson

Handbók um málfar í talmiðlum er einkum rituð með starfsmenn ljósvakamiðla í huga en getur líka nýst starfsmönnum annarra fjölmiðla, sem og hverjum þeim sem vill glöggva sig á góðri málnotkun.

Bókin skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er fjallað almennt um málnotkun í talmiðlum í fjórtán köflum auk tveggja ritskráa. Í síðari hlutanum eru leiðbeiningar um vandað málfar í aðgengilegri skrá með um 2.500 stafrófsröðuðum flettiorðum.

Höfundur er málfræðingur og hefur starfað við málfarsráðgjöf um árabíl, m.a. sem málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins um nokkurra ára skeið. Hann er nú forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar.

ISBN 9979-853-42-5



9 789979 853428